**HRAFNHILDUR TRYGGVADÓTTIR**

*Býður gjarnan í heimabakað kaffibrauð*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**GERÐUR KRISTNÝ**

*Fékk Kolbrúnu Bergþórs til að tárast*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**INGÓLFUR STEINSSON**

*Litlir kassar verða tómir kassar*

Þokkabót endurgerir sitt vinsælasta lag

FÓLK 34




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. nóvember 2008 — 305. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Slá ekki slöku við



Lúdó sextett fagnar hálfrar aldar ferli með dansleikjum á Kringlukránni um helgina.

TÍMAMÓT 24

### Bond í hefndarhug



Quantum of Solace fær góða umsögn hjá gagnrýnenda Fréttablaðsins.

KVIKMYNDIR 36

### Heimur barna

Foreldrar vita oft ekki hvað er að gerast hjá börnum þeirra, segir Hlín Böðvarsdóttir.

UMRÆÐA 22

### KR vann toppslaginn



KR er nú eina taplausa liðið í Iceland Express-deild karla.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTUSAMT** Í dag verður víðast fremur hæg suðaustan eða austan átt. Rigning víða um land en þó úrkomulítið á Norðausturlandi. Hiti 5-10 stig.

VEÐUR 4

# Neyðaraðstoð í pattstöðu

**Orð Geirs H. Haarde forsætisráðherra stangast á við fullyrðingar sænska seðlabankans um afgreiðslu á neyðaraðstoð frá IMF. Geir er fullviss um að lán fáist. Hagfræðingar segja höfnun frá IMF óhugsandi.**

**EFNAHAGSMÁL** Pattstaða virðist vera komin upp í afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) á neyðaraðstoð til Íslands. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir sjóðinn bíða eftir því að vilyrði fyrir láni frá Norðurlöndunum fáist. Yfirmaður hjá sænska seðlabankanum segir hins vegar að niðurstöðu stjórnar IMF sé beðið og fyrr verði ekkert ákveðið um samnorræna aðstoð. Afgreiðslu stjórnar IMF um lánsumsókn hefur verið frestað í tvígang.

„Ástæða frestunar sjóðsins er sú að það er ekki búið að ljúka þeirri viðbótarfjármögnun sem við þurfum að klára. Þá erum við fyrst og fremst að tala um fjármögnun frá Norðurlöndunum, sem getur annaðhvort verið í formi lána eða gjaldeyrisskiptasamninga," segir Geir.

Mathias Persson, yfirmaður hjá sænska seðlabankanum, sagði í viðtali við fréttaveituna Dow Jones, að þar á bæ biðu menn afgreiðslu stjórnar IMF. Samþykki stjórnin umsókn Íslendinga muni sænski seðlabankinn „kynna sér smáatriðin" áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

Forsætisráðherra óttast það ekki að sjóðurinn hafni beiðni Íslands. „Ég treysti því að lánið fáist og framkvæmdastjóri sjóðsins, Dominique Strauss-Kahn, sagði mér það í símtali í vikunni að hann sæi engan meinbug á þessu máli. Þá trúir maður því þangað til að annað kemur í ljós."

> Þá er ljóst að við stöndum frammi fyrir meiri lífskjaraskerðingu en okkur hefur órað fyrir.
>
> ÓLAFUR DARRI ANDRASON
> HAGFRÆÐINGUR ASÍ

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir lánið frá IMF lykilinn að öllu öðru í viðreisn efnahagslífsins og fáist það ekki verður sú djúpa niðursveifla sem þjóðin horfir fram á, enn dýpri. „Þá erum við ekki að tala um eitt prósent til eða frá í hagvexti, kaupmætti, verðbólgu eða atvinnuleysi heldur margfalt stærri tölur. Þá er ljóst að við stöndum frammi fyrir meiri lífskjaraskerðingu en okkur hefur órað fyrir."

„Það yrði svo skelfileg tilhugsun að ég vildi helst ekki hugsa það dæmi til enda," segir Þórarinn G. Pétursson, staðgengill aðalhagfræðings Seðlabankans, um efnahagshorfur, fari svo að ekki komi aðstoð frá IMF.

- shá, kóp, ikh / sjá síðu 4 og Markaðinn



**Í FJÖRUFERÐ** Þessir krakkar úr Mýrarhúsaskóla fengu frí frá bókunum og fóru í fjöruferð með kennurum sínum í gær. Krakkarnir fengu sér sæti á gangstéttinni og hlustuðu á kennarana leggja þeim lífsreglurnar um hvernig beri að umgangast fjöruna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Elín Sigfúsdóttir bankastjóri:

## Með 1.950 þúsund á mánuði

**VIÐSKIPTI** Elín Sigfúsdóttir var ráðin bankastjóri Nýja Landsbankans með 1.950 þúsund krónur í mánaðarlaun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Elín er þar með launahæsti bankastjórinn í ríkisbönkunum þremur.



ELÍN SIGFÚSDÓTTIR

Fram hefur komið að Birna Einarsdóttir, bankastjóri Nýja Glitnis, og Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, eru með 1.750 þúsund krónur á mánuði. Finnur var með 1.950 þúsund krónur í mánaðarlaun þegar hann var ráðinn í starfið en lækkaði þau til jafns við Birnu skömmu síðar.

Elín hefur ekki svarað skilaboðum Fréttablaðsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld að bæði Birna og Elín aka um á bifreiðum sem skráðar eru á bankana.

- kh

Stjórnmálaflokkarnir skipta á milli sín sætum í nýjum bankaráðum ríkisbankanna:

# Bankaráðin flokkspólitísk á ný

**STJÓRNMÁL** Bankaráð ríkisbankanna þriggja, Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, verða skipuð fulltrúum stjórnmálaflokkanna á Alþingi.

Fimm munu sitja í hverju bankaráði um sig. Stjórnarflokkarnir tilnefna þrjá fulltrúa í hvert þeirra en stjórnarandstöðuflokkarnir tilnefna tvo.

Sjálfstæðisflokkurinn fær fimm bankaráðssæti en Samfylking fjögur. Þá fær Sjálfstæðisflokkurinn formennsku í tveimur bankaráðanna en Samfylkingin í einu.

Fjármálaráðherra fer með eignarhald ríkisins í bönkunum og skipar bankaráðsmenn að fengnum tilnefningum frá stjórnmálaflokkunum. Formlegra skipana bankaráðanna er að vænta í dag.

Fjármálaráðherra sagði á Alþingi í gær að fagleg sjónarmið yrðu höfð til viðmiðunar við val á fólki í bankaráðin. Það þrengdi þó kost að fólk með þekkingu á bankamálum hefði margt hvert starfað hjá gömlu bönkunum eða komið að starfsemi þeirra að einhverju leyti.

Hlutlaus og sjálfstæð dómgreind og sjálfstæði stjórnarmanna er megininntakið í leiðbeiningum um stjórnarhætti í opinberum fyrirtækjum sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin leggja nú lokahönd á. Byggjast þær á leiðbeiningum OECD sama efnis. Áhersla er lögð á að stjórnarmenn séu ábyrgir gjörða sinna og fjölbreytileiki þeirra, hvað varðar menntun og reynslu, sagður æskilegur. Þá beri að varast að of margir stjórnarmenn komi úr stjórnsýslunni.

- bþs










**SPURNING DAGSINS**



*Þröstur Leó, munt þú leita á náðir Regnbogabarna?*

„Það liggur beint við þegar eineltið er orðið svona opinbert. Þeir mega búast við að ég fari með málið fyrir dómstóla.“

Þröstur Leó Gunnarsson er tilnefndur til Eddu-verðlauna fyrir leik sinn í Brúðgumanum. Í sama flokki eru tilnefndir samleikarar Þrastar, Jóhann Sigurðarson og Ólafur Darri Ólafsson, sem segjast báðir telja að Þröstur eigi verðlaunin ekki skilið. Samtökin Regnbogabörn berjast gegn einelti.

Kjósendur í Kaliforníu samþykktu bann við hjónaböndum samkynhneigðra:

# Vonbrigði samkynhneigðra

**BANDARÍKIN, AP** Samkynhneigðir íbúar í Kaliforníu urðu fyrir miklum vonbrigðum þegar ljóst var að bann við hjónabandi samkynhneigðra hafði verið samþykkt í kosningunum á þriðjudag.

Meira en 18 þúsund samkynhneigð pör hafa gengið í hjónaband í Kaliforníu síðan hæstiréttur ríkisins kvað í maí upp þann úrskurð að ekkert væri því til fyrirstöðu að samkynhneigðir séu gefnir saman.

Nokkur óvissa virtist ríkja um stöðu þessara hjónabanda eftir að bannið var samþykkt. Fullvíst þykir að stjórnarskrárbreytingin verði kærð til hæstaréttar Bandaríkjanna í Washington.




**MÓTMÆLI Í HOLLYWOOD** Meira en þúsund manns fóru út á götur til að mótmæla niðurstöðu kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meira en þúsund manns fóru út á götur í Los Angeles og Hollywood til að mótmæla banninu, og hundruð manna söfnuðust saman á tröppum ráðhússins í San Fransisco.

Á þriðjudaginn, þegar Bandaríkjamenn kusu sér forseta og þing, var í mörgum ríkjum Bandaríkjanna að venju einnig kosið um ýmis málefni, sem borin voru sérstaklega undir dóm kjósenda.

Í Kaliforníu var tillaga samþykkt um að breyta stjórnarskrá ríkisins þannig að hjónaband væri sérstaklega skilgreint sem samband karls og konu. Til þess að ná samþykki þurfti tillagan að fá 60 prósent atkvæða. Þegar 99 prósent atkvæða höfðu verið talin var ljóst að 62 prósent hefðu samþykkt tillöguna. - gb

Davíðsseðillinn:

## Lögregla bíður eftir upptöku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan bíður nú eftir að fá í hendur upptöku úr versluninni þar sem Davíðsseðillinn svokallaði var notaður í viðskiptum fyrr í vikunni. Þegar upptakan liggur fyrir verður látið til skarar skríða við að góma þann sem verslaði fyrir tíu þúsund króna seðil, en seðillinn var útskriftarverkefni nema við Listaháskóla Íslands á Kjarvalsstöðum síðastliðið vor.

Sá sem greiddi með seðlinum í versluninni keypti vörur fyrir þrjú þúsund krónur og fékk sjö þúsund til baka. Hann á yfir höfði sér ákæru fyrir fjársvik. - jss

Karlmaður á þrítugsaldri:

## Eins árs fangelsi fyrir manndráp af gáleysi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur í Hæstarétti verið dæmdur í eins árs fangelsi fyrir manndráp og líkamsmeiðingar af gáleysi.

Maðurinn ók á röngum vegarhelmingi á Suðurlandsvegi við Sandskeið, þar sem hann var að fara fram úr vörubíl við slæmar aðstæður. Lenti hann í árekstri við bifreið sem kom á móti með þeim afleiðingum að tveir biðu bana, farþegi í bíl þess dæmda og fimm ára stúlka í hinum bílnum. Bróðir stúlkunnar slasaðist alvarlega og er lamaður fyrir neðan mitti.

Sá dæmdi hafði í níu skipti eftir slysið verið staðinn að hraðakstri. Hann var einnig sviptur ökurétti. - jss

Safnahelgi á Suðurlandi:

## Menning og matarhefðir

**SKEMMTUN Sunnanmenn taka vel á móti gestum úr öllum landsfjórðungum um helgina þegar Safnahelgi á Suðurlandi fer af stað í fyrsta sinn.**

**„Sunnlenskt safna-, lista- og veitingafólk hefur opnað sinn víða faðm, en sunnlensk gestrisni er víðfræg fyrir,“ segir Gísli Sverrir Árnason, verkefnisstjóri hátíðarinnar. Hann segir flest söfn bjóða ókeypis aðgang um helgina og veitingahús verði með hagstæð tilboð á sínum matseðlum.**

**„Dagskráin er fjölbreytt og af nógu að taka fyrir alla fjölskylduna. Það er engin leið að gera upp á milli því svo margt heillandi býðst gestum.“**

**- þlg / sjá Allt**

# Keyptu lúxusjeppa fyrir 32 milljarða

**Íslendingar keyptu hátt í átta hundruð lúxusjeppa í fyrra eða fyrir rúmlega þrjátíu og tvo milljarða. Einsdæmi í heiminum. Land Cruiser vinsælastur. Flestar bifreiðanna eiga eftir að daga uppi í landinu með tilheyrandi mengun.**

**NEYTENDAMÁL** Árið 2007 varð sprengja í sölu á lúxusjeppum. Það ár komu 775 nýir lúxusjeppar uppúr kassanum. Sé meðalverðmæti þeirra áætlað í kringum níu og hálfa milljón króna eyddi þjóðin sjö milljörðum íslenskra króna í lúxusjeppa á einu ári.

Sem dæmi um þessa gríðarlegu aukningu má nefna að árið 2006 seldust 47 Audi Q7 jeppar en ári seinna voru 88 nýir Q7-jeppar seldir. Sama á við um X5-jeppann frá BMW. Aðeins 50 slíkir jeppar seldust 2006 en 94 árið 2007.

Langstærsti hluti þessara nýju lúxus-jeppa í fyrra var hins vegar nýi Land Cruiserinn. Æðið fyrir 200 gerðinni var nánast lyginni líkast. Og vakti í raun þjóðarathygli. Enda var upplýst að 170 höfðu keypt jeppann áður en hann kom til landsins. Í lok árs 2007 og í byrjun ársins 2008 seldust síðan 208 stykki af Land Cruiser.

### Eins og Kúba

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, er gáttaður á þeim upphæðum sem landsmenn hafa eytt í lúxusjeppa. Hann telur þó að ekki sé hægt að flokka hinn venjulega Land Cruiser sem lúxusjeppa. Til þess uppfylli hann ekki skilyrði. Hann segir hins vegar að þessi fjöldi lúxusjeppa sé í hæsta máta óeðlilegur fyrir jafnlítið land og Ísland er. „Á þessu tímabili hefur verið gríðarleg sala á bílum og lúxusbílum. Özur bætir því við að hann telji Íslendinga hafa hagað sér eins og margmilljóna þjóð í bílakaupum. Fjöldi lúxusjeppa sé í engu samræmi við fjölda Íslendinga.

**LÚXUSBÍLAEIGN ÍSLENDINGA**




HEIMILD: UMFERÐASTOFA

Özur lýsir jafnframt yfir miklum áhyggjum af þeim sem fjárfestu í dýrum bílum með erlendum lánum. Þeir sitji nú uppi með jeppana því bílamarkaðurinn sé frosinn. Einu úrræðin séu því að flytja bílana úr landi. „En sá gluggi er að lokast. Stjórnvöld hafa ekki unnið nógu hratt í þeim málum.“ Özur telur reyndar góðan markað fyrir notaðar lúxuskerrur erlendis. Þetta séu ekki það margar bifreiðar og lágt gengi krónunnar þýði gott verð utan landsteinana. Hann er þó ekkert alltof bjartsýnn. Er hræddur um að Ísland sitji uppi með stóra og mikla bíla. Og að bílamenningin gæti því eftir nokkur ár minnt eilítið á Kúbu. Þar sem gamlar og virðulegar lúxuskerrur eru eitt aðaleinkenni landsins freyrgigja@frettabladid.is

Kína-Taívan:

## Tímamótaheimsókn frá Peking

**TAÍVAN, AP Chen Yunlin, háttsettur erindreki kínverska kommúnistastjórnarinnar í Peking, lýkur í dag, föstudag, fimm daga opinberri heimsókn til Taívan. Hann er hæst setti fulltrúi kínverskra stjórnvalda sem sækir Taívan heim og þykir það teikn um þíðu í samskiptunum yfir Taívansund. Heimsóknin náði hámarki í gær með fundi þeirra Yunlin og Ma Ying-jeou Taívanforseta.**

**Slík heimsókn hefði verið óhugsandi fyrir ári, er hinn sjálfstæðissinnaði Chen Shuibian var enn forseti Taívan. Kjör Ma fyrir hálfu ári hefur orðið til að bæta samskiptin til muna, enda hefur hann sett þau á oddinn og sækist ekki eftir fullu sjálfstæði. - aa**

Vinnumálastofnun:

## Ferlum breytt vegna annríkis

**SAMFÉLAGSMÁL** Vegna mikils annríkis hjá Vinnumálastofnun þessa dagana er boðið upp á að fólk sæki um atvinnuleysisbætur á netinu en það þarf svo að mæta á skrifstofur stofnunarinnar innan tveggja vikna með alla tilskylda pappíra og gera grein fyrir sér.

Þessi breyting var gerð um helgina og síðan þá hafa um 700 manns sótt um með þessum hætti og um 200 skilað inn umsókn í eigin persónu að sögn Gunnars Richardssonar, forstöðumanns hjá Vinnumálastofnun. Eins hefur verið fallið frá einstaklingsviðtölum með umsækjendum, þar sem gerður er við þá starfsleitarsamningur, en hópfundir komnir í þeirra stað. Í gær voru 4.690 skráðir atvinnulausir. - jse






Bæði Valtýr og Bogi hafa sagt sig frá kortlagningu á rannsókn fjármálafyrirtækja:

# Erlendir sérfræðingar nauðsynlegir

**EFNAHAGSMÁL** Dómsmálaráðherra ætlar leggja fram frumvarp um sérstakan saksóknara sem annast mun kortlagningu á rannsókn á stöðu og starfsemi íslenskra peninga- og fjármálastofnana. Þessu greindi hann frá í gær eftir að Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari hafði tilkynnt að hann hugðist ekki vinna lengur að málinu. Þegar hafði Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, sem einnig átti að koma að rannsókninni sagt sig frá málinu.



VALTÝR SIGURÐSSON



BOGI NILSSON



BJÖRN BJARNASON

Báðir eiga þeir syni sem eru framámenn í þeim fyrirtækjum sem rannsaka á vegna efnahagshrunsins. Bogi hafði greint frá því að hann teldi sig ekki njóta nægilegs trausts til að gegna embættinu og sagði sig því frá því.

Valtýr segir í bréfi sínu að kalla þurfi til erlenda sérfræðinga til að ljúka málinu, auk þess sem koma þurfi á laggirnar sérstöku saksóknaraembætti. Þetta embætti þurfi að taka sem fyrst til starfa. Þá sé vert að huga strax að fjárveitingu svo það verði vel í stakk búið til að sinna hlutverki sínu.

Björn segir frumvarp um embættið í smíðum. „Ég tel að þessi vinna Boga Nilssonar og Valtýs hafi auðveldað okkur að takast á við framhaldið,“ sagði Björn í gær. Þá áréttaði hann að hvorki Valtý né Boga hafi verið ætlað að rannsaka einstök mál. „Það er ekki verkefni ríkissaksóknara heldur Fjármálaeftirlits og lögreglu og þangað eiga menn að snúa sér með kærur,“ sagði Björn. - kdk

Allt að
**30%**
afsláttur

B&L kynnir:

# Sýningarbílar
## á góðum kjörum



## Bílar í boði

*1 bíll af hverri gerð í boði

| | | | |
|---|---|---|---|
| BMW 116i* | 30% afsláttur | Hyundai SANTA FE II* | 25% afsláttur |
| BMW 318i* | 25% afsláttur | Hyundai Tucson* | 25% afsláttur |
| BMW 530XI* | 25% afsláttur | Land Rover Freelander* | 30% afsláttur |
| BMW X5* | 20% afsláttur | Renault Clio* | 30% afsláttur |
| Hyundai i30* | 30% afsláttur | Renault Megane II* | 25% afsláttur |

Erum með opið 10-18 alla virka daga og frá 10-16 á laugardögum. Vertu fyrstur að krækja þér í einn af þessum fínu bílum sem í boði eru. Hafðu samband við sölufulltrúa okkar í síma 575-1200 og við gerum þér freystandi tilboð.

B&L | Með bílinn handa þér

Grjóthá ls 1 | 110 Reykjavík | S 575 1200 | www.bl.is | bl@bl.is

## GENGIÐ 06.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,41 | 129,03 |
| Sterlingspund | 204,65 | 205,65 |
| Evra | 165,54 | 166,46 |
| Dönsk króna | 22,237 | 22,367 |
| Norsk króna | 18,947 | 19,059 |
| Sænsk króna | 16,462 | 16,558 |
| Japanskt jen | 1,3143 | 1,3219 |
| SDR | 191,62 | 192,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,8941

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

VG leggur fram frumvarp um afnám eftirlaunalaganna og lækkun launa:

# Laun forseta lækki um 275 þúsund

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs hefur lagt fram frumvarp sem kveður á um afnám laga um eftirlaun forseta, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að laun þessara stétta verði tuttugu prósentum lægri til ársloka 2009.

„Þolinmæðin er á þrotum,“ segir VG en flokkurinn hefur lengi kallað eftir breytingum á eftirlaunalögunum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að hér eftir greiði áðurnefndir hópar iðgjöld í A deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, eftir þeim reglum sem um sjóðinn gilda.



**FORYSTA VG** Steingrímur, Katrín og Ögmundur.

VG leggur til að laun forseta, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara umfram 450 þúsund krónur á mánuði lækki um tuttugu prósent og að sú ákvörðun standi til loka árs 2009. Segir í athugasemd að þetta sé lagt fram til að tryggja að viðkomandi aðilar deili, að minnsta kosti að þessu marki, kjörum með þjóðinni á erfiðum tímum. Verði frumvarpið að lögum myndu laun forseta lækka um 275 þúsund krónur á mánuði og nema rúmlega einni og hálfri milljón. Laun forsætisráðherra myndu lækka um 128 þúsund og verða 960 þúsund, laun annarra ráðherra lækka um 108 þúsund og verða 880 þúsund og þingfararkaup myndi lækka um 22 þúsund krónur og verða 540 þúsund krónur á mánuði. **- bþs**

Nauðgunarmálið:

## Öllum mönnunum sleppt

**LÖGREGLUMÁL Fjórum mönnum sem úrskurðaðir höfðu verið í gæsluvarðhald vegna nauðgunarmáls fyrr í vikunni, hefur verið sleppt. Ekki þótti ástæða til að halda þeim lengur inni eftir yfirheyrslur. Rannsókn málsins verður haldið áfram.**

**Sautján ára stúlka hafði kært nauðgun til lögreglu snemma morguns fyrr í vikunni. Hún lýsti atburðarás og gaf upp númer á bíl. Skömmu síðar fann lögregla bílinn. Þrír menn voru handteknir og sá fjórði skömmu síðar. Þeir hafa borið að samræði hafi átt sér stað, en með vilja stúlkunnar. - jss**

Guðni Ágústsson:

## Ríkið kaupi og selji fjölmiðla Jóns Ásgeirs

**ALÞINGI Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, sagðist á Alþingi í gær reiðubúinn að flytja þingmál þess efnis að ríkið kaupi þá fjölmiðla sem nú eru í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og selji aftur.**

**Guðni lýsti skömm sinni á nýlegum viðskiptum með fjölmiðlana fyrir milligöngu ríkisbankans Landsbankans og sagði að ef bankaráðið, sem starfar tímabundið, hefði komið að gjörningnum væri hann á ábyrgð ríkisstjórnarinnar.**

**Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra kvaðst vita það eitt að bankinn hefði ekki lánað peninga til viðskiptanna. - bþs**

Björk Guðmundsdóttir:

## Vill nýta fjármálakreppuna

**UMHVERFISMÁL** „Við ættum frekar að laga okkur að 21. öldinni en þeirri nítjándu. Ísland getur byggt færri, smærri og grænni virkjanir. Við ættum að nota fjármálakreppuna til að verða algjörlega sjálfbær,“ sagði Björk Guðmundsdóttir í ræðu sinni á blaðamannafundi CoolPlanet 2009 í húsakynnum Sameinuðu þjóðanna í Brussel í gær.



**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR**

Blaðamannafundurinn var haldinn í tilefni ráðstefnu umhverfissamtakanna Road to Copenhagen. Björk var kynnt á sviðið sem fyrsti almenni borgarinn sem gengur til liðs við samtökin. **- kg**

# Beðið eftir vilyrði frá Norðurlöndunum

**Forsætisráðherra segir stjórn IMF bíða eftir vilyrði Norðurlandanna fyrir láni. Fyrr verði neyðaraðstoð ekki samþykkt. Sænski seðlabankinn segir ákvörðun um norrænt lán ekki verða tekna fyrr en niðurstaða stjórnar IMF liggur fyrir.**

**EFNAHAGSMÁL** Pattstaða virðist komin upp við afgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) á umsókn Íslands um neyðaraðstoð. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir sjóðinn bíða eftir því að vilyrði fyrir láni frá Norðurlöndunum liggi fyrir. Fulltrúi sænska seðlabankans segir bankann hins vegar bíða afgreiðslu IMF, fyrr verði ekkert ákveðið um lán til Íslands. Afgreiðslu stjórnar IMF hefur verið frestað í tvígang.

„Ástæða frestunar sjóðsins er sú að það er ekki búið að ljúka þeirri viðbótarfjármögnun sem við þurfum að klára. Þá erum við fyrst og fremst að tala um fjármögnun frá Norðurlöndunum, sem getur annaðhvort verið í formi lána eða gjaldeyrisskiptasamninga. Þetta er ástæðan fyrir því að þetta hefur dregist hjá IMF,“ segir Geir.



**Á FUNDI FORSÆTISRÁÐHERRA** Geir H. Haarde sagðist ekki trúa því fyrr en hann tæki á því að Icesave-reikningar hefðu áhrif á afgreiðslu neyðarláns frá IMF. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Mathias Persson, hjá sænska seðlabankanum, sagði við fréttaveituna Dow Jones, að þar á bæ biðu menn afgreiðslu stjórnar IMF. Samþykki stjórnin umsókn Íslendinga muni sænski seðlabankinn „kynna sér smáatriðin“ áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

Spurður hvort forsendur málsins hafi ekki breyst, þar eð að upphaflega hafi lánafyrirgreiðsla frá Norðurlöndunum verið háð því að lán frá IMF væri í hendi segir Geir að IMF og íslensk stjórnvöld hafi verið sammála um að meira fé þyrfti að koma til en sjóðurinn væri tilbúinn að lána. „Það eru þessir sex milljarðar dollara en 2,1 milljarður kemur frá IMF. Það þurfa að vera fyrirheit til staðar, peningarnir þurfa ekki að vera komnir í veskið, um að við náum langleiðina upp í þessa upphæð áður en IMF gengur frá sínu máli.“

Forsætisráðherra segist ekki vita til þess að lánafyrirgreiðsla og önnur efnahagsaðstoð frá IMF hafi verið dregin til baka eftir að samkomulag á milli samninganefndar og lands hefur verið sent til afgreiðslu hjá stjórn IMF. Hann hefur ekki áhyggjur af því að stjórn IMF hafni beiðni Íslands um aðstoð. „Ég treysti því að lánið fáist og framkvæmdastjóri sjóðsins, Dominique Strauss-Kahn, sagði mér það í símtali í vikunni að hann sæi engan meinbug á þessu máli. Þá trúir maður því þangað til annað kemur í ljós.“

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, segir lánið frá IMF lykilinn að öllu öðru í viðreisn efnahagslífsins. „Fáist það ekki verður sú djúpa niðursveifla sem við horfum fram á, enn dýpri. Þá erum við ekki að tala um eitt prósent til eða frá í hagvexti eða kaupmætti heldur margfalt stærri tölur.“

svavar@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is



**FRÁ HÚSASKÓLA** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, heimsótti Húsaskóla í Grafarvogi á forvarnadaginn í gær. MYND/SIGRÍÐUR KRISTÍN HRAFNKELSDÓTTIR

Forvarnadagurinn:

## Forsetinn heimsótti Húsaskóla

**HEILBRIGÐISMÁL** Forvarnadagurinn var haldinn meðal 9. bekkinga í þriðja sinn í gær.

Í tilkynningu frá aðstandendum dagsins segir að rannsóknir hafi sýnt að samvera, þátttaka í íþrótta- og tómstundastarfi og seinkun þess að hefja áfengisneyslu séu bestu forvarnirnar gegn fíkniefnum. Á þessum þremur heilræðum byggir dagskrá forvarnadagsins. Að deginum standa ÍSÍ, UMFÍ, Skátahreyfingin og Samband íslenskra sveitarfélaga en lyfjafyrirtækið Actavis styrkir verkefnið. **- ovd**

Vinna með flóttamönnum:

## Reynslan rædd á ráðstefnu í dag

**SAMFÉLAGSMÁL Ráðstefna um vinnu Reykjavíkurborgar og fleiri aðila með kólumbískum flóttafjölskyldum sem komu til Íslands haustið 2007 verður haldin í Öskju í dag. Askja er nýleg bygging Háskóla Íslands við hliðina á Norræna húsinu.**

**Starfsmenn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða hafa haldið utan um daglega vinnu með flóttamönnunum. Þeir munu kynna vinnu sína þar ásamt öðrum aðilum.**

**Ráðstefnan stendur yfir frá 13 til 16.15, er öllum opin og ókeypis. - hhs**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**
Hún verður nokkuð kaflaskipt helgin. Á morgun verður hæg austlæg átt með vætu mjög víða, einkum þó sunnan til og vestan en einhverjir dropar kunna að falla austan til. Norðaustan til verður þurrt að mestu. Á sunnudag snýst hann í norðaustlæga átt með skúrum eða slydduéljum nyrðra en syðra léttir smám saman til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 14° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 13° |
| New York | 18° |
| Orlando | 27° |
| Osló | 2° |
| París | 12° |
| Róm | 20° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Alltaf betri kaup!

OPIÐ til 20 alla daga



43% afsláttur við kassa

SS fremstir fyrir bragðið

**894 kr/kg**

Merkt verð 1.568.-

1/2 **sérsnyrtur** skrokkur af nýslátruðu, án slaga.

INNIHALD Í KASSA:
- Læri heilt
- Kótilettur
- Framhryggssneiðar
- Súpukjöt



SS fremstir fyrir bragðið

25% afsláttur við kassa

1.573 kr/kg

Merkt verð 2.098.-

**Lambahelgarsteik**
- rauðvínslegin



40% afsláttur við kassa

1.079 kr/kg

Merkt verð 1.798.-

**Svínahnakkasneiðar**
- frá Íslandsgrís



50% afsláttur við kassa

949 kr/kg

Merkt verð 1.898.-

**Svínakótilettur**



50% afsláttur við kassa

949 kr/kg

Merkt verð 1.898.-

**Bayonne skinka**
- frá Íslandsgrís



RISABRAUÐ

149 kr/stk.

Verð áður 222.-

1kg



20% afsláttur við kassa



20% afsláttur við kassa



2 fyrir 1



20% afsláttur við kassa

Hugsaðu um heilsuna!

20% afsláttur við kassa



Gildir til 9. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Ertu ánægð/ánægður með nýjan forseta Bandaríkjanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 93,8% |
| Nei | 6,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Velur þú íslenskar vörur fram yfir erlendar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

## ALÞINGI

### Skýrsluflutningi frestað

Skýrslu utanríkisráðherra um utanríkismál sem samkvæmt starfsáætlun Alþingis átti að vera í dag hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Helgast það jafnt af önnum vegna annarra verkefna og heilsufari utanríkisráðherra.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stal fartölvu og bókum

Lögreglan handtók karlmann á sextugsaldri á þriðjudagsmorguninn þar sem hann hafði brotist inn í hús á Vesturgötunni. Maðurinn hafði meðal annars ætlað að stela fartölvu og bókum en húsráðandi vaknaði og gerði lögreglu viðvart.

### Fíkniefnamál á Akureyri

Lögreglan á Akureyri lagði hald á 18 grömm af kannabisefnum og 13 grömm af amfetamíni á miðvikudagskvöld. Efnin fundust við húsleit í tveimur íbúðum og voru þrír karlmenn á þrítugsaldri handteknir. Þeim var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst.

Aðstoðarmaður viðskiptaráðherra um skuldabréfakaup ríkisbankanna fyrir um 200 milljarða:

# Telur kaup á peningabréfum ekki óeðlileg

**EFNAHAGSMÁL** Eðlilegt hefði verið að nákvæm athugun og umfjöllun á Alþingi hefði farið fram áður en upphæð sem þessi var reidd fram af nýju ríkisbönkunum og notuð til að kaupa út skuldabréf fyrirtækja og fjármálastofnana sem voru í peningamarkaðssjóðnum Glitnis, Landsbankans og Kaupþings.

Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, um ákvörðun nýju ríkisbankanna um að verja 200 milljörðum í að geta greitt til baka úr peningamarkaðssjóðum. Til samanburðar má nefna að Norðmenn hafa fallist á að veita Íslendingum um það bil 80 milljarða lán.

Ekki náðist í Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra í gær, en aðstoðarmaður hans Jón Þór Sturluson sagðist ekki vita annað en eðlilega væri staðið að þessum greiðslum.

Hann sagðist efins um heimildir Morgunblaðsins sem herma að verðbréfin sem sjóðirnir keyptu fyrir 200 milljarðana séu annaðhvort verðlaus eða verðlítil, en útgefendur fyrirtækjabréfana munu meðal annars vera Stoðir og Exista. Í fréttinni segir ennfremur að ógjörningur hafi verið að fá sambærilegt verð fyrir þessi bréf ef kaupandi væri annar en bankar í eigu ríkisins.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



JÓN ÞÓR STURLUSON.

Jón Þór benti á að óháðir aðilar, KPMG, auk bankanna sjálfra, hefðu metið bréfin þessu verði. Þá taldi hann að líkur væru á að aðrir sjóðir sem eru að reyna að ná sambærilegum viðskiptum og ríkisbankarnir, væru að reyna að kasta rýrð á þessi viðskipti.

Steingrímur J. segir að ef ríkið hafi viljað fara í aðgerðir sem þessar hefði þurft að gæta jafnræðis gagnvart þeim sem eiga fé í minni sjóðum. Jón Þór segir ekki útilokað að það verði gerðir svipaðir samningar við þá sjóði.

Í grunnspá Seðlabanka Íslands, sem gefin var út í Peningamálum í gær sagði meðal annars: „Endurfjármögnun fjármálakerfisins mun einnig kosta ríkissjóð umtalsvert fé, sem að lokum mun falla á heimili og fyrirtæki í landinu í formi hærri skatta, hærri vaxta og aðhalds í útgjöldum.“ **-kdk**

Ungverjaland og IMF-lán:

## Mikill niðurskurður fjárlaga

**UNGVERJALAND** Áþreifanlegustu afleiðingar þess að Ungverjar þiggi neyðarlán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ESB eru að fjárlög næsta árs hafa verið skorin niður. „Ríkisstjórnin lagði fjárlagafrumvarpið fyrst fram fyrir tveimur mánuðum og svo aftur með verulegum niðurskurði fyrir hálfum mánuði. Nú hefur það verið lagt fram í þriðja sinn með enn róttækari niðurskurði, og hann er greinilega að rekja til skilyrða IMF,“ segir Robert Hodgson, blaðamaður á Budapest Times.

Hodgson segir annars lítið vitað um IMF-skilyrðin. **- aa**

## ÁRBORG

### Ókeypis í sund í Árborg

Börn og ungmenni að 18 ára aldri fá ókeypis í sund í Sundhöll Selfoss og sundlaugina á Stokkseyri frá og með 1. janúar.

# Starfsmenn vilja semja um lánin

**Tillögur starfsmanna Kaupþings gera ráð fyrir því að þeir og starfsmenn gamla Kaupþings semji um greiðslur á lánum til hlutafjárkaupa. Lögmaður gamla Kaupþings segir þó ekkert óeðlilegt við ákvörðunina frá því 25. september.**

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn Nýja Kaupþings óskuðu eftir því við stjórnarformann og varaformann bankans þann 22. október síðastliðinn að stjórn bankans drægi til baka ákvörðun sína frá 25. september síðastliðnum, en þá var persónuleg ábyrgð starfsmanna á lánum þeirra til hlutafjárkaupa alfarið felld niður. Í þessari tillögu felst hins vegar að bankinn semji við starfsmenn Nýja og gamla Kaupþings um greiðslur á lánum þeirra vegna slíkra kaupa.

Þetta kemur fram í tilkynningu sem Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Nýja Kaupþings, sendi frá sér í gær.

Þar segir enn fremur að starfsmenn hafi talið nauðsynlegt að leggja fram þessar tillögur vegna breytinga sem orðið hefðu á forsendum ákvörðunar stjórnar gamla Kaupþings frá 25. september eftir að ríkisvaldið yfirtók starfsemi bankans.

Fjármálaráðuneytinu hefur verið greint frá þessu og eins Fjármálaeftirliti, en þó með óformlegum hætti.

Þó að horfið verði frá ákvörðuninni um að fella niður persónulega ábyrgð starfsmanna segir Helgi Sigurðsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupþings og hæstaréttarlögmaður, ekki þar með sagt að hún hafi verið óeðlileg á þeim tíma sem hún var tekin.

„Upphaf þessa máls má rekja til samþykktar aðalfundar árið 2004,“ segir hann. „Þá samþykkti aðalfundur að veita starfsmönnum kaup- og sölurétt sem gæti numið allt að 9 prósent að heildarhlutafé félagsins.

Tilgangurinn með útgáfu söluréttarins var sá að með því móti var starfsmaðurinn tryggður fyrir því að það myndi reyna á persónulega ábyrgð hans, vegna þess að hann hafði alltaf rétt til þess að selja bréfin á fyrirfram ákveðnu verði sem nam skuldafjárhæðinni.

Síðan gerðist það árið 2005 að stjórn bankans óskaði eftir því við starfsmenn að þeir féllu frá þessum sölurétti af ákveðnum ástæðum er varða útreikninga á eiginfé bankans. Það var ekki ósk starfsmannanna heldur ósk bankans sjálfs. Starfsmennirnir ákváðu að falla frá þessum sölurétti gegn því að ábyrgð þeirra væri takmörkuð eins og mögulegt væri. Ástæðan var sú að þeir höfðu á þessum tíma ekki möguleika á því að stofna félög utan um hlutafjáreignina. Það varð því að fara einhverjar aðrar leiðir til að takmarka ábyrgðina. Í ljósi þessa voru ákvarðanirnar 2005 og í september 2008 í fullu samræmi við ákvörðun hluthafafundarins 2004 sem gerir ekki ráð fyrir persónulegri ábyrgð starfsmanna.“

**jse@frettabladid.is**



**KAUPÞING** Starfsmenn Kaupþings hafa óskað eftir því við stjórn bankans að þeir semji um lán til hlutafjárkaupa.

**HVER VAR STAÐAN Á EIGN ÞINNI ÞEGAR KAUPÞING FÓR Í ÞROT OG HVERNIG FJÁRMAGNAÐIR ÞÚ KAUPIN?**

„Ég hef ekki hug á því að ræða persónuleg fjármál mín eða annarra í fjölmiðlum, en get þó skýrt frá því að ég tók ekki við yfirlýsingu um niðurfellingu skulda í september síðastliðnum.

**- Helgi Sigurðsson, lögmaður gamla Kaupþings**

**Neytendur:** Kvartað yfir Toys 'R' Us

# *Hvað er eðlileg verðhækkun?*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Verðbólgan æðir áfram. Allt hækkar með ógnarhraða nema kaupið manns. Ótal dæmi um hækkanir snúa að leikfangaverslunum Toys 'R' us.

*„Sex ára dóttir mín hefur lengi látið sig dreyma um Baby born rólu sem hún hefur oft séð í versluninni,“* skrifar Sigurlaug Ásta Grétarsdóttir. *„Í vor kostaði rólan 2.700 kr. og í ágúst var hún komin upp í 3.200 kr. Þegar barninu áskotnaðist peningur í afmælisgjöf átti loks að kaupa róluna. Laugardaginn 25. okt. var rólan komin í 6.500 kr! Búin að hækka um rúmlega 100% á tveimur mánuðum! Og ekki nóg með það, þegar við vorum í sömu verslun á Akureyri viku síðar var rólan komin upp í 9.999 kr! Er þetta eðlileg verðhækkun?“*

Sonja hefur svipaða sögu að segja: *„Á fimmtudaginn sáum við dóttir mín jóladagatal frá Playmo á 2.490 kr. Við förum heim og hugsuðum málið og ákváðum svo að skella okkur á tvö eintök. Þegar við komum á sunnudegi og ætlum að kaupa*




**ÖLL VERÐ AÐ HÆKKA** Frá Toys 'R' Us.

*þau kostaði stykkið 3.790 kr! Ég spurði afgreiðslumann hverju þetta sætti og hann svaraði að það væri verið að hækka öll verð í búðinni.“*

Ekki náðist í ábyrgðarmann Toys R us á Íslandi, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þar sem allar vörur í búðinni eru innfluttar hefur lækkun íslensku krónunnar líklega mest áhrif á verðhækkanirnar. Evran er nú á ríflega 160 krónur en var í byrjun sumars á 120 kr.


TILBOÐ VIKUNNAR




Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 13. nóvember
HAGKAUP
Eín ferð betra verð

Vinnuljós
mikið úrval – gott verð




Reykjavík, Kletthals 7
Suðurnes, Fuglavík 18
Akureyri, Furuvellir 15
Meiri gæði Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afsláttur eða gott verð?
www.murbudin.is Sími 412 2500 - sala@murbudin.is

# Njóttu helgarinnar

**netto**



GOÐI

ROAST BEEF
KRYDDAÐ INNRALÆRI
**1.667 kr/kg**
~~2.778~~ kr/kg

40% afsláttur



60% afsláttur

BBQ VÆNGIR
STEIKTIR Í POKA
**469 kr/pk.**
~~1.175~~ kr/pk.



BAYONNESKINKA ÚR BÓG
**695 kr/kg**
~~1.198~~ kr/kg

42% afsláttur



GOÐI

LIFRARPYLSA OG BLÓÐMÖR
FROSIN OG ÓSOÐIN, 4 STK
**399 kr/kg**
~~798~~ kr/kg

50% afsláttur



20% afsláttur

GOÐI

LAMBASVIÐ
**143 kr/kg**
~~179~~ kr/kg



EGG 10 stk
**199 kr/bk.**




GOÐI

VÍNARPYLSUR 10 Í PK.
**291 kr/kg**
~~582~~ kr/kg

50% afsláttur



61% afsláttur

JONAGOLD EPLI
**99 kr/kg**
~~254~~ kr/kg




GEEBEE APPELSÍNUÞYKKNI 3L
**199 kr/kg**
~~279~~ kr/kg

TILBOÐIN GILDA 6. - 9. NÓVEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvaða þingmaður líkti þeirri kröfu IMF, um að Íslendingar yrðu að ná sáttum við Breta og Hollendinga vegna Icesave til að fá lán, við fjárkúgun?*

*2 Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur ráðið Einar Bárðarson sem aðstoðarmann sinn á Alþingi?*

*3 Hvaða dæmdi guðlastari hefur lokið við að rita bók um guðsmanninn Hallgrím Pétursson?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Karzai skorar á Obama að sjá til þess að Bandaríkjaher hlífi saklausum:

# Tugir farast í loftárásum

**AFGANISTAN, AP** Nú í vikunni hafa tugir almennra borgara tapað lífinu í Afganistan af völdum loftárása, sem bandaríski herinn og bandamenn hans hafa gert.

Í gær fórust 13 uppreisnarmenn og sjö óbreyttir borgarar, þar af tvær konur og tvö börn, í árásum í norðanverðu Afganistan. Á mánudaginn gerðu bandarískir hermenn loftárás á brúðkaupsveislu í sunnanverðu landinu og fórust þar 40 manns, þar af 33 konur og börn.

Á miðvikudag hvatti Hamid Karzai, forseti Afganistans, hinn nýkjörna forseta Bandaríkjanna, Barack Obama, til að sjá til þess að hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna í Afganistan kosti ekki óbreytta borgara lífið framar.



**SÆRÐ BÖRN Á SJÚKRAHÚSI** Þrjú börn og sjö konur voru flutt á sjúkrahús eftir árásina í Shah Wali Kot á mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjaher segist gera sér grein fyrir að „hugsanlega hafi borgarar látið lífið þegar brugðist var við árás uppreisnarmanna,“ en verið sé að kanna atvikið.

„Ef við komumst að því að saklaust fólk hafi látist, þá biðjumst við afsökunar og samhryggjumst innilega ættingjum þeirra og íbúum Afganistans,“ sagði Greg Julian, aðaltalsmaður bandaríska hersins í Afganistan.

Karzai hefur lengi gagnrýnt bæði Bandaríkin og NATO fyrir að gæta þess ekki nógu vel, að saklaust fólk látist ekki af völdum hernaðaraðgerða í Afganistan. Hann segir dauðsföll af þessu tagi eyðileggja trú Afgana á erlenda herliðinu. - gb

Lögreglan á Akureyri:

# Tók þrjá menn með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Akureyri handtók í fyrrakvöld tvo karlmenn á þrítugsaldri vegna gruns um fíkniefnamisferli. Þeir voru með smáræði af kannabisefni í fórum sínum. Í kjölfarið var gerð húsleit í tveimur íbúðum og þriðji karlmaðurinn handtekinn. Hald var lagt á samtals átján grömm af kannabisefnum og þrettán grömm af amfetamíni.**

**Mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst.**

**Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005 þar sem koma má á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.** - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brutust inn í gám í Garðabæ

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tvo menn sem voru að brjótast inn í gám fyrir utan verslun 66°norður í Miðhrauni í Garðabæ í fyrrinótt. Mennirnir voru fluttir á lögreglustöð til yfirheyrslu.

### Tekinn við ofsaakstur

Lögreglan á Selfossi stöðvaði ökumann bifreiðar sem mældist á yfir 200 kílómetra hraða á Eyrarbakkavegi á miðvikudaginn. Maðurinn, sem reyndist hafa verið í kappakstri við annan, var sviptur ökuréttindum á staðnum. Hinn ökumaðurinn slapp hins vegar og lýsir lögreglan eftir honum.

Áhyggjur í Vestmannaeyjum:

# Höfn dugar ekki án ferju

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Vestmannaeyja kveðst hafa þungar áhyggjur af smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju. Tilboð þýsku skipasmíðastöðvarinnar FASSMER rann út á þriðjudag án svara frá samgönguráðherra. Tilboðið var þá framlengt í tíu daga. „Hafnarframkvæmdir í Landeyjahöfn hafa þegar hafist og engin ástæða til að áætla annað en að höfnin verði tilbúin til notkunar miðsumars 2010. Mat bæjarráðs er að það að byggja höfn án þess að eiga bát til að sigla í hana sé eins og að byggja flugvöll en eiga ekki flugvél.“ - gar



**HEIMAEY** Tilboði í nýjan Herjólf var ekki svarað og var frestur þá lengdur í tíu daga.

# Heimili au-pair stúlkna rannsökuð

**Lögreglan í Reykjavík fór í gærmorgun samtímis inn á nokkur heimili sem hafa au-pair stúlkur. Stúlkurnar eru allar frá sama Afríkulandinu. Samræmdar aðgerðir af þessu tagi eru óvenjulegar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Lögreglan í Reykjavík fór samtímis, klukkan hálf átta í gærmorgun, inn á heimili nokkurra fjölskyldna sem hafa skráðar hjá sér au-pair stúlkur frá tilteknu Afríkulandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er rökstuddur grunur um að reglur um viðstráðningarleyfi séu brotnar á þessum stöðum. Til skoðunar mun meðal annars hafa verið hvort stúlkurnar séu í reynd búsettar hjá viðkomandi fjölskyldum og hvort reglum varðandi kjör sé framfylgt.



**HAUKUR GUÐMUNDSSON**

Aðgerðir af þessu tagi munu vera hluti af venjubundnu eftirliti. Hins vegar er mjög óalgengt að þær séu samræmdar á þennan hátt.

Haukur Guðmundsson, settur forstjóri Útlendingastofnunar, staðfestir að aðgerðirnar hafi farið fram. Hann vill að öðru leyti ekki tjá sig um tilgang þeirra eða hvaða árangri þær hafi skilað. Hann segir að vaxandi þungi sé í eftirliti með dvöl útlendinga hér á landi. Samvinna Útlendingastofnunar og lögreglunnar hafi jafnramt aukist verulega.

> Þessu fylgja einfaldlega tækifæri til brota og að hingað til lands komi fólk á hæpnum forsendum.
>
> **HAUKUR GUÐMUNDSSON**
> SETTUR FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

Útlendingastofnun hefur í mjög vaxandi mæli kært til lögreglu ólöglega dvöl og atvinnuþátttöku útlendinga hér á landi að sögn Hauks. Kærunum er beint að útlendingunum sjálfum og atvinnurekendum sem nýta sér ólöglegt vinnuafl. Þetta hafi sérstaklega átt sér stað á undanförnum vikum og mánuðum.

„Nokkur mál hafa verið til lykta leidd á þessu tímabili, á Vesturlandi, í Reykjavík og á Akureyri,“ segir Haukur. Lögreglan hafi gengið frá sekt eða birt viðkomandi ákæru. Útlendingastofnun sé þegar farin að vinna í dvalarleyfum eða brottvísunum þeirra sem þar áttu hlut að máli.

Koma útlendinga hingað til lands án tilskilinna leyfa eykst í samræmi við stækkun útlendingasamfélagsins hér. „Þessu fylgja einfaldlega tækifæri til brota og að hingað til lands komi fólk á hæpnum forsendum. Langflestir þeirra útlendinga sem koma hingað í ólöglega dvöl hafa tengsl við einhvern sem fyrir er á landinu.“ holmfridur@frettabladid.is


Orkuveita Reykjavíkur

# Safnahelgi á Suðurlandi

## Hvað er að gerast á heiðinni?

Dagskrá í Hellisheiðarvirkjun á Safnahelginni:

**Föstudagskvöldið 7. nóvember**

Kl. 21:00 Bjarni Harðarson alþingismaður segir frá draugum og yfirnáttúrulegum verum sem búa á Hellisheiði og Hengilssvæðinu eða hafa átt leið um svæðið.

**Laugardagur 8. nóvember**

Kynning á uppgræðsluverkefnum og útivistarmöguleikum á Hellisheiði og á Hengilssvæðinu. Leiðsögn um virkjunina.

**Sunnudagur 9. nóvember**

Kynning á uppgræðsluverkefnum og útivistarmöguleikum á Hellisheiði og á Hengilssvæðinu. Leiðsögn um virkjunina.

Kl. 13:00 Rútuferð frá Hellisheiðarvirkjun um Hellisheiði með leiðsögumanni. Ekið verður frá virkjuninni og upp á heiði. Þá verður gengin forn þjóðleið frá þjóðveginum í átt að Hellisskarði og tekur sú ganga u.þ.b. 1 klst. Þaðan er ekið upp á Skarðsmýrarfjall og síðan í Hellisheiðarvirkjun.

Kl. 15:00 Rútuferð og ganga endurtekin.

Frír aðgangur og rútuferð.

Bendum einnig á aðra skemmtilega viðburði í tengslum við Safnahelgina á Suðurlandi 7. – 9. nóvember. Nánari upplýsingar eru á heimasíðunni: http://sofnasudurlandi.is/



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is


Hælisleitendur gagnrýna Útlendingastofnun:

# Þrír í hungurverkfalli

**SAMFÉLAGSMÁL** Þrír hælisleitendur hafa verið í hungurverkfalli frá því klukkan sex á þriðjudagsmorgun. Þeir krefjast þess að þeir, og aðrir hælisleitendur, fái hraða úrlausn sinna mála og verði veitt dvalarleyfi.

„Útlendingastofnun getur ekki skipt sér af því hvort menn borða eða ekki,“ segir Haukur Guðmundsson, settur forstjóri Útlendingastofnunar. Mál allra hælisleitenda séu í ákveðnu ferli sem verði ekki flýtt með þessu móti.

Tveir mannanna, þeir Mehdi og Farzad, eru frá Íran. Majid er frá Alsír. Þeir hafa verið hér á landi í á bilinu tvö og hálft til fjögur og hálft ár. Allir hafa þeir dvalið að Fitjum í Reykjanesbæ en þar er dvalarstaður hælisleitenda hér á landi.

Farzad segir þá félaga eingöngu hafa drukkið örlítið af vatni frá því á þriðjudagsmorgun. „Við þurfum að gera það, til að halda í okkur lífinu. Við vitum að Útlendingastofnun vinnur afar hægt. En við ætlum ekki að borða fyrr en við fáum réttu svörin.“



**SVANGIR** Majid, Mehdi og Farzad hafa ekki borðað frá því á þriðjudagsmorgun. Þeir vilja fá dvalarleyfi af mannúðarástæðum. FRÉTTABLAÐIÐ / ELLERT

Þetta er í annað sinn sem Farzad fer í hungurverkfall. Það gerði hann einnig í september síðastliðnum eftir að lögreglan lagði hald á fé úr herbergi hans í húsleit að Fitjum. - hhs




Öflugt háskólasamfélag er hornsteinn í þeirri uppbyggingu sem nú bíður þjóðarinnar. Með miða í Happdrætti Háskólans leggur þú þitt af mörkum og átt um leið mikla möguleika á frábærum vinningum.

Þann 11. og 25. nóvember drögum við út fjöldann allan af nýjum vinningshöfum, þar á meðal 30 milljónamæringa. Gakktu í hópinn og brostu og brostu!

- Þú færð miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

# Stjórnendur virði lítt störf regluvarðanna

**Stjórnendur banka bera ekki virðingu fyrir regluvörðum og sjálfstæði þeirra, að mati manna sem til þekkja. Regluvörður Kaupþings hafi átt að stíga á bremsu þegar stjórnendur bankans ákváðu að fella niður lán til starfsmanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnendur bankanna virða ekki í nægilega ríkum mæli störf og sjálfstæði regluvarða. Þetta fullyrða lögmenn sem þekkja til og Fréttablaðið ræddi við í gær.

Æðstu stjórnendur íslenskra banka hafi um langt skeið verið á „gráu svæði“ í umgengni sinni við lög og reglur.

Hlutverk regluvarðar er meðal annars að halda lista yfir innherja og hafa auga með viðskiptum þeirra með hlutabréf í fyrirtækinu sem þeir starfa hjá, sé það skráð á markað. Hann þjónar í raun sem nokkurs konar hluti af innra eftirliti fyrirtækis.

Menn sem þekkja til slíkra starfa segja að viðvörunarljós hefðu átt að kvikna hjá regluverði Kaupþings þegar ákveðið var að fella niður ábyrgðir starfsmanna vegna lána þeirra til hlutabréfakaupa, hafi hann vitað um gjörninginn.

Ólöf Embla Einarsdóttir, regluvörður Kaupþings, sagði fátt þegar hún var spurð út í störf sín í gær.

Hún sagðist vinna í samræmi við lög og í samvinnu við Fjármálaeftirlitið.

Hún neitaði að upplýsa um hvert hlutverk regluvarðar væri að hennar mati. Enn fremur vildi hún ekkert tjá sig um hvernig því hlutverki hefði verið sinnt, þegar ákveðið var að fella niður ábyrgðir starfsmanna á lánum sem þeir höfðu fengið hjá bankanum til hlutabréfakaupa.



**FORSTJÓRINN OG STJÓRNARFORMAÐUR** Regluvörður Kaupþings vill ekki tjá sig um hvernig hann brást við þegar æðstu stjórnendur felldu niður ábyrgðir starfsmanna á lánum vegna hlutabréfakaupa. Óvíst er hvort hann vissi af gjörningnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helgi Sigurðsson, yfirlögfræðingur Kaupþings, segir að ákvörðun stjórnarinnar hafi byggst á áliti frá sér. Það sé á sína ábyrgð. Hún varði breytingu á skilmálum lána og sé ekki á verksviði regluvarðar.

Fram kemur í reglum Kaupþings um innherjaupplýsingar og viðskipti innherja, að bankanum sé á eigin ábyrgð heimilt að fresta því að birta innherjaupplýsingar, til að vernda lögmæta hagsmuni bankans, „svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi [...]“.

Fram hefur komið að niðurfelling lána starfsmanna vegna hlutabréfakaupa var gerð til þess að koma í veg fyrir að lykilstarfsmenn seldu hluti sína. Það hefði haft slæm áhrif á stöðu bankans.

Regluvörðurinn á samkvæmt reglum Kaupþings sem stjórn bankans samþykkti 29. september 2005, að sjá um að fylgja þeim eftir. Fjármálaeftirlitið hefur einnig staðfest reglurnar.

**ingimar@markadurinn.is**



**ELDUR Í PRAG** Um 150 slökkviliðsmenn unnu að því í gær að slökkva gríðarmikinn eld sem braust út á markaðstorgi í Libus-hverfi í suðurhluta Prag, höfuðborg Tékklands.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæjarfulltrúar í Skagafirði:

## Felldu tillögu um launastopp

**SVEITARSTJÓRNIR** „Við teljum eðlilegt að laun sveitarstjórnar og nefnda verði endurskoðuð í samræmi við almenna launaþróun á næstunni,“ bókuðu bæjarráðsmennirnir Gunnar Bragi Sveinsson og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir í Skagafirði þegar þau felldu tillögu áheyrnarfulltrúans Bjarna Jónssonar úr Vinstri grænum um að tekið yrði „fyrir sjálfvirkar launahækkanir fyrir sveitarstjórnar- og nefndarstörf hjá sveitarfélaginu“. **- gar**

**FINNLAND**

### Rekinn fyrir káf

Stefan Johansson, einn nánasti samstarfsmaður finnska jafnréttisráðherrans Stefans Wallin, hefur verið rekinn fyrir að hafa káfað á brjósti konu í kokteilveislu í sendiráði nýlega.

Matvælalöggjöf ESB:

## Aukinn vari við kamfýlóbakter

**STJÓRNMÁL** Í endurskoðuðu frumvarpi um innleiðingu matvælalöggjafar Evrópusambandsins er fastar kveðið á um heilbrigði ferskra kjötvara sem fluttar verða til landsins.

Þannig á að reyna að girða fyrir að kamfýlóbakter-mengað kjúklingakjöt berist hingað.

Með því móti er reynt að koma til móts við fjölda athugasemda við fyrra frumvarpið sem lagt var fram síðasta vetur.

Frumvarpið er til lokavinnslu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu og er væntanlegt til þingmeðferðar á næstu vikum. **- bþs**

Samtök iðnaðarins ósátt:

## Telja rangt að fresta vegagerð

**EFNAHAGSMÁL „Ákvörðun fjármálaráðuneytisins er afar óheppileg,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um tímabundna frestun á útboðum Vegagerðarinnar vegna tilmæla fjármálaráðuneytisins.**



**JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON**

**„Frekari óvissa og frestun framkvæmda mun einungis hraða og magna upp atvinnuleysi. Það verði að ætlast til þess af stjórnvöldum að þau reyni eftir mætti að halda sínu striki varðandi framkvæmdir sem eru í gangi auk fyrirhugaðra framkvæmda,“ segir Jón á vef SI.** **- gar**




Í ÖRUGGA HÖFN

RÁÐGJÖF TIL FYRIRTÆKJA

Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital veitir fyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og öðrum fjárfestum óháða og faglega ráðgjöf.

- Fjárhagsleg endurskipulagning
- Kaup, sala og sameining
- Vöktun kaup- og sölutækifæra
- Stöðumat og verðmat
- Samningaviðræður og samningsgerð
- Umsjón með áreiðanleikakönnunum

Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hafa sjálfir umtalsverða reynslu af stjórnun fyrirtækja og mikla þekkingu á viðskiptum með fyrirtæki.

Saga Capital

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF SAGA CAPITAL | SKÓGARHLÍÐ 22 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

VIKA 39

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Rachid Benguella

### Kominn heim frá Marokkó



„Það var gott að hitta fjölskylduna mína aftur,“ segir Rachid sem er nýkominn heim úr fjögurra vikna ferð til Marokkó. „Ég hafði ekki farið út í tvö ár og það var því kominn tími til að hitta fólkið mitt. Ég gisti hjá ættingjum mínum og átti góðar stundir með þeim og gömlum vinum mínum. Mér sýndist ýmislegt breytt. Það er til dæmis búið að byggja meira af hótelum og borgin er á margan hátt snyrtilegri. Svo hafði ég ekki hitt litla systurdóttur mína í þessi tvö ár og hún sýndi mér mikinn áhuga. En ég saknaði Íslands mikið, konunnar minnar hér og vinanna. Ég held að efnahagskreppan kenni okkur að hugsa meira um í hvað við eyðum peningunum. Peningar eru ekki allt og við ættum að reyna að vera jákvæð.“

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier

### Ánægð með sigur Obama



„Ég er virkilega ánægð með úrslit kosninganna í Bandaríkjunum. Ég á marga vini sem búa í Bandaríkjunum svo ég fylgdist náið með því sem fram fór. Fólk býst við miklu af Barak Obama en auðvitað tekst honum ekki að hrinda öllu í framkvæmd á fyrstu dögunum svo ég vona að fólk sé raunsætt.“

„Helginni eyddi ég svo í að taka til hjá mér og flokka dót sem ég fór með í Sorpu. Mér finnst Blaðberar Fréttablaðsins stórsniðugir þar sem þeir auka líkurnar á að fólk endurvinni pappír. Þegar ég bjó í Noregi tók ég eftir að það eru eins konar mini-Sorpur í hverju hverfi. Það myndi auðvelda mér endurvinnslu. Sérstaklega núna þar sem ég þarf að selja bílinn minn og því verður erfiðara að drösla dósum, pappír og fleiru til endurvinnslunnar.“

Algirdas Slapikas:

### Með litháískt band í beinni



Í dag gefst íbúum á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að kynnast litháískri tónlist en Algirdas fær í þáttinn til sín litháísku hljómsveitina Amberlife. „Ég sá þá þegar þeir voru að spila á samkomu í Norræna húsinu svo ég fékk þá bara í þáttinn til mín þar sem þeir munu spila „læf“,“ segir hann. Þátturinn er á Nýbúaútvarpinu sem einnig hefur verið kallað Halló Hafnafjörður á fm 97,2 og hefst klukkan sex í dag.

En Algirdas fer ekki varhluta af efnahagsástandinu hér frekar en aðrir. „Ég er ekkert á leiðinni til Litháen en vissulega veit ég um marga sem eru að fara. Þeir sem komu hingað gagngert til að vinna hafa náttúrulega engin önnur úrræði en að fara til síns heima því það er ekki hlaupið að því að finna aðra vinnu.“

Óskaði eftir bankastarfsmanni til að aðstoða við niðurfellingu skulda:

# Ádeila í smáauglýsingunum

**FÓLK** „Þetta var fyrst og fremst gert í gríni, en auðvitað er þetta líka ádeila á valdhafana og alla þessa bankaelítu,“ segir Ásta Rut Jónasdóttir, húsmóðir í Hafnarfirðinum. Ásta birti smáauglýsingu í Fréttablaðinu í gær með yfirskriftinni „Óskað eftir niðurfellingu skulda“.

Í auglýsingunni segist Ásta vera á höttunum eftir bankastarfsmanni sem er fær í tæknilegum mistökum og getur fellt niður óhagstæðar og íþyngjandi skuldir. Henni finnist óþægilegt að taka ábyrgð á eigin skuldum og vilji losna við þær. Í boði sé hæfilegt magn af íslenskum krónum og SodaStream tæki ásamt innrömmuðum hluthafaskírteinum í FL-Group og Kaupþingi.

Að sögn Ástu voru viðbrögðin við auglýsingunni mjög góð. „Það hafa margir hringt og hlegið að þessu með mér og það er frábært.“ Spurð hvort bankastarfsmaðurinn sem hún lýsti eftir hafi haft samband segir Ásta svo ekki vera. „En það hringdi einn sem sagðist vinna hjá Landsbankanum. Hann sagðist þó ekki geta hjálpað mér þar sem ynni ekki hjá Kaupþingi,“ segir Ásta og hlær við.

Ásta segist ekki enn hafa ákveðið hvort von sé á fleiri smáauglýsingum í þessum dúr á næstunni.



**GÓÐ VIÐBRÖGÐ** Ásta bauð meðal annars SodaStream tæki fyrir aðstoð bankastarfsmanns.

„Núna er komin mikil pressa á mig. Það er spurning hvort ég geti staðið undir væntingunum.“ - kg

Viðhorf erlendra ferðamanna:

# Koma ánægðir úr dagsferðum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ætla má að einn af hverjum fjórum erlendum ferðamönnum sem dvaldi í Reykjavík á tímabilinu frá júní til ágúst í sumar hafi farið í dagsferð frá Reykjavík og þeir sem það gerðu voru afar ánægðir með ferðina. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem Rögnvaldur Guðmundsson, hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar, gerði. Gáfu þeir fyrirtækjunum sem annast þessar ferðir meðaleinkunnina 8,3 af 10 mögulegum.

Iceland Excursions fékk 8,6 í meðaleinkunn, Reykjavík Excursions 8,1 og önnur fyrirtæki fengu 8,0. - jse






# Safnahelgi á Suðurlandi

## 7. – 9. nóvember 2008

- Matur og menning úr héraði -

Fjölbreytt menningardagskrá í boði fyrir alla landsmenn

- Sýningar
- Tónleikar
- Fyrirlestrar
- Upplestrar og leiðsagnir
- Heitt súkkulaði
- Fýlaveisla
- Villibráð
- Ástarpungar
- Sunnlenskt grænmeti
- Saltkjöt og baunir

Sjá alla dagskrána á www.sofnasudurlandi.is

Safnaklasi Suðurlands - Matarkista Suðurlands

Menningarráð Suðurlands VSSV SASS AÞS Iðnaðarráðuneytið

Prentmet Suðurlands



**KONUNGUR KRÝNDUR Í BÚTAN** Jigme Khesar Namgyal Wangchuk var í gær krýndur fimmti konungur Bútans, og fékk hann titilinn Drekakonungur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vöruverð í IKEA hækkaði um 25 prósent að meðaltali í gær:

# Hækkunin óumflýjanleg

**NEYTENDUR** „Við drögum þessa hækkun eins lengi og við mögulega gátum. Ástandið er bara þannig að þetta er óumflýjanlegt,“ segir Þórarinn H. Sævarsson, framkvæmdastjóri húsgagnaverslunarinnar IKEA á Íslandi. Verð í IKEA hækkaði að meðaltali um 25 prósent í gær. Í september hækkuðu vörur verslunarinnar um fimmtung að jafnaði í verði.

Þórarinn segir þetta vera í fyrsta sinn í sögu IKEA á Íslandi sem fyrirtækið hefur horfið frá þeirri stefnu að tryggja óbreytt vöruverð frá 1. september til 15. ágúst ár hvert, eða út gildistíma IKEA-bæklingsins. „Við byrjuðum árið mjög illa og krónan hefur í raun verið í frjálsu falli eftir hækkunina í september. Miðað við óbreytt ástand ætti þetta að duga,“ segir Þórarinn, og bætir við að verðhækkunin í gær dugi ekki fyrir því gengistapi sem fyrirtækið verður fyrir í þessum óvægnu efnahagsaðstæðum.



**ÓVÆGIÐ ÁSTAND** Framkvæmdastjóri IKEA segir fyrirtækið alls ekki hafa viljað grípa til uppsagna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Þórarins verður vöruverð lækkað um leið og gengisþróun gefur tilefni til lækkunar. „Hinn valkosturinn var að grípa til uppsagna starfsfólks, sem við vildum ekki gera. Það er ljóst að þessi hækkun mun hafa neikvæð áhrif á viðskiptin, að minnsta kosti í fyrstu, en á móti kemur að við bjóðum enn upp á besta verð á Íslandi,“ segir Þórarinn. - kg

Herforingi handtekinn:

## Sakaður um mannrán

**ARGENTÍNA, AP** Lögreglan í Argentínu handtók í byrjun vikunnar Jorge Antonio Olivera, fyrrverandi herforingja, sem sakaður er um mannrán og pyntingar í valdatíð herforingjastjórnarinnar fyrir rúmum þremur áratugum.

Olivera var handtekinn úti á götu í Vicente Lopez, sem er hverfi í norðanverðri höfuðborginni Búenos Aíres.

Hann er talinn bera ábyrgð á hvarfi 22 ára gamallar franskargentínskrar konu, Marianne Erize, sem síðast sást til 15. október árið 1976. Olivera var þá liðsforingi í hernum. - gb

Bíður dóms Hæstaréttar:

## Síbrotamaður áfram í gæslu

**DÓMSMÁL** Rúmlega þrítugur maður sem var dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir skömmu skal sæta gæsluvarðhaldi áfram þar til Hæstiréttur hefur fellt dóm í máli hans.

Maðurinn, sem var dæmdur í héraðsdómi fyrir hótanir og ofbeldisverk gegn lögreglumönnum við störf, þjófnaði, tilraun til fjársvika og fleiri brot, áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar.

Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 11. ágúst. Héraðsdómur úrskurðaði að hann skyldi sæta gæsluvarðhaldi áfram til 21. nóvember og Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð.

Maðurinn á langan sakaferil að baki. - jss

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

## Konum falið að móta framtíðina

**ALÞINGI Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Samfylkingu, lagði til á Alþingi í gær að hópi kvenkynssérfræðinga yrði falið að móta stefnu samfélagsins til framtíðar.**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

**„Það þarf að lofta út úr bakherbergjum karlanna,“ sagði Steinunn og kvað mikilvægt að þjóðin hefði kjark og þor til að horfast í augu við mistök og gjaldþrot „karlakapítalismans“. Steinunn sagði nóg til af klárum konum til verksins, til dæmis innan Auðar Capital, Félags kvenna í atvinnulífinu og í háskólasamfélaginu.** - bþs

# Obama byrjaður að raða í ríkisstjórnina

**Tíu vikur eru þar til Barack Obama tekur við af George W. Bush Bandaríkjaforseta. Hann er strax byrjaður að velja sér samstarfsfólk og búa sig undir óvenju erfið verkefni nýju stjórnarinnar, sem miklar væntingar eru bundnar við.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama þarf að hafa hraðar hendur við að skipa í stöður í nýrri stjórn sinni, sem tekur við völdum í Bandaríkjunum þann 20. janúar næstkomandi.

Nýju stjórnarinnar bíða gríðarlega erfið verkefni, bæði í efnahagsmálum og utanríkismálum. Miklar væntingar eru gerðar til Obama, sem sjálfur hefur boðað víðtækar breytingar á stjórnarháttum í Bandaríkjunum. Jafnt Bandaríkjamenn sem heimsbyggðin öll munu því fylgjast grannt með því hvernig hann stendur sig allt frá fyrstu stundu.

Strax á miðvikudag, daginn eftir stórsigur Obama í forsetakosningunum, fréttist af því að hann hafi valið Rahm Emanuel til að verða starfsmannastjóri í Hvíta húsinu.

Emanuel sagðist reyndar þurfa nokkurn tíma til að velta því fyrir sér, hvort hann vilji leggja það á sig og fjölskyldu sína að taka við þessu embætti.

Emanuel var náinn samstarfsmaður Bills Clinton, fyrrverandi forseta, og vildi ekki gera upp á milli Obama og Hillary Clinton í forvalskeppni Demókrataflokksins fyrr á árinu.

Obama valdi einnig annan náinn samstarfsmann Clintons, John Podesta, til að hafa yfirumsjón með undirbúningi embættistöku sinnar. Með Podesta vinna fleiri liðsmenn Clintons ásamt mörgum úr nánasta hópi Obama.

George W. Bush, sem lætur af embætti í janúar, sagðist í gær ætla að hitta Obama strax í næstu viku. Bush hefur sagst ætla að sjá til þess að forsetaskiptin gangi sem greiðast fyrir sig.

Obama er sagður ætla að halda blaðamannafund á allra næstu dögum, þar sem búist er við að hann greini frá vali sínu í einhverjar af lykilstöðum stjórnarinnar.

Margir búast við því að Obama ákveði að Robert Gates verði áfram varnarmálaráðherra eftir forsetaskiptin. Gates tók fyrir tæpum tveimur árum við af Donald Rumsfeld sem varnarmálaráðherra í stjórn Bush.

Ýmsir demókratar hafa auk þess fullyrt að öldungadeildarþingmaðurinn John Kerry, sem tapaði fyrir George W. Bush í forsetakjöri fyrir fjórum árum, sæki það fast að verða utanríkisráðherra í stjórn Obama. Talsmaður Kerry sagði þó ekkert hæft í þessu. gudsteinn@frettabladid.is



**OFURMENNIÐ OBAMA** Á vegg í Los Angeles mátti í gær sjá þessa mynd af Barack Obama í gervi ofurhetjunnar Supermans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÞAKKLÁTUR** Barack Obama fagnar sigrinum með konu sinni, Michelle.











Tveir fyrrum ritstjórar DV dæmdir í Hæstarétti fyrir að birta áfengisauglýsingu:

# Sektin hækkuð um helming

**DÓMSMÁL** „Ég vona að þetta sé dýrara en það sem þeir láta menn borga fyrir nauðganirnar,“ segir Jónas Kristjánsson, fyrrum ritstjóri DV, um dóm Hæstaréttar í gær.

Hann var ásamt fyrrum ritstjóra DV, Mikael Torfasyni, dæmdur til að greiða sekt upp á samtals 800 þúsund krónur. Skiptist upphæðin á þá til helminga. Sektarefnið er auglýsing á Amarula-áfengi sem birtist í DV árið 2005. Héraðsdómur hafði áður dæmt þá til að greiða samtals 400 þúsund.

Þeir Jónas og Mikael vísuðu til þess að deildaskipting væri á blaðinu og að auglýsingadeildin væri aðskilin frá ritstjórn. Hæstiréttur vísaði aftur til lagagreinar sem kveður á um að útgefandi rits eða ritstjóri beri refsi- og fébótaábyrgð á efni rits ef höfundur hefur ekki nafngreint sig. Í málinu lá fyrir að auglýsandinn hefði ekki verið nafngreindur í auglýsingunni og því hafi reynt á ábyrgð ritstjóranna samkvæmt ofangreindu ákvæði. Þeim hafi borið að yfirfara það efni blaðsins sem þeir voru ábyrgir fyrir og borið að gæta þess að efni sem birt hefði verið í blaðinu væri ekki andstætt lögum.

Einn þriggja hæstaréttardómara, sem dæmdu málið, Jón Steinar Gunnlaugsson, skilaði sératkvæði. Hann vildi sýkna ritstjórana og leggja sakarkostnaðinn á ríkissjóð. - jss



**FYRRUM RITSTJÓRAR DV** Hæstiréttur hækkaði sektina um helming.



# LAGERÚTSALA





Heilsudýnur
Stillanleg rúm
Náttborð
Gaflar
Kommóður
Og vörur úr

**HÚSGÖGNIN HEIM**

Smávara
Jólavara
Skápar/Skenkar
Borð
Ljós og fleira

## Allt að 80% afsláttur

## Síðustu dagar

Kletthálsi 13
opið 10-18 virka daga
12-15 á laugardögum
Sími 660 0035




Svefn & heilsa ★★★★★

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT VERÐ Á ÍSLENSKU FROSNU LAMBAKJÖTI



KS FROSIÐ LAMBALÆRI 1079 kr./kg.
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1118 kr./kg.

# ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT Á GÓÐU VERÐI




ALI REYKTUR GRÍSABÓGUR
699 kr./kg.




ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
499 kr./kg.




ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
1128 kr./kg. MERKT VERÐ 1879 KR./KG.




ALI FERSKT GRÍSAHAKK
530 kr./kg. MERKT VERÐ 884 KR./KG.




COKE ZERO 2 ltr 98 kr.
PEPSI 2 ltr. 98 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
MÁ FRYSTA TIL JÓLANNA
1575
SAMBANDS HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
1575 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2249 KR./KG.
FERSKUR HOLTA KJÚKLINGUR 40%-50% AFSLÁTTUR
MEÐ PÍRÍ PÍRI KRYDDPOKA
50% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1699 kr/kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGABITAR BLANDAÐIR
374 kr/kg. MERKT VERÐ 623 KR./KG.
1398
FRIGG MARAÞON ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
100 ÞVOTTAR
FRIGG MILT FYRIR BARNIÐ ÞVOTTAEFNI
1398 kr.
498
BÓNUS WC PAPPÍR
18 RÚLLUR 498 kr.
298
BÓNUS PIPARKÖKUR
500g 298 kr.
159
BÓNUS BRAUÐBOLLUR
2 teg 159 kr.
159
BÓNUS KJARNABRAUÐ
500g 159 kr.
198
BÓNUS BÓNDAGJÚGU
2 stk 198 kr.
98
BRAZZI APPELSÍNU OG EPLA
1 ltr 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30

**FRÉTTASKÝRING:** Sjálfstæðisflokkurinn

# Evrópumálin valda ólgu í flokknum

**Mikil ólga er í baklandi Sjálfstæðisflokksins vegna andstöðu formanns við aðild að Evrópusambandinu. Formaður og varaformaður eru ekki samstiga. Helmingur sjálfstæðismanna styður aðild samkvæmt könnunum.**

Ólíkar áherslur formanns og varaformanns Sjálfstæðisflokksins varðandi Evrópumál hafa vakið athygli. Þótt segja megi að ekki sé um grundvallarmun að ræða, er þó ljóst að Þorgerður Katrín er mun opnari fyrir samstarfi – og jafnvel inngöngu – í ESB en Geir.

Oft hefur verið sagt að Sjálfstæðisflokkurinn sé samsettur úr mörgum smærri flokkum sem beri gæfu til að halda saman í kosningum. Það hafi orðið til þess að flokkurinn hefur verið stærstur í gegnum tíðina; mun stærri en systurflokkar hans á Norðurlöndum. Saga flokksins sýnir þó ólíkar áherslur allt frá stofnun.

**Stjórnarsáttmáli**

Ólík afstaða ríkisstjórnarflokkanna gagnvart ESB var ljós fyrir kosningar. Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um skipan nefndar til að kanna Evrópumálin. Svo segir: „Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu.“

Stefna Sjálfstæðisflokksins kemur skýrt fram í samþykkt síðasta landsfundar. Vísað hefur verið í hana og stjórnarsáttmálann um að ekki standi til að sækja um aðild að ESB á þessu kjörtímabili. Ljóst er hins vegar að margir greiddu þessari ályktun atkvæði gegn eigin sannfæringu. Innan atvinnulífsins hefur lengi verið þrýst á um aðild að ESB.

„Líklegast er að þrýstingurinn komi frá atvinnulífinu og þingflokkurinn hlýði kallinu þaðan. Ég tel litlar líkur á að þingflokkurinn hafi frumkvæði að breytingum á Evrópustefnunni,“ sagði einn heimildamaður Fréttablaðsins.

**Kreppan**

Ýmis ummæli Þorgerðar Katrínar benda þó til að þingmenn séu nú opnari fyrir Evrópusambandsaðild en áður. Kreppan hafi beint sjónum manna til Evrópu.

Í grein í Fréttablaðinu 12. október sagði hún að Íslendingar hefðu komist frá mörgum áföllum ef þeir hefðu átt aðild að ESB. „Hitt er ljóst að við sjálfstæðismenn höfum ávallt sagt að stefna okkar eigi að ráðast af köldu mati á því hvar og hvernig hagsmunum Íslands er best borgið til lengri tíma. Umhverfið er nú breytt, forsendur hafa breyst. Breyttar forsendur kalla á endurnýjað hagsmunamat.“

Þrátt fyrir að talað sé um Geir og Þorgerði sem tvo póla er raunin sú að forsætisráðherra er mun opnari í Evrópumálum en hann hefur áður verið og sumar yfirlýsingar hans hefðu þótt sæta tíðindum við aðrar kringumstæður.

Á opnum fundi í Valhöll 17. maí sagðist hann ekki vilja ganga í Evrópusambandið. „Við þurfum ekki að vera með minnimáttarkennd yfir að vera ekki í Evrópusambandinu.“ Nýverið hefur hann hins vegar sagt að hann sé tilbúinn til að skoða aðild Íslands að ESB; þó alls ekki fyrr en kreppunni slotar.

**Þingflokkurinn**

Þorgerður Katrín hefur með ummælum sínum markað sér stöðu sem leiðtogi Evrópusinna í flokknum. Bjarni Benediktsson opnaði einnig meira en áður á ESB-aðild í Vikulokunum á RÚV fyrir nokkru. Þau tvö eru framtíðarforystumenn í flokknum.

Þær Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Guðfinna Bjarnadóttir eru taldar fylgja Þorgerði og Bjarna að málum. Þá hafa þeir Ármann Kr. Ólafsson og Kristján Þór Júlíusson einnig verið orðaðir við þá skoðun. Þeir eiga hins vegar báðir rætur í sjávarbyggðum og -útvegi og hafa ekki orðað stuðning sinn.

Í því ljósi eru ummæli Einars K. Guðfinnssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, á ársfundi LÍÚ fyrir skemmstu athyglisverð. Þar sagði hann aðstæður hafa gerbreyst hér á landi. „Þjóðfélagið okkar er orðið býsna ólíkt því sem það var fyrr á þessu ári. Þær forsendur sem við gáfum okkur í Evrópuumræðunni fyrr meir, eru einfaldlega ekki til staðar lengur, á því verðum við að átta okkur og umræðan verður að ná yfir víðtækara svið en gjaldmiðilinn einan,“ sagði ráðherra.

Þingmenn flokksins eru orðvarir. „Menn eru mjög varir um sig og opna ekki fyrir mikla umræðu um Evrópusambandið. Menn halda sig fast við flokkslínuna, sem er landsfundarsamþykktin,“ segir heimildarmaður innan þingflokks Samfylkingarinnar.

Heimildarmaður úr baklandi Sjálfstæðisflokksins segir hins vegar að Evrópusambandsaðild njóti töluverðs fylgis innan þingflokksins. „Menn eru bara vanir því að opinbera ekki ágreininginn. Nú er staðan hins vegar þannig að flokkurinn á það á hættu að þjóðin fari langt fram úr honum ef hann ætlar að draga lappirnar í þessu máli.“

**Baklandið**

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengi haft mikinn stuðning í atvinnulífinu. Þar á bæ eru menn fylgjandi ESB og hafa talað fyrir því um nokkra hríð. Heimildarmaður úr atvinnulífinu sagði að enn ríkti stefna Davíðs innan flokksins um að halda einni óbreyttri ESB-stefnu út á við.

„Davíð gat bætt atvinnurekendum upp óhagræðið af því að vera í ESB með hagstæðu skattaumhverfi og ýmsum ívilnunum. Sú stefna hefur beðið algert skipbrot í þeirri efnahagskreppu sem nú gengur yfir. Þessi hugmynd um að halda hópnum saman, þetta er bara búið. Það þýðir ekkert að vísa í stjórnarsáttmálann.“

Ljóst er að sjávarútvegurinn er ekki fylgjandi aðild að ESB. Forysta LÍÚ hefur mjög gagnrýnt fiskveiðistefnu sambandsins og varað við aðild. Þetta er samhljóða skoðun útvegsmanna, sem hafa varað við erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi. Vægi sjávarútvegsins hafði minnkað jafnt og þétt undanfarin ár, en í efnahagsástandinu nú hefur það aukist til muna.

**Evran**

Peningastjórnun Seðlabankans og staða gjaldeyrismála hefur einnig valdið deilum innan flokksins. Þorgerður Katrín kallaði lengi vel eftir lækkun stýrivaxta Seðlabankans á meðan Geir hefur varið stefnuna. Þá sagði Ragnheiður Ríkharðsdóttir í grein í Morgunblaðinu á þriðjudag að skipta ætti um stjórn Seðlabankans.

Staða krónunnar er mönnum eðlilega hugleikin nú. Árni Helgason, framkvæmdastjóri þingflokksins, skrifaði á vefritið Deiglunа að nú yrði að skipta um gjaldmiðil. „Við getum því tæplega litið framhjá upptöku annars gjaldmiðils lengur og til þess að ná þeirri breytingu í gegn getum við ekki útilokað neinar leiðir, þar með talið aðild að Evrópusambandinu, þótt aðra kosti eigi auðvitað að skoða líka.“

**Klofningur?**

Stefna Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum er enn sú sama. Fjölmargir sem Fréttablaðið ræddi við sögðust halda að Geir óttaðist að kljúfa flokkinn ef frá henni yrði hvikað. Þrátt fyrir að margir óttist það, telja sumir að því verði þá einfaldlega að taka.

„Ef hann klofnar, þá klofnar hann bara. Það mun koma að því að meirihluti sjálfstæðismanna telur rétt að ganga í ESB. Menn verða að átta sig á því að við höfum ekki tíma til að bíða eftir landsfundi 2009. Fyrir jól, eða í síðasta lagi um áramót, verður að liggja fyrir hvaða kúrs menn ætla að taka í þessum efnum.“

„Ef ég ætti að veðja á annað hvort mundi ég veðja á flokkinn tæki upp jákvæða stefnu gagnvart ESB. Hvenær er hins vegar allt annar handleggur,“ sagði annar heimildarmaður úr atvinnulífinu.

Samfylkingarmaður sem rætt var við sagðist halda að ríkisstjórnarsamstarfið flýtti fyrir ákvarðanaferlinu. „Flokkurinn verður einfaldlega að fara að hugsa sinn gang. Tónninn í Vinstri grænum er að breytast og með þeim og Framsókn væri hægt að ná samstöðu um þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort ætti að sækja um aðild. Þá stæði Sjálfstæðisflokkur einn utan stjórnar.“

Hvort þetta er raunhæft mat á ástandi í öðrum flokkum skal ósagt látið. Það er hins vegar ljóst að mikil ólga er innan Sjálfstæðisflokksins og æ meiri þrýstingur er á að breyta um kúrs í Evrópumálum. Hvort það þýði klofning er allt annað mál.



**Í SÁTT OG SAMLYNDI** Vel fór á með nýkjörnum formanni og varaformanni Sjálfstæðisflokksins á landsfundi 2005. Ólíkar áherslur þeirra í Evrópumálum nú hafa gefið vangaveltum um klofning flokksins byr undir báða vængi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## LANDSFUNDARSAMÞYKKT

Sjálfstæðisflokkurinn telur aðild að ESB ekki þjóna hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum er háttað. Mikilvægt er að sífellt sé í skoðun hvernig hagsmunum Íslands verði best borgið í samstarfi Evrópuríkja. Áfram skal unnið að gerð tvíhliða samninga um fríverslun við önnur ríki og rækt lögð við eflingu ábatasamara viðskiptatengsla um allan heim.

> Þjóðfélagið okkar er orðið býsna ólíkt því sem það var fyrr á þessu ári. Þær forsendur sem við gáfum okkur í Evrópuumræðunni fyrr meir, eru einfaldlega ekki til staðar lengur, á því verðum við að átta okkur og umræðan verður að ná yfir víðtækara svið en gjaldmiðilinn einan.
>
> EINAR K. GUÐFINNSSON
> Á ÁRSFUNDI LÍÚ



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is



**GÓÐIR GESTIR** Ólafur Ragnar Grímsson, Gylfi Zoëga og Hafliði Kristinsson fluttu erindi á fundi foreldrafélags Melaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Foreldrafélag Melaskóla:

# Forsetinn á foreldrafundi

**MANNAMÓT** „Land og heimili – samfélagsumræður á mannamáli“ var yfirskrift fundar hjá foreldrafélagi Melaskóla sem haldinn var á Háskólatorgi Háskóla Íslands í fyrrakvöld. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hagfræðiprófessorinn Gylfi Zoëga og fjölskylduráðgjafinn Hafliði Kristinsson héldu erindi og einnig var boðið upp á pallborðsumræður og umræður á sal.

Erindi forseta Íslands fjallaði um mikilvægi bjartsýni á erfiðum tímum. Gylfi Zoëga fjallaði um atburði síðustu vikna í efnahagslífinu og Hafliði Kristinsson beindi sjónum að stöðu fjölskyldunnar í samfélaginu. - kg

**FBL-GREINING:** ÍSLENSKUR KÖRFUKNATTLEIKUR

# *Vallarstarfsmenn fyrstu meistararnir*

Staða körfuknattleiks á Íslandi hefur verið í umræðunni upp á síðkastið vegna fjárhagsörðugleika margra félaga og brotthvarfs erlendra leikmanna úr liðum sem keppa á Íslandsmótinu.



**■ Hvenær hóf körfuknattleikur göngu sína hér á landi?**

Körfuknattleikur eins og hann er leikinn í dag náði fótfestu á þremur stöðum hér á landi á árunum 1946 til 1950, á Laugarvatni, Í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Fyrsta Íslandsmótið fór fram í Hálogalandi í Reykjavík vorið 1952. Aðeins var keppt í meistaraflokki karla og tóku fimm lið þátt; Íþróttafélag Keflavíkurflugvallar, ÍFK, sem bar sigur úr býtum, ÍR, ÍS, Ármann og Körfuknattleiksfélagið Gosi. Árið eftir varð Ármann fyrsti Íslandsmeistarinn í kvennaflokki eftir sigur á ÍR í úrslitaleik, sem jafnframt var eini leikur mótsins.

**■ Hvenær hófu útlendingar að leika með íslenskum félögum?**

Fyrstu útlendingarnir komu inn í deildina keppnistímabilið 1975 til 1976. Það voru þeir Jimmy Rogers, framherji sem varð Íslandsmeistari með Ármanni þetta tímabil. og Curtis Carter, miðherji hjá KR. Þessir tveir leikmenn slógust eftirminnilega í lok viðureignar Ármanns og KR í Laugardalshöllinni í desember 1975 og fengu báðir eins leiks bann fyrir vikið. „Uppgjöri toppliðanna lauk með hnefaleikum svertingjanna“ sló Dagblaðið upp í risafyrirsögn daginn eftir. Bandaríski bakvörðurinn, Danny Shouse, vann það afrek að skora 100 stig fyrir Ármann gegn Skallagrími í næstefstu deild í desember 1979, fyrir daga þriggja stiga reglunnar. Decarsta Webster, sem breytti nafni sínu í Ívar þegar hann varð íslenskur ríkisborgari, varð fyrsti þeldökki maðurinn til að keppa með A-landsliði fyrir Íslands hönd í janúar árið 1984. Þegar Sovétmaðurinn Anatolíj Kovtoun og Bandaríkjamaðurinn Jonathan Bow léku saman með KR í Evrópuleik gegn Hemel frá Englandi árið 1989 var það í fyrsta skipti sem leikmenn frá þessum tveimur löndum voru saman í liði í Evrópukeppni, samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðlega körfuknattleikssambandinu, FIBA.

**■ Hvaða lið hafa reynst sigursælust?**

ÍR hefur oftast unnið Íslandsmótið í meistaraflokki karla, eða fimmtán sinnum, síðast árið 1997. Í kvennaflokki hefur KR vinningin með þrettán sigra. Árið 2001 var Pétur Guðmundsson, sem meðal annars lék með Los Angeles Lakers og San Antonio Spurs í bandarísku NBA-deildinni, kosinn leikmaður aldarinnar í karlaflokki, en Anna María Sveinsdóttir í kvennaflokki.

Helsta heimild: *Leikni framar líkamsburðum: Saga körfuknattleiks á Íslandi í hálfa öld* eftir Skapta Hallgrímsson.

Félagsnetsíður Markaðssetning gagnvart börnum Stafræn skilríki YouTube Netöryggi barna MySpace MSN - i Facebook Hvað er ólöglegt að gera á netinu? Netleikir Netvarinn




**SAFT og Síminn**

# Ráðstefna um netnotkun barna og unglinga og ábyrgð foreldra

**Efnistök og fyrirlesarar**

**10.30 – Setning ráðstefnunnar**
*Kristján L. Möller, samgönguráðherra*

**10.40 – „Ég nota netið til þess að ...“**
*Gunnar I. Magnússon, 4-D Verslunarskóla Íslands, Birgir Í. Guðbergsson, 7 ára, Háteigsskóla og Ásta M. Eiríksdóttir, 15 ára, Áslandsskóla*

**10.50 – Félagsnetsíður og netleikir**
*Hlíf Böðvarsdóttir, SAFT*

**11.10 – Netleikir og framtíð félagsnetsíðna**
*Magnús Bergsson, CCP*

**11.30 – Hlé: Veitingar**

**12.00 – Veistu hvað barnið þitt er að skoða á netinu?**
*Páll Ólafsson, félagsráðgjafi hjá Fjölskyldusviði Garðabæjar*

**12.20 – eID – rafræn skilríki og netöryggi barna í framtíðinni**
*Haraldur Bjarnason, fjármálaráðuneyti*

**12.40 – Netið og afskipti lögreglu**
*Björgvin Björgvinsson, Kynferðisafbrotadeild Lögreglu höfuðborgarsvæðisins*

**13.00 – Internetið: Heimur fullur af fróðleik, hættum og ýmiss konar afþreyingu**
*Sverrir Hákonarson, Síminn*

**13.20 – Umræður**

**Fundarstjóri:** *Gunnar Helgason, leikari*

**Tímasetning:**
Laugardagur 8. nóv., kl. 10.30-14.00.
**Staðsetning:**
Háskólatorg HT102, Háskóli Íslands

**12.00 – CCP – Game Tíví stefnumót**
Game Tíví og CCP bjóða yngri þátttakendum á stefnumót um framtíð félagsnetleikja. Þátttakendur fá tækifæri til þess að prófa að spila nýja leiki á breiðtjaldi og margt fleira spennandi verður í boði.

**Eftirtaldir aðilar kynna starfsemi sína og nýjungar:** CCP, SAFT, Síminn, Game Tíví, Mentor.is, eTwinning, Námsgagnastofnun, Skólavefurinn, Microsoft Íslandi, Leikjavefurinn.is, Leikjaland.is og Leikjanet.is.

Nánari upplýsingar á www.saft.is

SAFT
SAMFÉLAG, FJÖLSKYLDA OG TÆKNI

Síminn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
646 **-0,16%**

**Fjöldi viðskipta:** 24
**Velta:** 23 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | +10,00% | **CENTURY AL.** | -7,44% |
| **ÖSSUR** | +0,34% | **BAKKAVÖR** | -2,86% |
| | | **MAREL** | -1,44% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** **223,37** +1,62

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,95 +0,00% ... Atorka 0,55 +10,00% ... Bakkavör 4,42 -2,86% ... Eimskipafélagið 1,33 -0,75% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,30 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 75,40 -1,44% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 89,80 +0,34%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fráviksspáin miðast við töf

„Það yrði svo skelfileg tilhugsun að ég vildi helst ekki hugsa það dæmi til enda,“ segir Þórarinn G. Pétursson, staðgengill aðalahagfræðings Seðlabankans, um efnahagshorfur, færi svo að ekki kæmi aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Neikvæðari fráviksspá í Peningamálum Seðlabankans er miðuð við að töf verði á aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Í fráviksspánni verri er meðal annars gert ráð fyrir að evran gæti farið vel yfir 180 krónur og haldist á bilinu um 170 og upp undir 180 fram yfir mitt ár 2011. Það fari verðbólga upp undir 30 prósent í byrjun næsta árs, en lækki svo skarpt. Enn fremur að hagvöxtur verði neikvæður um og yfir 12 prósent um mitt næsta ár og atvinnuleysi verði meira og vari lengur en í grunnspánni.



ÞÓRARINN G. PÉTURSSON FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þórarinn G. Pétursson segir að ekki hafi verið spáð miðað við að aðstoð Alþjóðagjaldeyrisjóðsins fáist ekki. Færi svo, sé ljóst að þróun efnahagsmála yrði enn verri en gert sé ráð fyrir í fráviksdæminu. Verðbólga gæti orðið mun meiri, gengið lægra og samdráttur meiri. **- ikh**

## SKIPTING SKULDANNA

Heildarskuldir við íslenska bankakerfið í september voru hátt á fimmta þúsund milljarða, samkvæmt tölum Seðlabankans. Þær skiptast svo í grófum dráttum milli heimila, fyrirtækja og eignarhaldsfélaga:




Tölur eru í milljónum kr.

# Allir lækka vextina

Seðlabankar á evrusvæðinu og í Bretlandi gripu til aðgerða í gær til að sporna við erfiðleikum í efnahagslífinu af völdum alþjóðlegu fjármálakreppunnar.



JEAN-CLAUDE TRICHET

Englandsbanki lækkaði stýrivexti um 1,5 prósentustig en Evrópski seðlabankinn um 0,5. Ákvörðun Evrópubankans var í lægri mörkum væntinga en niðurstaða Englandsbanka yfir væntingum.

Seðlabankar í Evrópu utan evrusvæðisins gripu til svipaðra aðgerði í kjölfarið.

Lengi hefur hins vegar þrýst á Englandsbanka að koma til móts við þrengingar í efnahagslífi en Bretar standa frammi fyrir 13,7 prósenta verðfalli á fasteignaverði samhliða samdrætti í einkaneyslu.

| STÝRIVEXTIR Í EVRÓPU* | |
|---|---|
| **Land** | **Vaxtastig** |
| Evrusvæðið | 3,25% |
| England | 3,00% |
| Sviss | 2,00% |
| Tékkland | 2,75% |
| Danmörk | 5,00% |

* LÖND SEM BREYTTU STÝRIVÖXTUM Í GÆR

Tiltölulega stutt er síðan vísbendingar komu fram um samdrátt í hagkerfi evrusvæðisins þótt verulega hafi hægt á í Þýskalandi, umsvifamesta evrulandinu, upp á síðkastið.

Verðbólga á evrusvæðinu stendur í 3,2 prósentum og nokkuð yfir verðbólgumarkmiðum bankans. Hagfræðingar búast þó við að hratt dragi úr henni á næstu mánuðum auk þess sem frekari stýrivaxtalækkun sé í spilunum. **- jab**

# Verðbólgumarkmið Seðlabankans hefur beðið hnekki

**Seðlabankinn ætlar að beita stýrivöxtum og grípa inn í gengismarkað til að styðja við gengi krónunnar. Endurmat gengis- og peningamála er fram undan. Mikilli verðbólgu er spáð, atvinnuleysi og raunlækkun launa.**

„Verðbólgumarkmið Seðlabankans hefur beðið hnekki,“ segir í inngangsorðum Peningamála sem Seðlabankinn gaf út í gær.

Bankinn segir að gengi krónunnar fái tímabundið aukið vægi við ákvörðun vaxta. Þrátt fyrir það sé einhliða fastgengisstefna ekki á döfinni.

Seðlabankinn segist munu beita stýrivöxtum og „tilfallandi inngripum“ á gjaldeyrismarkaði til að gengi krónunnar víki ekki mikið frá grunnspá bankans.

„Þótt lítill viðskiptahalli muni styðja við gengi krónunnar til lengri tíma litið er ekki loku fyrir það skotið að töluverður þrýstingur myndist á hana í upphafi ef til dæmis eigendur verðbréfa í íslenskum krónum, sem að töluverðu leyti eru erlendir, leitast við að selja þau þegar skipulegur gjaldeyrismarkaður opnast á ný,“ segir í Peningamálum.

Að óbreyttu verði verðbólgumarkmið grundvöllur peningamálastefnunnar, þegar stöðugleiki næst í gengismálum. „Hins vegar er æskilegt að skjóta styrkari stoðum undir verðbólgumarkmiðið um leið og endurmetið er hvaða fyrirkomulag gengis- og peningamála hentar til lengri tíma,“ segir í Peningamálum.

Seðlabankinn gerir ráð fyrir að verðbólga vaxi enn og að ársverðbólgan verði komin yfir 20 prósent í byrjun næsta árs. Hún mælist nú tæp sextán prósent.



**AÐALHAGFRÆÐINGUR SEÐLABANKANS** Arnór Sighvatsson ritstýrir Peningamálum. Þar segir að verðbólgumarkmiðið hafi beðið hnekki og áherslan verði á gengið á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankinn gerir ráð fyrir að verðbólgan fari niður fyrir fimm prósent í lok næsta árs. Framhaldið sé hins vegar óvíst og ráðist af gengisþróun krónunnar.

Í grunnspá Seðlabankans er gert ráð fyrir að evran kosti um 154 krónur á seinustu þremur mánuðum ársins. Gengið verði svo um 134 krónur á sama tíma að ári.

Mikill samdráttur verði í efnahagslífinu, einkum í einkaneyslu. Einnig dragist fjármunamyndun mikið saman, þrátt fyrir stórframkvæmdir í Helguvík og víðar.

Landsframleiðsla dragist saman um rúmlega átta prósent á næsta ári og um tæp tvö prósent til viðbóta árið 2010.

Þriggja prósenta hagvexti er spáð árið 2011.

Þá gerir Seðlabankinn ráð fyrir að einn af hverjum tíu verði atvinnulaus í lok næsta árs.

Seðlabankinn gerir enn fremur ráð fyrir að raunlaun lækki um tólf prósent á þessu ári og hinu næsta.

Peningamál greina frá því að afgangur verði verulegur í vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd og viðskiptahallinn hverfi nánast á næsta ári. Það taki hins vegar langan tíma að koma efnahagslífinu í fyrra horf. Hversu langan tíma það taki velti helst á því hversu langan tíma taki að ná genginu stöðugu.

Seðlabankinn telur jafnframt að mikil óvissa sé um framvindu efnahagsmála, vegna fjármálakreppunnar. **ingimar@markadurinn.is**

# Úkraína með græna ljósið

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) samþykkti í gær að veita stjórnvöldum í Úkraínu 16,4 milljarða dala, jafnvirði 2.100 milljarða íslenskra króna, til næstu tveggja ára. Upphæðin verður nýtt til að takast á við áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á efnahagslíf landsins.



STRAUSS-KAHN

Láninu fylgja nokkur skilyrði um efnahagslegar umbætur með það fyrir augum að slá á verðbólgu, blása í dvínandi hagvöxt og auka útflutningstekjur, sem hafa dregist verulega saman vegna verðlækkunar á stáli upp á síðkastið. **- jab**


Gæðamálning á góðu verði
Berið saman verð og gæði!




DEKA PRO 10 - 10L
4.990 kr.
Opið mán-föstud. 8-18
laugardaga 9-16
Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afsláttt eða gott verð?
Kletthálsi 7 Sími 412 2500

DVD DISKAR Á 599 KR
GILDIR Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI OG GLERÁRTORGI

300
16 Blocks
21 Grams
25th Hour
40 Year Old Virgin
50 First Dates
History of Violence
Abandon
After the Sunset
Agent Cody Banks
Aladin
Konungur Þjófana
Alex & Emma
Alexander
Alfie (2005)
Alien
AVP: Alien vs. Predator
Alien Autopsy
All the Kings Men
American Dreamz
American Gigolo
American Pie: The Naked Mile
American Splendor
Amityville Horror
Inconvenient Truthn
Ant Bully
Anything Else
Apocalypto
Are We There Yet
Around the World in 80 Days (2005)
Art School Confidential
Assassination of Richard
Nixon
Attack Force
Aviator
Álfur (Elf)
Ávaxtakarfan
Babel
Bad Education
Bad News
**Og svo miklu fleiri titlar.**
á meðan birgðir endast



Office 1 Superstore
Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170



TONA®
LIVE CONCEPT

T-690 5 MISMUNANDI ÚTLIT

til afgreiðslu af lager



T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT



T-580 5 MISMUNANDI ÚTLIT



T-1000 2 MISMUNANDI ÚTLIT





ALLAR INNRÉTTINGAR
AFHENTAR SAMSETTAR

T-920 2 MISMUNANDI ÚTLIT

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

T-730
5 MISMUNANDI ÚTLIT

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Eignarhald, sjálfstæði og samkeppni fjölmiðla:

# Grundvallarreglur

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Samningur um að færa útgáfu Fréttablaðsins og Morgunblaðsins undir eitt útgáfufélag hefur skiljanlega vakið umræður um eignarhald á fjölmiðlum. Athyglisvert er á hinn bóginn að í umræðum á Alþingi um álitaefnið tókst flestum þingmönnum að ganga á svig við grundvallaratriði stjórnarskrár um tjáningarfrelsi og atvinnufrelsi og löggjafar um jafna samkeppnisstöðu.

Þessi Alþingisumræða í byrjun vikunnar fór að meira og minna leyti fram í fjögurra ára gömlu andrúmi. Þá var tekist á um hvort leikreglurnar ætti að sníða eftir því hvaða einstaklingar ættu hlut í fjölmiðlum. Hádegissól málshefjanda og formanns Framsóknarflokksins bar nú sem fyrr við þær gömlu hugmyndahæðir.

Af kögunarhóli ábyrgðarmanna fjölmiðla blasir við að ritstjórnarlegt sjálfstæði er miklu fremur háð fjárhagslegum styrk útgáfufyrirtækisins en fjölda hluthafanna. Einn ráðandi hluthafi getur haft næmari skilning á gildi ritstjórnarlegs sjálfstæðis en fimm af jafnri stærð. Því getur líka verið öfugt farið.

Útgáfufyrirtæki sem ekki hefur ágóða sem markmið er líklegt til að hafa afmarkaðan ritstjórnarlegan tilgang með starfseminni. Ráði sjónarmið ágóðans rekstrarmarkmiðunum er á hinn veginn líklegra að eigendur vilji varðveita breiða og sjálfstæða ritstjórnarstefnu. Hún er einfaldlega meiri söluvara.

Þessar aðstæður geta horft öðru vísi við lesanda blaðs eða hlustanda útvarps eða sjónvarps. Hann er ekki líklegur til að tengja saman fjárhagslegan styrk fjölmiðils og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Á hinn bóginn er sennilegt að tilfinning hans sé sú að dreift eignarhald hafi í því efni meira vægi. Megi slík tilfinning verða til að efla traust á fjölmiðlum er rétt að horfa til þess.

Umræður um dreift eignarhald ráðandi fjölmiðla eru eðlilegar í þessu ljósi. Takmarkanir af því tagi mega hins vegar ekki ganga á svig við ákvæði stjórnarskrárinnar eins og ætlunin var fyrir fjórum árum. Þær mega heldur ekki grafa undan sjálfstæði fjölmiðla með því að veikja rekstrarforsendur þeirra. Hér þarf því að finna ásættanlegt jafnvægi.

Umræðan um þátttöku Ríkisútvarpsins ohf. á auglýsingamarkaði er sama marki brennd. Þar deila menn helst um hvort sanngjarnt sé að tiltekin einkafyrirtæki sitji að þessum markaði. Enginn ræðir þá staðreynd sem við blasir að Ríkisútvarpið ohf. fer ekki að settum leikreglum um opinberlega birt auglýsingaverð. Um það kæra þingmenn sig kollótta.

Í nágrannalöndunum eru aðalútvarpsstöðvar ríkisins ekki á auglýsingamarkaði. Einkarekin fjölmiðlafyrirtæki vilja að sambærilegar reglur gildi hér og þar. Alþingi hefur á hinn bóginn ákveðið með lögum að Ríkisútvarpið eigi að reka markaðsstarfsemi og kosta hana með auglýsingum. Það er umdeilanleg skipan mála. Hún er þó að ákveðnu marki skiljanleg.

Á hinn bóginn er óskiljanlegt með öllu að opinbert fyrirtæki, sem með lögum er ætluð þátttaka á markaðstorgi viðskiptanna, skuli undanþegið grundvallarreglum samkeppnisréttarins. Jafnvel frávikið frá aðalreglunni um að ríkið eigi að halda sér utan markaðsstarfseminnar þarf undanþágu frá grundvallarreglunni um sömu leikreglur fyrir alla.

Hvers vegna geta Alþingi og markaðsfyrirtækin ekki sæst á þá málamiðlun að ríkisvaldið fái að vera á auglýsingamarkaði en lúti þá samkeppnisreglum? Hvaða hugsjónir standa gegn því?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

EVRÓPUSMIÐJA VINSTRI GRÆNNA

laugardaginn 8. nóvember kl. 11:00 til 13:00 í Suðurgötu 3

Dagskrá:

, meistaranemi í alþjóðasamskiptum:
„Værum við einhverju bættari með Evrópusambandsaðild?"

, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands:
„Evrópusambandið og íslensk efnahagsmál."

Eftir erindin verða umræður um Evrópumálin. Heitt á könnunni.



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veikt þing

Þingmenn, jafnt úr stjórnarliði og stjórnarandstöðu, kvarta sáran undan því að þingið sé of veikt og taki lítinn þátt í ákvörðunum um aðgerðir vegna fjármálakreppunnar. Kjartan Ólafsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, virðist þó hafa nóg fyrir stafni. Alltént sá hann ástæðu til að ráða sér aðstoðarmann í vikunni, engan annan en ofurumbann Einar Bárðarson.

### 23 aðstoðarmenn

Alls hafa 23 þingmenn nú ráðið sér aðstoðarmann, þar af formenn stjórnarandstöðuflokkanna þriggja en aðstoðarmenn þeirra eru í fullu starfi. Aðstoðarmenn óbreyttra þingmannna eru í þriðjungsstarfi, en í lögum er gert ráð fyrir að þingmenn geti slegið sér saman um ráðningu aðstoðarmanns og hækkar þá starfshlutfall hans sem því nemur. Athygli vekur að engir þingmenn kjósa að samnýta aðstoðarmenn. Kannski mega þeir ekki við því að deila þeim með öðrum þingmönnum sökum anna?



### Umboðsmenn á Alþingi

Einar Bárðarson, nýráðinn aðstoðarmaður Kjartans Ólafssonar, hefur verið kallaður umboðsmaður Íslands. Umboðsmaður Alþingis er hins vegar enn sem komið er Tryggvi Gunnarsson. Nú hefur hann haft á sínu borði í næstum því tíu mánuði, klögumál um að Árni Mathisen hafi sem settur dómsmálaráðherra brotið í bága við góða stjórnsýsluhætti þegar hann skipaði Þorstein Davíðsson í dómaraembætti. Æxlun mannsins, frá getnaði til fæðingar, tekur styttri tíma. Hvenær er von á niðurstöðu og hvað skýrir þennan seinagang? Skyldu Óttarr Proppé og félagar í pönkhljómsveitinni Rass hafa haft á réttu að standa þegar þeir sungu „Umboðsmaður Alþingis, hann er ekki að standa sig"?



**bergsteinn@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Við þurfum nýja byrjun

**UMRÆÐAN**

Jón Sigurðsson skrifar um ábyrgð



JÓN SIGURÐSSON

Þjóðin kallar eftir skýringum um þá herfilegu atburði sem gerst hafa í íslensku viðskiptalífi. Við erum mörg sem berum ábyrgð á forsendum og aðdraganda þeirra. Nú þarf að rannsaka öll þessi mál á hlutlægan hátt og síðan að stokka öll samfélagsspilin. Við þurfum nýtt forystulið, ný andlit og ný nöfn. Við þurfum nýja byrjun og nýja stefnu. Við sem erum ábyrg eigum að hjálpa til en getum ekki tekið forystuhlutverk nema með sérstöku endurnýjuðu umboði.

Við fylgdum alþjóðaviðhorfum um fjármálareglur og eftirlitskerfi. Nú er orðið ljóst að það slaknaði á mörgum öryggisþáttum og teknar voru óbætanlegar áhættur, jafnt erlendis sem hér. Og ekki voru settar nægar reglur vegna viðkvæmni og veikleika íslenska kerfisins. Þegar litið er til atburða á þessu ári, 2008, er ábyrgðin auðvitað bankanna sjálfra og síðan eftirlitsstofnana og núverandi stjórnvalda. En við megum ekki heldur gleyma græðginni, drambinu og frjálshyggjuöfgunum. Nú verðum við líka að forðast hinar öfgarnar, forðast að lenda í svaði ríkisrekstrar og flokkspólitískrar stýringar. Enginn sá þetta hrun fyrir. Margir höfðu fjallað um vandamál í íslensku fjármálakerfi. Sl. vor ritaði ég greinar í Morgunblaðið um þessi vandamál og „varnarleysi" íslenska fjármálakerfisins og í maí sl. sagði ég í viðtali við 24 stundir að „mikil vá er fyrir dyrum". Ég benti á aðild að ESB sem úrlausn og sumir lesendur sáu ekki annað í þessum greinum. En ég sá ekki frekar en aðrir fyrir þá alþjóðlegu flóðbylgju sem féll á okkur.

Hlutskipti forystumanna Íslendinga hefur ekki verið öfundsvert. Framkoma Geirs H. Haarde, Björgvins G. Sigurðssonar og fleiri hefur verið aðdáunarverð. Vitaskuld hafa þeir gert mistök en hver hefði komist hjá slíku? Við verðum líka að forðast að persónugera um of. Ég vil ekki vera með ásakanir en spurningarnar eru margar: Hver var viðvörun Geirs H. Haarde við Gordon Brown sl. vor sem fjölmiðlar hafa nefnt? Vissi Fjármálaeftirlitið um hraða aukningu í Icesave sl. vor þegar Icesave var opnað í Hollandi? Er það rétt sem sagt er að neyðarlögin hafi verið skrifuð sl. sumar og geymd? Hvers vegna var ekki leitað til IMF í ágúst þegar aðrar leiðir voru lokaðar? Ég get skilið hik ráðamanna framan af en ekki til lengdar. Markaðurinn og matsfyrirtækin fordæmdu yfirtöku á Glitni umsvifalaust í lok september, og þá áttu augu manna að opnast. Enn fleiri spurningar: Hverjar eru orðaþýðingarnar sem foringjar Breta notfærðu sér gegn okkur? Á að skilja ummæli formanns seðlabankastjórnar sem ágreining við ríkisstjórnina? Getur slíkt gengið við núverandi aðstæður?

Það er greinilega ófært að ætla sér að byggja nú upp nýtt krónukerfi. Ísland getur ekki orðið ný Norður-Kórea eða Kúba í fjármálum. Við höfum áður tekið okkur tak, og við þekkjum mörg fordæmi annarra þjóða, t.d. Færeyinga og Finna. Íslenska þjóðin vill ekki gefast upp heldur takast á við viðfangsefnin og endurreisa hér fyrirmyndarsamfélag frelsis, samvinnu, jafnaðar og menningar, samfélag í virkum alhliða tengslum við nágrannaþjóðirnar. Við viljum endurnýja okkur og nota þetta sem tækifæri til að bæta meinsemdir þjóðfélagsins og endurnýja velferð og velmegun á Íslandi. Þjóðarstolt okkar og þjóðarmetnaður krefjast þess.

Það er enginn vafi lengur að við eigum þegar í stað að lýsa yfir aðildarumsókn að Evrópusambandinu, ekki til að sníkja ódýra reddingu heldur sem fyrsta skref þjóðarinnar til metnaðarfullrar framtíðar.

*Höfundur er fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Regatta
GREAT OUTDOORS™

STÖNDUM SAMAN GEGN KREPPUNNI !

OKKAR FRAMLAG

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

# Blekkingar Andra Snæs

UMRÆÐAN

Tómas Már Sigurðsson skrifar um áliðnað



TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Andri Snær Magnason birti grein í Fréttablaðinu laugardaginn 18. október, þar sem hann ræðir um útflutningstekjur af áli, einkum frá álveri Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Þar ræðir hann meðal annars um það sem hann kallar „alvarlegar blekkingar“ sem beitt sé, þegar sagt er að útflutningstekjur fyrir ál sem flutt er út frá Fjarðaáli séu 70 milljarðar íslenskra króna. Sjálfur gerir Andri Snær sig sekan um stórfelldar blekkingar í greininni og ekki stendur steinn yfir steini í röksemdafærslu hans.

Markaðsátak Andra Snæs vegna væntanlegrar kvikmyndar hans um Draumalandið er greinilega hafið. Ekki er annað hægt en að óska skáldinu til hamingju með að hafa tekist að nýta hugmynd sína til hins ýtrasta um að beita aðferðum áróðurstækni til að ráðast gegn einni mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar. Spunaverkefnið hófst með útkomu bókarinnar Draumalandsins, í kjölfar hennar var farið í fyrirlestraherferð, stofnaður stjórnmálaflokkur, gefið út borðspil, samið leikrit, bókin gefin út erlendis og nú er kvikmynd væntanleg. Því miður hafa íslensk orkufyrirtæki, álfyrirtæki, verkfræðistofur og sá mikli fjöldi annarra íslenskra fyrirtækja sem hafa tekjur sínar af því að þjónusta þennan geira, til þessa ekki andæft málflutningi Andra Snæs af nægjanlegum krafti. Þörf er á auknu upplýsingaflæði frá þessum aðilum í framtíðinni.

## Útflutningstekjur eru einfalt hugtak

En aftur að grein Andra Snæs í Fréttablaðinu. Hann vill ekki tala um útflutningstekjur því þær gefi ranga mynd af þeim tekjum sem eftir verða í landinu af útflutningi áls. Hugtakið útflutningstekjur var ekki fundið upp á skrifstofum Alcoa eða af fjölmiðlum. Útflutningstekjur eru hugtak sem notað er í allri umræðu um efnahagsmál um allan heim. Hagstofan safnar saman og greinir upplýsingar um útflutningstekjur. Orðið er mjög lýsandi því útflutningstekjur eru einfaldlega þær tekjur sem fyrirtæki sem starfrækt eru í landinu hafa af því að selja vörur sínar og þjónustu til erlendra aðila. Það er ekki flóknara en svo. Það er hins vegar ekki einfalt mál að reikna út hvaða áhrif útflutningur einstakra fyrirtækja hefur á þjóðarbúskapinn. Andri Snær lætur það ekki aftra sér og segir að einföld þekking á heimilisbókhaldi nægi.

## 9,5 milljarðar í innlend aðföng

Andri Snær gefur sér að 400 verkamenn starfi hjá Alcoa Fjarðaáli og meðallaun þeirra séu um fimm milljónir á ári. Fjöldinn er ekki fjarri lagi þó að rétt sé að um 450 manns með fjölbreytta menntun og reynslu starfi hjá fyrirtækinu og meðallaun þeirra séu nokkuð yfir þeirri upphæð sem hann gefur sér. Alvarlegra er að hann gerir ekki ráð fyrir að nokkur launatengd gjöld séu greidd af laununum. Miðað við forsendur Andra Snæs er þessi tala því rúmlega þrír milljarðar króna, en ekki um tveir milljarðar eins og hann heldur fram.

Hann telur heldur ekki með störf hjá verktökum og öðrum aðilum sem þjónusta Alcoa Fjarðaál, en við rekstur fyrirtækisins er lögð áhersla á að útvista ýmsa stoðþjónustu. Yfir 300 verktakar starfa fyrir Fjarðaál á álverslóðinni og mjög varlega áætlað má ætla að fyrirtækið hafi skapað um eitt þúsund störf á landinu. Hér má nefna störf hjá verkfræðistofum, skipafélögum, vélsmiðjum, hugbúnaðarfyrirtækjum, endurvinnslufyrirtækjum og svona mætti lengi telja.

Í greininni ályktar Andri Snær út í bláinn að kaup á innlendum aðföngum vegna starfsemi Alcoa Fjarðaáls, fyrir utan raforku, nemi um einum milljarði króna. Hið rétta er að þessi upphæð er um níu og hálfur milljarður króna. Þar skeikar átta og hálfum milljarði króna. Inni í þessari tölu eru greiðslur til fjölmargra verktaka fyrirtækisins.

## Skattgreiðslur í samræmi við lög

Andri Snær segir að árið 2007 hafi íslenskur áliðnaður greitt 1,5 milljarða króna í skatt og að Alcoa greiði aðeins 5% skatt af arði. Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að ástæða þess að álfyrirtækin greiða ekki mikinn tekjuskatt er að þau hafa staðið í miklum fjárfestingum á Íslandi undanfarin ár. Fjárfesting Alcoa í álverinu í Reyðarfirði nemur á annað hundrað milljörðum króna síðustu fjögur árin. Þessi fjárfesting er afskrifuð á ákveðnum tíma og afskriftir eru taldar með kostnaði samkvæmt íslenskum skattalögum. Tekjuskatthlutfall Fjarðaáls er hins vegar 15% eins og annarra íslenskra fyrirtækja en Andra Snæ finnst engin ástæða til að taka það fram. Skattur af arði sem greiddur er til hluthafa er hins vegar 5%. Það hlutfall er í samræmi við það sem almennt tíðkast um arðgreiðslur til hluthafa í ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við.

## Heildarstuðningur 0,49% en ekki 3,0%

Fullyrðingin um að Alcoa hafi fengið milljarða króna styrk frá ríkinu er lífseig, en ríkið hefur aldrei veitt beinan styrk til álversins í Reyðarfirði eins og Andri Snær gefur í skyn. Líklega er Andri Snær að vísa til útreikninga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem taldi að ákvæði í fjárfestingarsamningi um iðnaðarmálagjald, fasteignaskatt, eignaskatt og fleiri atriði jafngiltu heildarstuðningi við verkefnið upp á 34,3 milljónir Bandaríkjadala til fjörutíu ára, sem er um 3% af stofnkostnaði. ESA gerði ekki athugasemdir við þetta enda ljóst að mörg önnur lönd bjóða fyrirtækjum mun meiri ívilnanir en Ísland til að laða að sér stórar erlendar fjárfestingar.

Vert er að geta þess að frá og með árinu 2008 hefur sveitarfélagið Fjarðabyggð lækkað fasteignaskatt á öllum fyrirtækjum í sveitarfélaginu niður í 1% og eignaskattur hefur verið felldur niður á öllum atvinnurekstri á Íslandi. Eftir standa þá 5,6 milljónir Bandaríkjadala til fjörutíu ára, sem eru um 17 milljónir króna á ári, miðað við núverandi gengi, eða um 0,49% af áætluðum stofnkostnaði árið 2003. Samkvæmt byggðareglum ESA hefði slíkur stuðningur mátt nema allt að 17%.

Vegna viðskiptahagsmuna er orkuverðið sem samið var um á milli Landsvirkjunar og Fjarðaáls ekki gefið upp en eins og kemur fram í ágætri grein Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Landsvirkjunar, í Fréttablaðinu þriðjudaginn 21. október síðastliðinn eru þær upphæðir sem Andri heldur fram fjarri öllu lagi. Jafnvel við núverandi álverð, sem hefur lækkað um 35% frá því í sumar, má gera ráð fyrir að Landsvirkjun muni borga Kárahnjúkavirkjun niður hraðar en gert var ráð fyrir í upphafi. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að jafnvel þó að hann hefði rétt fyrir sér í því að allar greiðslur til Landsvirkjunar rynnu beint úr landi, gleymir hann að taka fram að á móti kemur eignamyndun í virkjunum hér á landi. Það er þó fjarstæða að gera ráð fyrir því að allar tekjur Landsvirkjunar af orkusölu fari í að greiða erlendar skuldir og enn fjarstæðukenndara er að gera ráð fyrir að sjávarútvegur og ferðaþjónusta séu skuldlausar greinar við erlenda lánardrottna. Þessar greinar eru þó mjög mikilvægar íslensku atvinnulífi, ekki síður en áliðnaðurinn.

## Yfir þriðjungur tekna eftir á Íslandi

Iðnaðarráðherra svaraði nýlega á Alþingi fyrirspurn um framlag áliðnaðarins til þjóðarbúsins. Í svari hans kom fram að áætla megi að um þriðjungur tekna álveranna á Íslandi verði eftir í landinu. Óhætt er að fullyrða að það sé mjög varlega áætlað. Þær tölur sem Andri Snær heldur fram eru hins vegar meira og minna rangar og hann leyfir sér að saka aðra um blekkingar.

*Höfundur er forstjóri Alcoa á Íslandi.*

# Hvernig er heimur barnsins þíns?

UMRÆÐAN

Hlín Böðvarsdóttir skrifar um netnotkun barna



HLÍF BÖÐVARSDÓTTIR

Foreldrar kannast vel við þá tilfinningu að vita ekki alveg hvað er að gerast í heimi barnanna þeirra. Þegar við náum loksins að skilja styttingar á msn og sms flóðinu koma nýjar styttingar, þegar við höfum loksins lært einn rapptexta dettur hann úr tísku og við vogum okkur ekki inn á órannsakaðar brautir internetsins. Hvað er til ráða?

Tölvuveröldin er heimur unga fólksins. Besta leiðin til að kynnast þeirra heimi er að hella sér út í þennan óendanlega heim þekkingar, fróðleiks og félagsnetssíðna. Meðalaldur íslenskra barna þegar þau fara á netið í fyrsta skipti er 7,7 ár og því er mikilvægt að við séum búin að kynna okkur og kenna þeim hvað er að gerast á netinu. Móðir sagði mér um daginn frá fimm ára dóttur sinni sem er á góðri leið með að verða „tölvunörd“. Hún kann hvorki að skrifa né lesa en er greinilega búin að læra upp á sitt einsdæmi orð sem fleyta henni áfram á netinu. Eitt sinn var amman í heimsókn þegar sú stutta biður ömmu sína um að stafa nafnið sitt sem amma gerði samviskusamlega. Sú litla pikkaði inn stafina en þá fóru að renna á móðurina tvær grímur. Hvað var hún eiginlega að gera? Þegar að var gáð var sú litla að sækja um Garfield greiðslukort í gegnum MasterCard í Kanada í nafni ömmu sinnar!

Einn vinsælasti vettvangur unga fólksins eru ýmsar félagsnetsíður og eru Myspace og Facebook vinsælastar hér á landi. Þegar unglingar eru spurðir hvers vegna þeir nota þessar síður er algengasta svarið að vera í sambandi við vini. Það eiga foreldrar stundum erfitt með að skilja og spyrja hvers vegna þau fari ekki út að hitta vinina. En gleymum ekki að við lágum tímunum saman í símanum að tala við vini sem við vorum nýbúin að kveðja. Staðreyndin er sú að hver kynslóð hefur sína tækni. Góð leið til að auka samskipti foreldra og barna á netinu er að hafa þau sem vini á t.d. Facebook. Þar geta foreldrar séð hverjir vinirnir eru, hvernig samskiptin eru og hvað þau eru að bralla dagsdaglega. Sem dæmi má nefna foreldra sem tóku eftir því hjá unglingsdóttur sinni að staða hennar á Facebook hafði breyst úr „single“ í „in a relationship“, foreldrarnir hafa eflaust getað notað tækifærið og spurt hverra manna strákurinn væri!

Ef við tökum þátt í heimi barnanna okkar erum við betur í stakk búin til að takast á við vandamál sem upp koma og kannski ekki síður að taka þátt í gleði og upplifunum eins og það að kynnast strák eða stelpu sem gæti orðið síðar hluti af fjölskyldunni. Eftir stendur að mikilvægi samskipta fjölskyldumeðlima er óbreytt en samskiptaleiðirnar eru fjölbreyttari og oft á tíðum, fyrir okkur fullorðna, flóknari.

SAFT og Síminn halda ráðstefnu um netnotkun barna og unglinga og ábyrgð foreldra laugardaginn 8. nóvember kl. 10.30-14.00 á Háskólatorgi HT102 í Háskóla Íslands og hvetjum við alla sem hafa áhuga á þessu málefni til að fjölmenna.

*Höfundur er verkefnisstjóri SAFT.*

# Spilaði ráðherra frítt?

UMRÆÐAN

Jón F. Thoroddsen skrifar um tengsl ráðherra við Kaupþing

Það er sérkennilegt ef ráðherrar í ríkisstjórn Íslands hafa ekki betri yfirsýn yfir eigin skuldbindingar en svo að menntamálaráðherra viti ekki hvort lán til félags þeirra hjóna sem eiginmaður hennar fékk vegna kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi hafi verið með persónulegu veði eða ekki. Þetta mátti skilja af ummælum hennar í hádegisfréttum þann 4. nóv. Þó svo að slík eign sé skráð á einkahlutafélag verður félagið væntanlega að leggja fram veð eins og tíðkast í öllum almennum lánaviðskiptum. Í framvirkum hlutabréfasamningum hjá Kaupþingsbanka (hinum gjaldþrota) þurfti að jafnaði að leggja fram tryggingu sem næmi 25% af heildarupphæðinni. Þetta átti við um einstaklinga, einkahlutafélög og hlutafélög. Eða getur það verið að ráðherrann og fjölskylda hennar hafi fengið að kaupa fyrir hundruð milljóna í Kaupþingi á einkahlutafélag með engu veði nema hlutabréfunum sjálfum? Kjör sem almennir viðskiptavinir Kaupþings sáu aldrei? Getur verið að Fjármálaeftirlitið hafi almennt lagt blessun sína yfir slík lán? Að t.d. 34 milljarðar króna í lánasafni Kaupþings hafi verið lán til starfsmanna með engum veðum nema bréfunum sjálfum? Ef eftirlitið var svona dapurt og ráðamenn tilbúnir að samþykkja sérkjör er þá nema að von að þjóðir heimsins hugsi sig tvisar um að lána okkur?

*Höfundur er hagfræðingur.*

Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í myndlist

Listmunauppboð

verður haldið mánudagskvöldið 10. nóvember
í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Uppboðið hefst kl. 18.
Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.



Jón Engilberts



Kristján Davíðsson

LISTMUNASALA fold

Verkin eru til sýnis:
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17,
sunnudag kl. 12–17 og mánudag 10–17

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



**GLJÚFRASTEINN** er tilvalinn viðkomustaður um helgina. Húsið var heimili og vinnustaður Nóbelsskáldsins Halldórs Laxness og fjölskyldu hans í um hálfa öld en er nú safn. Opið er alla daga nema mánudaga frá klukkan 10 til 17 á veturna.

FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447





Villibráðar-hlaðborð

16. október - 19. nóvember

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 7.750 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

*6.750 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Saðsamar og hollar bollur með kotasælu eru gott snarl eftir vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Bakar bollur fyrir gesti

**Hrafnhildur Tryggvadóttir bakar saðsamar brauðbollur í frystinn sem hún segir gott að grípa til þegar hún kemur svöng og þreytt heim úr vinnunni. Bollurnar hleður hún svo hollu áleggi.**

Hrafnhildur Tryggvadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur hjá Landsvirkjun, segist ekkert sérstaklega dugleg að elda og ísskápurinn hjá henni og búrhillurnar séu stundum tómleg. Henni finnst þó gaman að bjóða upp á heimabakað kaffibrauð þegar hún fær gesti.

„Ég baka öðru hverju og fannst voða gaman að baka þegar ég var krakki og unglingur,“ segir Hrafnhildur en hún lærði handtökin við baksturinn í eldhúsinu hjá móður sinni. „Afköstin hjá mér við baksturinn hafa reyndar dvínað með árunum en það er alltaf heimilisleg stemning að standa í bakstri og geta boðið gestum upp á eitthvað sem maður hefur gert sjálfur. Þá er líka hentugt að baka vöfflur og pönnukökur fyrir gestina en ég á forláta vöfflujárn sem amma gaf mér og hef notað mikið.“

Uppskriftin sem Hrafnhildur deilir með lesendum Fréttablaðsins er að saðsömum brauðbollum sem hún segir bæði ódýrar og hollar.

„Bollurnar eru mjög hollar og léttar en vinkona mín, Laufey Sigurðardóttir, sem er næringarrekstrarfræðingur, bjó uppskriftina til. Í henni er bæði lítil fita og lítill sykur. Bollurnar eru bestar sem snarl einar og sér með góðu áleggi því þær eru svo matarmiklar; ég held að það geri kotasælan.

Það er sérstaklega hentugt þegar maður kemur svangur heim úr vinnunni að grípa eina bollu úr frystinum. Hún er enga stund að þiðna á borðinu og svo má hlaða á hana hollu áleggi eins og gúrkum, papriku og osti.“ Uppskriftina er að finna á síðu 2. *heida@frettabladid.is*


Íslensk hrísgrjón!

Við hjá Nings erum afar stolt af því að geta boðið upp á ljúffenga og bráðholla rétti þar sem uppistaðan er íslenskt lífrænt ræktað bygg. Byggið er ræktað af Eymundi bónda í Vallanesi á Héraði og kallar hann byggið ***„hrísgrjón norðursins“***.



| Næringargildi í 100g af byggi | |
|---|---|
| Orka kkal. | 319 |
| Orka kj. | 1334 |
| Prótein | 11,8 |
| Kolvetni | 65 |
| Fita | 1,9 |
| Trefjar | 12,3 |

Íslenskt bygg með kjúklingi, grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 590 kr. | stór 990 kr.

Íslenskt bygg með grænmeti, ferskum engifer, hvítlauk og chilli.
Kynningartilboð lítill 390 kr. | stór 690 kr.

Viðskiptavinum stendur einnig til boða að fá íslenskt bygg í stað hvítra hrísgrjóna í flesta rétti sem Nings býður upp á.

www.nings.is

TRANS FITA LO SALT MSG

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

**LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL UM JÓLIN** er yfirskrift á námskeiði Auðar Konráðsdóttur í Manni lifandi milli klukkan 18 til 20 fimmtudaginn 20. nóvember. Auður fer yfir hvernig hægt er að búa til góðar og hollar hátíðarkökur og -eftirrétti með lítilli fyrirhöfn. Nánar á madurlifandi.is.





Miroslav Manojlovic, Chandrika Gunnarsson og Gunnar Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vísa kreppunni út

**Nýr indverskur matsölustaður hefur verið opnaður undir merkjum Hraðlestarinnar í Spönginni í Grafarvogi.**

„Ég er hæstánægður,“ segir Miroslav Manojlovic, framkvæmdastjóri og einn eigenda Austurlandahraðlestarinnar. Nýr veitingastaður undir merkjum Hraðlestarinnar var opnaður í Spönginni í Grafarvogi á hádegi í gær. Miroslav segir hlýlega tekið á móti öllum nema lausafjárkreppunni.

Þetta er þriðji veitingastaðurinn sem Hraðlestin opnar. Frumburðurinn leit dagsins ljós við Hverfisgötu árið 2006 en annar er við Hlíðarsmára. Hraðlestin býður upp á inverska rétti matreidda af indverskum kokkum.

Aðrir eigendur staðarins eru hjónin Gunnar Gunnarsson og Chandrika Gunnarsson, sem rekið hafa veitingastaðinn Austur-Indíafjélagið um árabil, en hann hefur notið mikilla vinsælda meðal landsmanna.

*- jab*

# Einfalt og ferskt í fyrirrúmi

**Bókaforlagið Bjartur hefur gefið út íslenska þýðingu á Silfurskeiðinni, sem inniheldur meira en tvö þúsund ítalskar mataruppskriftir. Hvorki meira né minna en fimm þýðendur þurfti til verksins. Tveir íslenskir kokkar, þeir Leifur Kolbeinsson og Agnar Sverrisson, eiga uppskriftir í bókinni.**

„Eitt helsta einkenni ítalskrar matargerðar er einfaldleikinn og svo náttúrulega ferskt hráefni,“ segir Leifur Kolbeinsson, matreiðslumeistari á La Primavera og sérfræðingur í ítalskri matargerð, en hann, ásamt Agnari Sverrissyni, lagði til uppskriftir í íslenska þýðingu á matreiðslubókinni Silfurskeiðin sem nýverið kom út á vegum Bjarts. Bókin hefur um árabil notið mikilla vinsælda bæði á Ítalíu og víðar, og jafnvel verið hampað sem biblíu ítalskrar matargerðar. Þýðing verksins var því sem gefur að skilja ærin áskorun og dugðu ekki færri en fimm þýðendur til verksins.

Leifur kannaðist vel við bókina og var hæstánægður með að fá að koma að íslensku útgáfunni með þessum hætti. „Þessi bók hefur verið matreiðslubiblía Ítala um árabil,“ útskýrir hann. „Hún tekur til flestra þátta í ítalskri matargerð og er afar fjölbreytt. Það er jafnframt auðvelt að ganga að hvaða upplýsingum sem maður vill í henni, hvort sem þær varða hráefni eða aðferðir.“

Leifur notar sjálfur mikið af íslensku hráefni í sinni matargerð, en það samræmist því verklagi sem er í hávegum haft í löndunum við Miðjarðarhafið að notast við staðbundið hráefni fremur en aðflutt. „Það má vel vera að í ítölskum uppskriftum sé lagt til að maður noti ýmislegt sem ekki er til hér á landi eða er illfáanlegt. En það má alltaf staðfæra og nota eitthvað íslenskt í staðinn. Ég nota mikið af íslensku hráefni hér á La Primavera, en ég staðfæri það að ítölskum matreiðsluaðferðum. Ég held að í dag sé fólk alltaf að verða meðvitaðra um að sækja ekki vatnið yfir lækinn, enda getur maður nálgast ferskasta og besta hráefnið í sínu heimalandi.“

Uppskriftir Leifs í Silfurskeiðinni eru í raun matseðill, sem La Primavera mun reyndar bjóða upp á alla næstu viku. Forréttur matseðilsins er steiktur provoloneostur með fíkju- og mangósalati. „Osturinn er saltur og verður saltari við steikingu og því ákvað ég að bjóða upp á ferkst salat úr fíkjum, mangó og mintu með,“ segir Leifur.

*vigdis@frettabladid.is*



Leifur Kolbeinsson, matreiðslumeistari á La Primavera, á uppskriftir í bókinni Silfurskeiðin sem nýverið kom út á vegum Bjarts. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## STEIKTUR PROVOLONEOSTUR

með fíkju- og mangósalati **FYRIR 4**

200 g provoloneostur, skorinn í eins cm þykkar sneiðar.
1 mangóávöxtur, vel þroskaður.
2 ferskar fíkjur.
1 knippi fersk minta, fínt söxuð.
4 msk. jómfrúarolía.
1 msk. balsamedik.
sólblómaolía til steikingar.

*Afhýðið mangó og fjarlægið kjarna. Skerið svo ávöxtinn í litla tenginga og setjið í skál. Skolið fíkjur og skerið í teninga og blandið við mangó. Bætið við ólívuolíu, balsamediki og mintu og blandið vel saman. Látið standa við stofuhita. Hitið teflonhúðaða pönnu með sólblómaolíu og steikið ost í um það bil eina mínútu á hvorri hlið þar til hann er orðinn gullinbrúnn og mjúkur í miðjunni. Ostsneiðarnar eru svo settar beint á diska og salati í skál skipt jafnt á diskana og rétturinn því næst borinn fram.*






# Útsölumarkaður du pareil au même verður opinn:

Föstudaginn 7. Nóv 12:00-18:00
Laugadaginn 8. Nóv 10:00-18:00

Verslunin hættir, fullt af frábærum tilboðum á barnafatnaði 0mán-14ára.

Du pareil au même

Garðatorgi 7, Garðabæ. 5886750



# HANSKADAGAR

30% afsláttur af öllum brúnum dömu- og herrahönskum.



Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is


## UPPSKRIFT HRAFNHILDAR

### BRAUÐBOLLUR

*Hrafnhildi Tryggvadóttur finnst gott að eiga brauðbollur í frystinum.*

2 dl léttmjólk
3 dl vatn
2 msk. olía
3 tsk. þurrger eða eitt lítið bréf
140 g kotasæla
8 g (2 tsk.) hrásykur
1/4 tsk. salt
30 g sólblómafræ
2 tsk. kúmen (heilt)
100 g haframjöl
20 g hveitiklíð
600 g hveiti + 40 g til hnoðunar



Hrafnhildur segist ekki vera liðtæk í eldhúsinu en finnst gaman að bjóða gestum upp á bollur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



*Hitið mjólk, vatn og olíu að 37°C. Bætið gerinu, sykri og salti út í.*

*Bætið svo kotasælunni og þurrefnunum út í og hrærið með sleif.*

*Þegar deigið er orðið hæfilega þétt og losnar frá skálarbörmum er breitt yfir það og látið lyfta sér í um 30 mínútur. Hnoðið 40 grömm af hveiti upp í deigið og búið til bollur 90 til 100 grömm hver.*

*Bakað við um 200°C í um 20 mínútur.*

Engifer inniheldur gingerols sem getur minnkað ógleði. Önnur efni í engifer geta hjálpað til við að draga úr mígreni og liðverki með því að hamla myndun bólguaukandi efna. Teskeið af fersku engiferi út í vatn er líka talið gott við hálsbólgu.



www.islenskt.is



**HÁTÍÐ TRJÁNNA – LIST Í ÞÁGU BARNA** er samstarfsverkefni Barnaheilla og þjóðþekktra listamanna. Listamennirnir tileinka Barnaheillum verk sem hægt er að skoða hjá Sævari Karli í Bankastræti. Uppboð verður á verkunum síðar í mánuðinum og rennur ágóðinn til Barnaheilla.



# Suðurland opnar faðminn

**Sunnanmenn taka á móti gestum úr öllum landsfjórðungum opnum örmum, með kynjum og kostum, í mat og menningu, um helgina þegar menningarhátíðin Safnahelgi á Suðurlandi fer af stað í fyrsta sinn.**



Gísli Sverrir Árnason er verkefnisstjóri Safnahelgar á Suðurlandi, sem hefst með pomp og prakt í dag, en þangað verður ósvikin skemmtun að taka sveitabíltúr um helgina, þar sem héraðið mun loga enda á milli af sýningum, menningu, sagnahefð og ómótstæðilegum, sunnlenskum kræsingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það verður nóg að bíta og brenna og skoða og skemmta sér yfir á Suðurlandi um helgina, en sunnlenskt safna-, lista- og veitingafólk hefur opnað sinn víða faðm og býður gesti hjartanlega velkomna, eins og sunnlensk gestrisni er víðfræg fyrir,“ segir Gísli Sverrir Árnason, verkefnisstjóri Safnahelgar á Suðurlandi, sem hefst með ótal skemmtilegum uppákomum strax um hádegisbil í dag og lýkur ekki fyrr en á sunnudagskvöld.

„Safnahelgin á sér rætur í Safnanótt Vestmannaeyja, sem þar hefur verið haldin í nóvember undanfarin ár. Nú færast hátíðahöldin yfir allt Suðurland; austast frá Kirkjubæjarklaustri og allt að orkuverinu á Hellisheiði, sem er vestasti þátttakandinn í Safnahelginni, og vitaskuld verða Vestmannaeyingar líka með,“ segir Gísli Sverrir, sem höfðar til allra Sunnlendinga, mýmargs sumarhúsafólks á Suðurlandi og nærsveitafólks úr höfuðstaðnum og öllum áttum að koma og taka þátt í fjölbreyttri menningardagskrá Safnahelgarinnar, þar sem á annað hundrað viðburða verður í boði.

„Söfnin á Suðurlandi bjóða upp á spennandi dagskrá. Á seinni stigum bættist við rómaður matarklasi Suðurlands sem krydda mun dagskrána með girnilegum krásum og kynjaréttum sem tengjast héraðinu og matarhefðum Suðurlands,“ segir Gísli Sverrir og ítrekar að flest söfn bjóði ókeypis aðgang um helgina og veitingahús verði með hagstæð tilboð á sínum matseðlum, sem allt geri buddunni gott.

„Dagskráin er fjölbreytt og af nógu að taka fyrir alla fjölskylduna, en hana má skoða í heild sinni á www.sofnasudurlandi.is. Það er engin leið að gera upp á milli því svo margt heillandi býðst gestum, og fyrst og fremst er vakin athygli á menningararfi, sagna- og matarhefðum Sunnlendinga, í fortíð og nútíð. Því er um að gera að skoða dagskrána gaumgæfilega, velja sér áhugaverða viðburði og kortleggja helgarrúnt um Suðurland með hliðsjón af þeim. Margir munu eflaust einskorða sig við einstaka byggðarlag, en við vonum að fólk taki sér skemmtiferð á hendur um ægifagurt, þvert og endilangt Suðurland.“

*thordis@frettabladid.is*

;ALLT BÍLAR
Alla laugardaga

Amethyst - mjög glæsilegur "push up" haldari í BCD skálum á kr. 6.990,-"

**MISTY** - LAUGAVEGI 178, 105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Ný verslun á horninu á Ármúla og Síðumúla 1
Ódýr leikföng og gjafavara, jólapappír 50 kr, gjafapokar 100 - 200 kr.
Gott úrval á *Góðu verði*
extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP
Sími: 8698171 • Opið mán-föst 11-18 & laugard. 11-17





# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 7. nóvember 2008

# BLÚS ANDANNA

Gerður Kristný, rithöfundur og skáld, hefur alltaf verið draugahrædd. Í nýjustu bók sinni, Garðinum, skrifar hún um spíritisma og framliðið fólk.

## KYNNIR ÍSLENSKA MENNINGU

Charlie Strand heldur útgáfupartí á klúbbnum Punk í London

## OPNAR VINNUSTOFU OG BÚÐ

Thelma Björk Jónsdóttir selur fylgihluti og höfuðföt í nýju vinnustofunni sinni

## HÉLT FLOTT OPNUNARTEITI

Karl Berndsen opnaði Beauty bar með pomp og prakt

Mizú
SNYRTI- NUDD OG FÓTAAÐGERÐASTOFA
Borgartúni 6 • 105 Reykjavík • sími 551 1050 • www.mizu.is

Andlitsmeðferðir
Handsnyrtingar
Fótsnyrtingar
Vaxmeðferðir
Líkamsmeðferðir
Nuddmeðferðir
Tattoo
Förðun



# núna
✻ með á nótunum



helgin MÍN

## SARA DÖGG ÁSGEIRSDÓTTIR LEIKKONA

Í kvöld er frumsýning á Vestrinu eina í Borgarleikhúsinu þar sem ég er aðstoðarmaður leikstjórans, Jóns Páls. Fyrri part laugardags verður örugglega smá vinna og flutningar og svo er undirbúningur barnaafmælis sem tekur allan sunnudaginn, þar sem dóttir mín varð þriggja ára í vikunni. Sunnudagurinn verður allsherjar fjölskyldudagur.



### Kærastarnir mæta og spila

Verslunin Gyllti kötturinn í Austurstræti fagnar þriggja ára afmæli á morgun. Opið verður frá 11-17 og verður 10-30 prósenta afsláttur af öllum vörum. Rúsínan í pylsuendanum verður svo þegar strákarnir í hljómsveitinni Jeff Who? mæta á svæðið klukkan 15 og spila nokkur lög. Svo skemmtilega vill til að tvær af aðalsprautunum á bak við Gyllta köttinn, þær Ása Ottesen og Viktoría Hermannsdóttir, eiga kærasta í Jeff Who? Það verður því væntanlega kósí og góð stemning þegar Elli, Baddi og félagar mæta í Köttinn á morgun.

### Stjörnur í auglýsingu

þetta HELST

Fjöldi íslenskra tónlistarmanna mætti í tökur á sjónvarpsauglýsingu fyrir Rás 2 á dögunum. Meðal þeirra hljómsveita og listamanna sem tóku þátt voru Lay Low, Stuðmenn, Ný dönsk, Mannakorn, Buff og Dr. Spock. Þóttu listamennirnir mislengi að klára tökurnar. Eini hópurinn sem kláraði í einni töku, eins og Sinatra forðum, var Björgvin Halldórsson ásamt börnum sínum, Svölu og Krumma. Þá tók hljómsveitin Ljótu hálfvitarnir sinn hluta upp allsnaktir, með hljóðfærin ein til að skýla sér.




föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


Ljósmyndarinn Charlie Strand:

# KYNNIR ÍSLENSKA MENNINGU Í LONDON

„Þetta verður stærsta kynning á íslenskri menningu í Bretlandi í langan tíma," segir Charlie Strand ljósmyndari og höfundur bókarinnar Project: Iceland. Bókin kom út í sumar og er ljósmyndabók um frumkvöðla í íslensku tónlistar- og menningarlífi. Hinn 11. nóvember næstkomandi ætlar hann að halda stórt útgáfupartý í London. „Partýið verður haldið á skemmtistaðnum Punk í Soho, sem er meðal annars uppáhaldsskemmtistaður Kate Moss. Gusgusplötusnúðurinn President Bongo sér um tónlistina og Ultra mega teknóbandið Stefán kemur fram. Arna Sigrún sýnir hönnun sína og fyrirsætur frá Eskimo fljúga út fyrir sýninguna," segir Charlie um partýið sem fyrst og fremst er ætlað fjölmiðlum, en nú þegar hefur blaðamönnum frá Sunday Times og tímaritunum Dazed, Confused og i-D magazine verið boðið.

Charlie segist hafa fengið jákvæð viðbrögð fjölmiðla í Bretlandi þrátt fyrir milliríkjadeilur Íslands og Bretlands í kjölfar bankahrunsins. „Blaðamennirnir sem ég hef talað við eru áhugasamir um viðburðinn og eru ekki að spyrja mig út í bankahrunið, enda eru þeir að skrifa um menningu svo þeir láta þetta ekki hafa áhrif á sig," bætir hann við, en segist hafa átt erfitt með að fá vinnu hérlendis frá því hann flutti til landsins fyrir tveimur og hálfu ári. „Þrátt fyrir útgáfu bókarinnar á ég mjög erfitt með að fá vinnu við ljósmyndun. Ég lít á sjálfan mig sem best geymda leyndarmál Íslands og vonast til að fólk sjái hvað í mér býr einn daginn," segir Charlie að lokum. *- ag*




**Ljósmyndari kynnir Ísland í London** Charlie heldur partý á klúbbnum Punk í London en staðurinn er meðal annars í uppáhaldi hjá fyrirsætunni Kate Moss. Fyrirsætur frá Eskimo munu sýna nýja hönnun Örnu Sigrúnar sem er nýútskrifuð úr Listaháskólanum.

Thelma Björk Jónsdóttir hönnuður:

# Opnar vinnustofu og búð

„Það var algjör tilviljun að stofan var laus þegar ég flutti heim," segir Thelma Björk Jónsdóttir hönnuður sem opnar nýja vinnustofu í Garðastræti 2 á morgun. „Ég var með vinnustofu þarna ásamt fjórum hönnuðum árið 2005, áður en ég flutti til Parísar. Hún var svo laus þegar ég flutti heim svo ég ákvað að fara aftur á gamla staðinn, ein með mín höfuðföt," útskýrir Thelma sem mun selja eigin hönnun ásamt vel völdum fylgihlutum.

„Það verða aðallega höfuðföt og spangir frá mér, en ég ætla líka að vera með fylgihluti eftir aðra hönnuði eins og kraga eftir Áróru Eir og töskur eftir Hrafnhildi Guðrúnardóttir. Einnig verða flottir hlutir fyrir herramenn svo sem slaufur eftir Guðjón Tryggvason og ermahnappar og bindisnælur eftir Ingu gullsmið. Við erum ekki með fatnað heldur fylgihluti, sem eru svolítið punkturinn yfir i-ið," bætir hún við.

„Á morgun verður opnunarveisla í vinnustofunni í Garðastræti klukkan tvö. Það eru allir velkomnir, en þetta verður svona heimboð. Þar ég ætla að bjóða upp á heimabakaðar muffins, kaffi og kertaljós," segir Thelma að lokum. *- ag*



**Komin heim** Thelma selur fylgihluti fyrir karla og konur á nýrri vinnustofu sinni í Garðastræti 2.






LÍNAN
Falleg lína að Bæjarlind sex
Opið mán. til fös. 10 – 18
laug. 11 – 16
Casino | Verð: 179.800 kr.

# núna

✻ með allt á hreinu



## SPENNANDI KONUKVÖLD

Ef þig langar til að hlæja, skála í góðum veigum og sjá flotta íslenska hönnun er um að gera að skella sér á Konukvöld World Class á Apótekinu annað kvöld klukkan 20. Sveinn Waage verður með uppistand, haldin verður tískusýning frá E-label, Sigríður Klingenberg spáir í spilin og Ellý Ármanns dæmir í keppni um verstu stefnumótasöguna. Drífðu þig í Laugar og nældu þér í miða.

## ✻ algjört möst



1 Sætrauður gloss frá Makeup Store til að halda vörunum rökum og glansandi á köldum vetrardögum.





2 Það er nauðsynlegt að lesa góða bók í skammdeginu. Borða biðja elska er metsölubók vestanhafs og er nú komin út á íslensku. Bók sem engin kona má missa af.



3 Glæsileg lakkstígvél frá Þráni skóara á Grettisgötu 3.



**Góð stemning** Birkir Kristinsson, Ragnhildur Gísladóttir og Bentína Björgúlfsdóttir skemmtu sér vel á opnun Beauty bars.



**Flott til fara** Karl, Dedda og Ísak voru flott í tauinu.



**Flott stofa** Glæsileg hárgreiðslu- og förðunarstofa Karls í Hæðasmára, Kópavogi.

### Karl Berndsen hárgreiðslu- og förðunarmeistari:

## Hélt glæsilegt opnunarteiti

Það var margt um manninn á glæsilegri opnun nýrrar hárgreiðslustofu Karls Berndsen, Beauty bar, síðastliðinn fimmtudag. Karl hefur búið í London síðustu tíu árin þar sem hann hefur farðað og greitt mörgum af stærstu stjörnum samtímans, en hann er nú kominn aftur til Íslands og hefur opnað glæsilega stofu í Hæðasmára í Kópavogi.

„Það mættu um 140 manns og stemningin var frábær,“ segir Karl um opnunina á Beauty barnum. „Barinn býður upp á hárgreiðslu, förðun, litun og plokkun, en námskeið verða einnig stór þáttur í rekstrinum,“ útskýrir Karl sem mun halda svokölluð Beautykvöld á komandi mánuðum. „Einstaklingar og hópar geta skráð sig, fengið fræðslu, sýnikennslu og ráðgjöf í hári og förðun, og heitustu leyndarmálin verða afhjúpuð á barnum,“ segir Karl að lokum og brosir. *- ag*



**Ánægður** Karl Berndsen ásamt Björgu Þórhallsdóttur sópransöngkonu.







### Guðjón Bergmann jógakennari:

## Gefur út barnabók

„Þetta er bók sem ég er búinn að ganga með í maganum í nokkur ár,“ segir Guðjón Bergmann jógakennari og rithöfundur um nýjustu bók sína Dropann, sem er ætluð börnum á aldrinum tveggja til átta ára. „Í bókinni er undirtónn sem getur höfðað jafnt til barna sem fullorðinna, á sama tíma og krakkarnir læra um hringrás vatnsins,“ útskýrir Guðjón og segir hugmyndina hafa kviknað þegar hann las bókina Haf í dropa eftir Sigvalda Hjálmarsson.



**Dropinn** er tíunda bók Guðjóns.

Tuttugu prósent af ágóða bóksölunnar rennur til Dropans, styrktarfélags sykursjúkra barna á Íslandi, en samstarfið kom til með skemmtilegum hætti. „Þegar við Birgir Þ. Jóakimsson, sem mynskreytir bókina, vorum búnir að ákveða titil fórum við að leita að vefsíðu. Þá sáum við að dropinn.is var til og ákváðum að styrkja félagið. Þegar ég var svo að fara að hringja höfðu þau samband að fyrrabragði og báðu mig um að tala á aðalfundi styrktarfélagsins í október. Í núverandi árferði hefur félagið misst nokkra af sínum stærstu styrktaraðilum, svo ég er ánægður með að geta lagt eitthvað af mörkum,“ segir Guðjón að lokum. *- ag*







## Halda fatamarkað

„Við höfum gert þetta tvisvar áður í bílskúr,“ segir Dröfn Ösp Snorradóttir, betur þekkt sem DD Unit, um fatamarkað sem hún heldur ásamt Svölu Björgvinsdóttur á morgun. Markaðurinn fer fram í Nýlenduvöruverslun Hemma og Valda á Laugavegi 21, þar sem stöllurnar munu meðal annars selja pallíettukjóla, vintage háhælaða skó og pelsa.

„Við erum bara að rýma skápana hjá okkur og verðum með mikið af rosalega flottu dóti, bæði föt, skó og skart,“ segir Dröfn, sem vonast til að sjá sem flesta á morgun milli klukkan 12 og 18. *- ag*





ÍSLENSK HÖNNUN



# HITAVEITA

**DAGMAR**

HÁLFRENND SPORTLEG PEYSA. TECNOSTRETCH® EFNI FRÁ PONTETORTO®. SVART TECNOSTRETCH® EFNI Í HLIÐUM. EXTRA RÝMI FYRIR OLNBOGA OG TVEIR VASAR. HENTAR VEL SEM INNSTA LAG EÐA UTAN YFIR NÆRBOL. GÓÐ Í SKOKKIÐ!

VERÐ: 13.990 ISK
LITIR: SILFUR RAUÐ, SILFUR BLÁ OG SVÖRT

**WWW.CINTAMANI.IS**

CINTAMANI

**SPJARAÐU ÞIG**

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3800

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088

# BLÚS ANDANNA

**Gerður Kristný fer inn á nýjar brautir í draugasögunni Garðinum sem fékk sjálfa Kolbrúnu Bergþórsdóttur til að tárast eins og kom fram í síðasta þætti Kiljunnar. Þótt þetta sé bók fyrir börn og unglinga langaði Gerði lengi vel ekki til að eignast nein börn sjálf því henni fannst stundum hálfleiðinlegt að vera barn.**

*Viðtal:* Marta María Jónasdóttir
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson
*Förðun:* Inga hjá Bobby Brown



**Gerður Kristný Guðjónsdóttir** Hætti í fastri vinnu fyrir fjórum árum og sér ekki eftir því. Nú einbeitir hún sér að ritstörfum og fjölskyldulífi.

Garður Gerðar Kristnýjar er draugasaga fyrir börn á aldrinum 9-14 ára og hefur fengið afbragðs dóma gagnrýnenda. Hún segir að sig hafi langað að skrifa bók þar sem engin miskunn væri gefin í draugagangi. Í bókinni kemur spíritismi við sögu og spænska veikin sem blossaði upp hér á landi fyrir nákvæmlega 90 árum. Þótt sagan sé skáldskapur býr hún yfir nokkrum fróðleik um sögu Reykjavíkur. „Það eru margir draugalegir og áhugaverðir staðir hér í Reykjavík, svo sem Fógetatorgið með styttunni af Skúla Magnússyni en þar eru þrjár fyrstu kynslóðir Reykvíkinga grafnar. Í sögunni læt ég líka hús við Túngötuna og annað í Grjótaþorpinu sem sögusvið þar sem spíritistafundir voru haldnir í eina tíð. Þarna svifu stólar um stofur, framliðin börn struku fólki um vanga og útfrymið vall upp úr miðlunum,“ segir Gerður Kristný.

Hún bætir því við að spíritisminn hafi blossað upp í kjölfar spænsku veikinnar því þá hafi svo margt ungt fólk dáið og ættingjarnir átt erfitt með að sætta sig við að það væri endanlega farið. „Í Hólavallagarðinum, sem nafn bókarinnar, Garðurinn, vísar til, getur að líta leiði þar sem heilu systkinahóparnir eru grafnir.“

Sem krakki var Gerður svo hrædd við drauga að hún gerði krossmark í hvert horn í herberginu sínu áður en hún fór að sofa til að halda draugunum frá. Við nánari eftirgrennslan játar hún að geta magnað upp í sér draugahræðsluna enn þann dag í dag. „Ég fór stundum í andaglas með vinkonum mínum þegar ég var unglingur en ég tók það svo alvarlega að ég hætti mér ekki oft í það.“

## LYFTIST GLASIÐ?

„Já, heldur betur, það þeyttist frá einum staf til annars. Þetta var ákaflega dularfullt. Ég fékk þó aldrei neinar merkilegar upplýsingar um framtíðina úr andaglasinu, enda þurfti ég ekkert á því að halda því ég vissi alveg að ég ætlaði að verða rithöfundur.“

Fyrir fjórum árum stóð Gerður Kristný upp úr ritstjórastól Mannlífs til að gerast rithöfundur í fullu starfi. Það eru ekki allir sem þora að segja upp vel launuðu starfi til að halda út í óvissuna en hún segir að það sé ómetanlegt að fá að vinna að skáldskapnum, geta lesið bækur og haft nægan tíma til að velta hugmyndum fyrir sér því ritstörfin krefjast þess að maður einbeiti sér algjörlega að þeim.

Þótt hún hafi sagt upp vel launaða starfinu lifir hún ekki við sult, eymd og volæði. „Ég geri mjög raunsæjar kröfur til lífsins og þá fæ ég líka á tilfinninguna að allt gangi mér í hag.“

Á sama tíma og Gerður hætti sem ritstjóri Mannlífs eignaðist hún frumburð sinn og vissulega breyttist líf hennar við það. Lengi vel langaði hana hins vegar ekkert til að eignast börn. „Mér fannst hálfleiðinlegt að vera barn og langaði lengi vel ekkert til að varpa því ástandi yfir á aðra. Dag nokkurn fór ég hins vegar í heimsókn til mágkonu minnar og sá þar litla dóttur hennar þar sem hún hafði hreiðrað um sig í stól með Tinnabók. Á bak við hana breiddu allar teiknimyndasögurnar sem mágkona mín og eiginmaður minn höfðu safnað sem krakkar og þá laust því niður í huga minn hvað það hlyti nú að vera dásamlegt að vera lítill krakki og eiga eftir að lesa alla þessa dásemd. Þá kviknaði hjá mér löngun í barn og nú á ég tvo stráka.“

## MYNTKÖRFUKYNSLÓÐIN SPROTTIN FRAM

Í árferði sem þessu er ekki hægt annað en að spyrja Gerði Kristnýju út í peninga. „Ég hef komist að því að ég er af myntkörfukynslóðinni. Það er fólk á aldrinum 25 til fertugs sem ekki aðhylltist lífsstíl krúttanna og vílaði ekki fyrir sér að taka erlend lán þrátt fyrir alla áhættuna sem þeim fylgdi. Ég var að vona að ég slyppi við kreppuna fyrst góðærið ók framhjá mér á Range Rovernum með fingurinn á lofti en auðvitað verðum við öll fyrir barðinu á henni. Ég vona samt að mér takist að halda áfram að vinna við það sem mig langar mest. Síðan tamdi ég mér ágætis sparnaðarráð fyrir fáeinum árum. Þegar mig langar óskaplega mikið í eitthvað skrifa ég það sem ég hef nýlega eignast á miða og festi upp á vegg. Það slær á græðgina.“

Ef allir hugsuðu eins og Gerður Kristný væri myntkörfukynslóðin líklega ekki gjaldþrota. Hún játar að hafa tekið krepputalið svolítið inn á sig þegar farið var að tala um vöruskort. „Þá rauk ég út í hendingskasti og keypti jólagjafir handa sonum mínum áður en það sem mig langaði til að gefa þeim seldist upp og birtist aftur á uppsprengdu verði. Mér leið eilítið betur á eftir. Svo verður maður bara að velja vel hvaða fjölmiðlum maður ætlar að fylgjast með. Best er auðvitað að hafa alltaf slökkt á Speglinum á Rás 1. Þar virðast menn hafa himin höndum tekið að geta nú loksins hætt að velta sér upp úr hlýnun jarðar og snúið sér að kólnun hagkerfisins. Í stað örvæntingarfullra ísbjarna er nú sagt frá kaupsýslumönnum sem troða marvaðann í skuldafeni án þess að sjáist til lands.“

Gerður Kristný birtist í nýju hlutverki í fyrra þegar hún tók að sér menningargagnrýni í sjónvarpsþættinum Mannamáli hjá Sigmundi Erni á Stöð 2. Hún




## Rope yoga tímar

**Nýtt námskeið hefst 3. nóvember.**
Í Hreyfigreiningu eru í boði Rope yoga tímar tvisvar í viku.
Rope yoga æfingar styrkja líkamann með mismunandi æfingum sem Rope Yoga býður uppá, auk þess sem þær samhæfa og auðvelda hverjum og einum að lifa lífinu á betri veg, með sem minnstu viðnámi.

| | | |
|---|---|---|
| Rope-yoga | Þriðjudaga og fimmtudaga | 16.30-18.00 |

**Skráning í síma 511 1575.**

Heilsurækt í húsi Hreyfigreiningar, Höfðabakka 9
HREYFI GREINING
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is


## * bak við tjöldin

**Besti tími dagsins:**
Morgnarnir. Ég hefði aldrei getað orðið almennileg óreglumanneskja því óregla fer oftast fram seint á kvöldin og næturnar og þá hef ég yfirleitt verið sofnuð.



**Uppáhaldsmaturinn:**
Nammi.

**Um hvað myndir þú aldrei yrkja?**
Það eru engin bannlistar í ljóðagerð. Ég gæti því alveg átt eftir að semja kviðu um myntkörfukynslóðina þótt ekki sjáist merki hennar enn í ljóðunum mínum.

**Uppáhaldsverslunin:**
Bókabúðirnar í miðbænum og Janusbúðin á Barónstígnum.

**Diskurinn í spilaranum:**
Visor från vinden með Sofiu Karlsson, Only by the Night með Kings of Leon og nýútkomni ljóðadiskurinn hans Sjóns.




**Líkamsræktin:**
Ég lyfti lóðum og fer á stigvél í ræktinni úti á Nesi. Það fer eftir músíkmyndböndunum hvað ég þrauka lengi á stigvélinni.




**Hverju getur þú ekki verið án?**
Ímyndunarafls.

**Hvað er í snyrtibuddunni þinni?**
Túbugloss frá Bobbi Brown sem heitir „Cherry Tint“, „Shroom“-augnskugginn og augnblýanturinn „Buried treasure“ frá MAC, maskari frá Chanel og slatti af Parkodin forte.

segir að starfið hafi komið sér skemmtilega á óvart því hún hafi aldrei haft mikinn áhuga á að vinna í sjónvarpi. Það skemmtilega við starfið í Mannamáli finnst Gerði að fá tækifæri til að tala um barnabækur. „Þær eiga það til að gleymast hjá fjölmiðlum. Þeir róa að því öllum árum að börn lesi bækur en virðast nokk sama hvort verið sé að skrifa fyrir þau eða ekki.“

Hefur einhver orðið rithöfundur orðið reiður við þig út af bókadómi?

„Já, það hefur einu sinni komið fyrir en það var allt í lagi. Ég veit ósköp vel hvað það getur tekið á að vera með bók í flóðinu og vita að afkoma næsta árs liggur undir viðbrögðunum við henni. Þá skilur maður ekki alltaf hvers vegna maður valdi sér þetta starf. Ekki var maður svona stressaður þegar maður vann í býtibúrinu á Landspítalanum – sem var líka þægileg innivinna. Í upphafi nýs árs gleymi ég hins vegar öllum hamaganginum og þá hvolfist alltaf mikill vinnuhamur yfir mig. Þá man ég það eitt hvað það er skemmtilegt að skrifa og það fleytir mér áfram við vinnuna.“

Fyrir rúmum mánuði yfirgaf Gerður Kristný eiginmann og syni og skaust til Stokkhólms þar sem hún orti ljóð í ró og næði en síðasta ljóðabók hennar, Höggstaður, var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Afraksturinn af skáldskapunum kemur út í ljóðabók innan fáeinna ára. „Ég ákvað að binda á mig sauðskinnsskóna og arka beinustu leið í forneskjuna. Ég er farin að rata og svo hitti ég ekki marga á leiðinni nú orðið. Yrkisefnið er sótt í norrænu goðafræðina. Það voru svo skrýtin hljóð í herberginu sem ég leigði mér í Stokkhólmi að ég svaf frekar lítið. Þess í stað sat ég upp við dogg í rúminu mínu heilu og hálfu næturnar og orti eins og berserkur. Svo var ég í Kaupmannahöfn í tvo daga og þá ákvað VISA að bjóða viðskiptavinum sínum upp á sitt eigið prívatgengi. Verðið á kjólnum sem ég keypti mér rauk upp úr öllu valdi og ég held ég verði að nota hann daglega fram á haustmánuði 2124 til að þessi kaup borgi sig – en hvað um það, flottur er hann!“ segir Gerður Kristný og hlær.



# JOSY ZAREEN

**Helga Braga Jónsdóttir**

**ÁHRIFA-valdurinn**

„Josy Zareen er náttúrulega meistarinn minn í magadansi og við erum mjög góðar vinkonur. Hún hefur ekki kennt mér bara magadans, heldur samba, salsa, losað um mjaðmirnar á mér og næstum öllu Íslandi. Magadansinn er frábær á margan hátt, fyrir bakið, móðurlífið og allan líkamann. Þetta er elsti dans í heimi, maður notar allar sjö orkustöðvarnar og það er ákveðin heilun í honum fyrir utan hvað hann er brjálæðislega skemmtilegur. Josy er frá Rio de Janeiro í Brasilíu og er lærður grafískur hönnuður, orgelleikari og dansari. Hún byrjaði að kenna magadans í kringum 2001 og stofnaði magadanshúsið. Hún hannaði líka vefsíðuna magadans.is og var að ljúka við síðuna mína helgabraga.is. Josy hefur opnað fyrir mér margar dyr, bæði í dansi, andlegri og líkamlegri vellíðan. Við höfum ferðast saman og ég stefni á að fara til Brasilíu þegar það verður ferðafært héðan.“





Hverju myndir þú sleppa ef þú þyrftir að spara?

Ég byrjaði að spara fyrir alvöru þegar ég sagði upp vel launaðri vinnu til að gerast rithöfundur og skáld í fullu starfi. Þá fór ég að venja komur mínar oftar á bókasöfn og til skósmiða en ég hafði áður gert.


*Hvar er hamingjan?*

„Elizabeth Gilbert fer með okkur í pílagrímsferð og kryddar hana með þeim húmor, töfrum og innsæi sem aðeins skapast þegar heiðarleg sjálfsskoðun og ritsnilld fara saman.“
Jack Kornfield




***Borða, biðja, elska*** (*Eat, pray, love*) hefur setið í efstu sætum metsölulista bæði vestan hafs og austan mánuðum saman.

Ferðasaga, uppbyggileg sjálfsskoðun og ástarsaga full af húmor og frásagnargleði. Höfundurinn ferðaðist víða um heim til að leita hamingjunnar. Og nú er hún komin til Íslands!

Uppáhaldsbók Opruh Winfrey





*Elizabeth Gilbert*

www.Salka.is Salka
Salka/GBÓ

# útlit

✻ taktu sénsinn




**HRAUSTLEGAR KINNAR Í KULDANUM** Það er algjör óþarfi að láta gráma vetursins ná yfirhöndinni. Prófaðu Mineralize blush frá MAC og andlitið fær hraustlegt yfirbragð á ný. Nuance liturinn gefur kinnunum sérstaklega hlýja og sanseraða áferð, en í MAC verslununum fást blush og sólarpúður í öllum litum sem henta hverjum húðlit.

Djörf og þokkafull:

## Ný og spennandi ilmvötn fyrir veturinn



**MAGNIFIQUE**

Lancôme hefur sent frá sér nýtt og spennandi ilmvatn sem ber heitið Magnifique. Þetta er í fyrsta skipti sem nagarmota-viður er notaður í ilmvatn sem gefur skemmtilegan undirtón, en lyktin ber einnig keim af rósum og hlýjum saffron-kryddblæ. Þegar kólna fer í veðri er um að gera að vera aðeins djarfari og leggja sumarilminn á hilluna og prófa spennandi kryddaðan ilm eins og Magnifique.




**AMOR AMOR TENTATION**

Í kjölfar vinsælda Amor Amor ilmvatnsins hefur Cacharel sent frá sér nýja útgáfu af ilminum sem kallast Amor Amor Tentation. Ilmurinn er tælandi austrænn viðarilmur með keim af grænum mandarínum, hvítum liljum, sandalviði og vanillu. Lyktin er fersk en á sama tíma þokkafull. Amor Amor tentation sem er kjörið á vetrarmánuðum og dularfullur viðarilmurinn tælir hvern sem er.








**Ljósar gallabuxur**
„Þessar ljósu, „vintage"-gallabuxur koma mikið inn næsta vor og sumar," segir Þorvaldur.




**NY RAW-línan**
„Handgerðar gallabuxur og „vintage"-leðurjakki. Þessi lína er alltaf töluvert dýrari og fyrir svona „G-Star fans," segir Þorvaldur.



**Töffaraleg**
Mena Suvari mætti í G-star gallabuxum á tískusýninguna sem fram fór í í New York.

G-star kynnir nýja vor- og sumarlínu:

## HERMANNA-LÚKK OG LJÓST

Ljósar gallabuxur eru mikið að koma inn aftur," segir Þorvaldur Skúlason, einn af eigendum G-Star á Íslandi, sem var viðstaddur sýningu fyrirtækisins í New York í haust. Á tískusýningunni var vorlína næsta árs sýnd og ný umhverfisvæn lína kynnt. Umhverfisvæna línan er í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar í tengslum við átakið End poverty 2015 og inniheldur náttúruleg efni sem ekki er prentað á.

„Árið mun byrja í hermannalúkki, bæði fyrir dömur og herra, en í mars eða apríl kemur inn meira fjólublátt. Við höfum verið mikið í þessum „raw denim" og „crushed black" undanfarið ár, en það er að víkja fyrir mjög ljósum gallabuxum eins og voru í byrjun níunda áratugarins," segir Þorvaldur, en flestar vörurnar af sýningunni eru væntanlegar í verslanir í lok vetrar. *- ag*

Opnun Mobile Art-safnsins í New York:

## Glæsileiki og glamúr í Chanel-teiti

Það var margt um manninn á opnunarteiti Chanel í New York þegar Mobile Art-safnið var opnað í lok október. Safnið er hannað af Zaha Hadid og hefur þann eiginleika að hægt er að ferðast með það milli staða. Hinar víðfrægu Chanel-töskur veittu henni innblástur við hönnun safnsins, sem mun ferðast frá New York til Asíu og Evrópu.

Frægustu hönnuðir, leikarar og tískugúrúar heims létu sig ekki vanta á opnunina, sem haldin var með pomp og prakt í Central Park.



Ofurfyrirsætan Agyness Deyn.



**Glæsileg** Karl Lagerfeld ásamt Söruh Jessicu Parker.




**Svartklædd** Hárgreiðslumeistararnir Vidal og Ronnie Sassoon voru svartklædd í Central Park.






**Ný garnsending**

**Ný Drops blöð**

Föndur og gjafavara
FÖNDRA

Dalvegi 18, Kóp. Sími 568 6500 www.föndra.is
opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16







TOMMY HILFIGER
PRINGLE OF SCOTLAND
DKNY JEANS GUESS

Couture
konur og menn
Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Sími 511 1060

# tíðin

* heima og heiman

**LÍKAMI SÁLAR** Guðrún Harpa Örvarsdóttir listakona opnar sýninguna Líkami sálar í sal Rope Yoga-setursins við Engjateig á morgun, þar sem hún sýnir verk sem hún málar og sker í gler, myndir af nöktum líkömum. Opnunin hefst klukkan 15.

**VESTRIÐ EINA** Björn Thors og Þröstur Leó fara á kostum í Vestrinu eina sem er frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld. Höfundur verksins er Martin McDonagh, en fyrri uppsetningar hans hafa fengið góðar viðtökur. Skelltu þér í leikhús og sjáðu alvöru gamanverk.



## LONDON

**Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs**

BORGIN mín

**MORGUNMATURINN:** Bláberjamúffa, kremkaka með bleiku, þykku kremi eða annað dýrindisbakkelsi sem rennur ljúflega niður með úrvalskaffi og ævintýralega góðri bók á teppi í einhverjum almenningsgarði. (Um vetur koma hægindastólar á kaffihúsi í staðinn fyrir almenningsgarð.)

**SKYNDIBITINN:** Mest fyrir að detta inn í Sainsbury's og kasta mér á einhverja tilbúna rétti sem má þar finna í tonnavís.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Þar sem ég elska skapbráða kokkinn Gordon Ramsay verð ég að nefna veitingastaðinn hans í borginni. Það er reyndar nákvæmlega ekkert rómó við þann stað eða kokkinn skapbráða ef út í það er farið.

**LÍKAMSRÆKTIN:** Fer fram utandyra á iðandi strætum borgarinnar í formi göngu. Hér á afar illa við að tala um sveittar líkamsræktarstöðvar eða Lundúnarlaugarnar sem eru stútfullar af klór.



**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Þegar þú fattar að allir staðirnir sem þú tengir helst við London eins og Oxford Street, London Eye og China Town eru síst þeir staðir innan borgarmarkanna sem fá hjartað til að slá örar og þig til að trúa frekar á gæði lífsins.

**BEST VIÐ BORGINA:** Breskur hreimur innfæddra og andrúmsloftið sem gerir mig svo glaða.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Allar bókabúðirnar þar sem er hægt að eyða heilu dögunum í og auðvitað Hamley's. Síðan eru antíkmarkaðir og klikkaða Camden-stemningin eitthvað sem ég tékka alltaf á þegar huga þarf að verslun.

**AFÞREYINGIN:** Almennilegt heimapartí einhvers staðar í borginni er ídeal. Síðan eru leikhúsin alltaf mér að skapi sem og viðvera í almenningsgörðum og á strætunum.







## TOPP 10

**Elva Ósk Ólafsdóttir leikkona**



**KRAKKARNIR MÍNIR** gáfu mér þessa eðal íslensku og hlýju húfu í jólagjöf í fyrra.

**MÁLVERK SEM PABBI MÁLAÐI** og foreldrar mínir gáfu mér í útskriftargjöf þegar ég útskrifaðist sem leikkona.

**KJÓLL** eftir Gusto frá Barcelona.





**BASSI** sem ég spila á með Heimilistónum.



**ÍGULKER,** steinar og krossfiskar.



**ÉG VEIT** að steinninn úr hringnum er týndur, samt er hann mér mjög mikilvægur því mamma mín heitin gekk með hann daglega.




**ÉG FÆ ALDREI LEIÐ** á þessum diski með Eagles.




**KEYPTI MÉR** þennan Ikona í Vilníus.

**ILMVATNIÐ DUNE** frá Christian Dior.



**EIN AF FYRSTU JÓLAGJÖFUNUM** frá mömmu og pabba.


# Árangur fer eftir gæðum

## Hvaða Spirulina ert þú að taka?

29 vítamín og steinefni · 18 amínósýrur · Blaðgræna · Omega GLA fitusýrur · SOD eitt öflugasta andoxunarensím líkamans

Eingöngu lífræn næringarefni tryggja betri upptöku og nýtingu í líkamanum.

LifeStream®

Aukið úthald, þrek og betri líðan




**Gott fyrir ræktina og mikið álag.**
Spirulina inniheldur mikið af blaðgrænu og glyccogen, því meira glycogen sem er til staðar í líkamanum við æfingar því betri árangur. Blaðgræna eykur súrefnisflutning í blóðinu. Ef Spirulina er tekið inn 1/2 tíma fyrir æfingar eða annað álag gefur það aukið þrek, úthald og einbeitingu.
Dregur úr pirringi, sleni og sætindaþörf, truflar ekki svefn. Gæðastaðall ISO9001, ISO1401.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og Fríhöfninni.

www.celsus.is




**Vön fyrirsæta**
Monica Cruz er menntuð leikkona og dansari auk þess að hafa starfað sem fyrirsæta um árabil.

Mónica Cruz Sánchez vekur athygli:

# Líkist stóru systur

Það fer varla á milli mála hver stóra systir Monicu Cruz er, enda líkjast þær Penelope Cruz hvor annarri óneitanlega. Monica vakti athygli þegar hún kynnti nýjan bol fyrir Mango-Fero-samtökin í Mango-versluninni í Madríd á dögunum. Þar mætti hún með dökka augnmálningu í seventís-stíl, töff tjásulega klippingu og síðan topp.

Monica er menntuð leikkona og dansari, auk þess sem hún hefur starfað sem fyrirsæta. Aðeins þriggja ára aldursmunur er á þeim systrum, en Monica er 31 árs og Penelope 33 ára. Þær eiga einnig bróðurinn Eduardo sem er 23 ára og hóf tónlistarferil sinn sem söngvari fyrir tveimur árum.



**Töff augnmálning og klipping**
Monica Cruz var glæsileg við kynningu á nýjum bol í versluninni Mango í Madríd á dögunum.


Egils
Hátíðlegt bragð
Egils
MALT
APPELSÍN
Egils
Jólaöl
OG
APPELSÍN

föstudagur FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 7. NÓVEMBER 2008



## KLINGENBERG SPÁIR

**Björgvin Halldórsson tónlistarmaður**



Björgvin Halldórsson er fæddur 16.04.1951. Þversumman af því er 27 og hann er því talan 9. Oft er fólk í níunni miklir leiðtogar og hefur alveg ótrúlegan kraft til að laga sig að aðstæðum. Hann lætur aldrei deigan síga, alveg sama hvað á dynur. Björgvin er með fjöruga og skemmtilega fjölskyldu sér við hlið og mikla bjartsýnisorku sem sveimar í kringum húsið hans. Töluvert er búið að vera af áföllum í kringum Björgvin upp á síðkastið, en næstu tveir mánuðir verða honum mjög bjartir. Til dæmis get ég ekki betur séð en að Björgvin muni slá í gegn á jólatónleikunum sínum og landinn muni sameinast í því að hlusta á eitthvað íslenskt og gott. Þar er einmitt Björgvin Halldórsson manneskjan til að sameina okkur öll.

Björgvin er að fara inn í nýja orku sem árstalan 4 gefur honum á árinu 2009. Það mun vera ár sem breytir lífi hans. Það verður ofsalega mikið að gera á öllum vígstöðum og ekki bara í músík. Hann þarf að passa sig á að taka ekki að sér hluti sem hann kærir sig ekkert um í raun, vera slakur, hvíla sig og hugsa vel um heilsuna, þá mun heilsan hugsa vel um hann. Þó að Björgvin muni að mörgu leyti finnast næsta ár dálítið erfitt, verður þetta árið sem breytir lífi hans til hins betra þegar hann lítur yfir farinn veg. Oft eru það akkúrat erfiðleikarnir sem koma okkur á rétta braut. Eftir árið 2009 er Björgvin Halldórsson kominn á fjögurra ára góðæristíð, þar sem blessum og samheldni mun ríkja yfir honum og fjölskyldu hans.

*www.klingenberg.is*



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Sævar Daníel Kolandavelu, Poetrix rappari**



**1** Ég myndi vilja sofa út og borða egg og bacon í morgunmat. Fá mér svo vindil og kaffilaði frá Kaffismiðju Íslands.

**2** Ná í litla skæruliðann minn á leikskólann. Hann setur lífið í rétt samhengi.

**3** Ég myndi vilja eyða tíma í eitthvað sem ég virðist aldrei finna nægan tíma í. Lesa einhverja brjálaða bók eða semja sýnishorn af rappóperu sitjandi í heitum potti.

**4** Ég myndi vilja spila á tónleikum á undan uppáhaldshljómsveitinni minni, Atmosphere, og láta táldraga tóneyrað í mér í átt að andlegri fullnægingu.

**5** Fara með honum Sigga Bahama og kanna hvaða ævintýri miðbær Reykjavíkur hefur upp á að bjóða.







is.kvik.com

402.416,-

Leiðbeinandi smásöluverð er fyrir skápa, sökkul og höldur og án eldhústækja og lýsingar. Borðplöturnar kosta 227.823,- aukalega án vasks og blöndunartækja.

Djarfar nýjungar
Gjörðu svo vel og fáðu þér

Kvik vekur áhuga með undraverðum og flottum nýjungum ásamt smekklegum smáatriðum. Njóttu nýja Sera eldhússins með framhliðum í svartbæsaðri eik og höldum úr leðri og króm. Hér er rými fyrir stórtæk afrek á sviði matargerðar, án þess að verðið sé fyrirstaða.



Gjöfin í nýja eldhúsið þitt:
Innréttaðu fyrir 62.250,-

Fylltu skúffur og skápa til að skapa meira rými. *Kvik býður valdar innréttingalausnir að verðmæti 62.250,- við kaup á eldhúsi fyrir meira en 490.000,- án heimilistækja. Tilboðið gildir frá 1. október og er ekki hægt að nota með öðrum tilboðum. Takmarkaður fjöldi.

FÁ INNRÉTTINGA-LAUSNIR FYRIR 62.250,- FYRIR NÝTT ELDHÚS*

Komið inn og fáið Kvik Update með nýjustu fréttum

ALLIR EIGA RÉTT Á FLOTTU ELDHÚSI kvik

SKÚTUVOGUR 11A . 104 REYKJAVIK . S. 540 3800




Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

amor
Egg í miklu úrvali frá kr. 990.-
Tilboð á DVD
Frábært úrval af nýjum titlum.
WET
Full búð af nýjum vörum
• INTIMO •
Örugglega besta rakgelið!
Tökum að okkur heimakynningar.
Skúlagata 40a s. 562 2433
Dalvegur 16a s. 562 2445
www.amor.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

### Fæðubótarefni

Herbalife vöruúrval. Sérsniðnar næringarlausnir. dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

### Nudd

**Streitulosun**
www.lifoglikami.is - Brynjólfur Einarsson Bowen tæknir - S. 866 0007.

Whole body massage Telepone 846 4768.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

### Snyrting

### Ýmislegt

**Linsur - Hagstætt verð**
Dagslinsur 2.490 kr pk. Optic Reykjavík ehf. Hamrahlíð 17 í Húsi Blindrafélagsins s:552 2002 Linsumátun. Sendum í póstkröfu.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Námskeið



Vinsæl töskunámskeið Langar þig að læra að sauma þér flotta handtösku úr leðri, roði eða öðru skinni? Á venjulega saumavél... Námskeiðið tekur einn dag eða ca 6 klst. Hafðu samband í síma 578-1808 eða kíktu á www.leduroglist.is

SCHOOL OF ICELANDIC

**INTER-LINGUAL LEARNING TECHNIQUE**
ICELANDIC Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 10/11, 8/12. Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30: 8/12, 16/2. Level III: 10 weeks Tsd/Thsd: 9/12, 10/3. Level IV:10 weeks; Sat/Sun 10-11:30: 17/1. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

Til sölu svart leðursófasett 3+2. Nýlegt og vel með farið. V. 45þ. S. 898 0187.

### Dýrahald

**50% afsláttur af hunda blikkólum**
Dýrabær Smáralind & Hlíðasmára 9, kóp. www.dyrabaer.is

### Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Fyrir ferðamenn

Flugmiði til Kaupmh daganna 2 des - 8 des. 2 fyrir 1 kr. 35.000. Upplýsingar í síma 8939954

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

leiguíbúðir

Til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis www.leiguibudir.is

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

2 herb. til leigu í 101. Nálægt háskólanum. Sími 899 2133.

116 fm nýuppgerð 4 herb íbúð í Hlíðunum (2 herb + 2 stofur) til leigu. Leiga 150þ á mánuði + 150þ trygging. Íbúðin að hluta búin húsgögnum. Laus strax. Uppl 896 3894

Seltjarnarnes. 85 fm útsýnisíb á 6.h.í lyftuhúsi + bílag. Parket. Laus. 864-7070

50 fm herb. íbúð í Kóp. Garður, sérinng. Verð 100þ. m/hita, rafm. & hússj. Mjög rólegur staður. Með húsgögn., þvottv, sjónv. og ískápur. Langtímaleiga. Aðeins reykl. Laus strax. S. 698 2119.

101 Reykjavík 2-3 herbergja, mjög flott íbúð, sérinngangur, leiga samkomulag. Laus 1. des S. 698 9608

Herbergi á 101 RVK innifalið: internet, þvóttavél, þurrkari, WC, ekdhús, rafmagn og hiti, laus stax. Leiga samkomulag. S. 698 9608

herb. í Miðbæ Rvk. pnr 105. Húsgögn fylgja. Verð 35þ. S. 895 0482.

Til leigu 4 herb, 115fm jarðhæð m/ sérinngangi í Ártúnsholti. 160 þ./mán. 8930436 Guðmundur

Flott íbúð 3 h 97fm í Áslandi Hafnarf til leigu, f/reglus.Leiga 120þ m/öllu. Garður,gluggatj ofl. Er laus, uppl í s 664 6589

45 fm Íbúð við HÍ til leigu. sér inngangur.Húsaleigubætur Leiguverð 85.000 Uppl.s 846-2117

Til leigu 3 herb. íbúð með litlum bílskúr í Miðtúni 104. Leiga 140 þús. á mán. Laus strax. Uppl. í s. 862 1109.

Til leigu herb. í Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

2ja herb. 60fm. íbúð á jarðhæð í Kóp. Þríbýli, sér inngangur. Sundlaug, bakarí, verslun í næsta nágrenni. Opið hús fyrir áhugasama á laugard. milli kl 12-14. Laus 1. des. Leiga 90þ. S.694 4150.

Stúdíóíbúð, falleg 36 fm.Við kennó og tæknisk. Laus strax. V.90 þús. Uppl. í s. 893 0200

2ja herb. 60fm íbúð til leigu af langholtsvegi. Er á jarðhæð. Sér inngangur & bílstæði. Leiga 110 þ. uppgefin og samningsbundin til lengri eða skemmri tíma m.t.t. leigubóta. engar umfram fyrirframgreiðslur. uppl. hjá Gunnari í S. 861 5777.

Langtímaleiga. Sjáland, Garðabær. Ný glæsileg 3ja herb. 118 fm íbúð ásamt 11 fm geymslu og stæði í bílgeymslu. Sjávarútsýni. Árni, 8602240.

Ný 3ja herb. íbúð við Norðurbakka í Hafnarfirði er laus til langtímaleigu. 98fm auk 8 fm geymslu og bílakjallara. Frábært útsýni. Páll, 6964464.

### Húsnæði óskast

Ungt reglusamt par óskar eftir 3-4 herbergja íbúð í Reykjavík eða Kópavogi. Sem losnar 1.Febrúar. s:8689554

Óska eftir 3-4 herb. íbúð í Rvk. Greiðslugeta 80-90 þ. Frá 1. des. S. 823 5780.

### Atvinnuhúsnæði

Risíbúð 101 R Til leigu strax í þríb. v/Frakkast, ca. 50 m2. Allt sér, íssk. þv.vél/þurrk. Skoðun s. 848 5896.

Til leigu 150 og 250 m2 nýtt iðnaðarhús. Hurð 4,2x4,2. Stórt útisvæði. Passar f. trailer. Gott verð. Laust. S: 660-1060

LAUS, falleg 5 herbergja íbúð á jarðhæð í einbýlishúsi með sérinngang. Nýmáluð 155fm, stutt í allt, nálægt þjónustusvæði. Mossfellsbær. V. 139þ. S. 840 5408.

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

### Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

101 Rvk, Fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar athugið! Geymsluhúsnæði fyrir lager- og brettavöru, búslóðir í 101 Rvk, Verð pr. bretti 1500,- á mán. Uppl. í síma 5442055

Geymslupláss í 101 undir búslóðir, lagervörur á brettum ofl. Uppl. í s. 544 2055.

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Til sölu

**Dong Fang Salon kynnir:**



**Pantaðu þér Lúxus andlitsbað á Dong Fang Salon og fáðu létta fótsnyrtingu frítt með. Tilboðið gildir til 15. nóvember.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

www.volundarhus.is

# VINSÆLU GESTAHÚSIN OG GARÐHÚSIN ERU AÐ SELJAST UPP

Því fer hver að verða síðastur að eignast hús frá okkur. Höfum einnig til sölu úrvals pallaefni, girðingaefni og undirstöður. Gagnvarin fura á mjög hagstæðu verði.

**Næsta sending gæti hækkað um 30%**



**34 mm bjálki** - *Tvöföld vatnslæsing/nótun.*




*Verð: 99.500,-* *BARNAHÚS 2,1 m²*




*Verð: 210.000,-* *GARÐHÚS 4,7 m²*




*Verð: 225.000,-* *GARÐHÚS 6,0 m²*




*Verð: 245.000,-* *GARÐHÚS 7,2 m²*




*Verð: 286.000,-* *SVEFNKOFI 9,7 m²*

Tilboð 595.000,-




*Verð: 649.000,-* *GESTAHÚS 15 m²*




*Verð: 849.000,-* *GESTAHÚS 21 m²*




*Verð: 1.350.000,-* *GESTAHÚS 25 m²*

## Tilboð á pallaefni

*Pallaefni og girðingaefni - Gagnvarin fura.*

| | |
|---|---|
| 21 x 95 mm | 195 kr. pr. lengdarmeter. |
| 28 x 95 mm | 225 kr. pr. lengdarmeter. |
| 34 x 95 mm | 450 kr. pr. lengdarmeter. |
| 45 x 95 mm | 320 kr. pr. lengdarmeter. |
| 45 x 145 mm | 475 kr. pr. lengdarmeter. |



*Hagstætt verð*

Staðgreiðslu
VISA Lán

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

*Það sem er innifalið í húsunum er: Allt viðarverk, gluggar eru glerjaðir og hurðir eru með lömum og festingum.

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

08-0159 Hennar hátign · * Verð miðast við október 2008 og er birt með fyrirvara um prentvillur.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Skemmtistaðurinn REX hefur opnað eftir breytingar og leitum við að starfsfólki til að vinna um helgar. Dyraverðir, fólki í sal með reynslu á bar og barþjónum með reynslu. Viðtöl fara fram 6 og 7.nóv eftir samkomulagi. Hringið í Valla í 6980245 eða sendið mail á rex@rex.is

SIAM
TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

**Tælenskur veitingastaður**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í matreiðslu á veitingastaðinn Síam í Hafnarfirði. Reynsla skilyrði.**
**Nánari upplýsingar veitir Guðni í s. 693 3247.**

Starfsmaður óskast í dagvinnu virka daga í ísbúðinu Hagkaupun Kringlunn. Tímabundin ráðning vegna veikinda starsmanns. Uppl. í s. 660 1770.

Rauða Torgið leitar samstarfs við skemmtilegar konur vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu". Góðir tekjumöguleikar fyrir yndislegar konur. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is.

**Stýrimaður**
Stýrimann vantar á Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða strax. Uppl. í s. 426 8286 & 894 2013.

**HENDUR.IS**
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

**HENDUR.IS**
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

## Viðskiptatækifæri

Vantar þig vinnu? Því ekki að skapa sér vinnu sjálfur. Til sölu lítið fyrirtæki í góðum rekstri í Keflavík. Möguleg yfirtaka á hagstæðu erlendu láni. Ath ýmis skipti. S 694-4469 eða runahans@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**18 going on 20**
**Í tilefni af því að ég sé að ná sjálfræði ætla ég að næla mér í einn fullorðinn!!! Fallegan og greindan karlmann. Ég hyggst eyða helginni utan á landi í sveitasælu:D**
**Ég er hugljúf 18 ára ung meyja sem er til í allt. Endilega sláið á þráðinn :* S. 616 8011.**

**BAR POLONIA**
**www.barpolonia.is**
**HAFNARFJÖRÐUR FLOTAHRAUN 21.**

Kærleikssetrið

**Barnshafandi konur og makar.**

**Námskeið í Kærleikssetrinu í Mjódd**

**8. nóvember 2008**
**Kennt er nudd sem maki þinn getur gert alla meðgönguna, fyrir þig og er stórkostlegt í fæðingunni. Einnig er kennd slökun sem þið getið gert saman og öndun sem er góð í slökun og til að ná tökum á verkjum. Aðeins 5 pör í hóp frá kl. 9.30-15.00. Verð 10.500. Nánari upplýsingar gefur Sigurrós**

**í s. 860 0812,**

**nudd@isl.is**

**kærleikssetrid.is**

## Ýmislegt

GEFÐU ÞÉR TÍMA
EKRON
STARFSÞJÁLFUN OG ENDURHÆFING
www.ekron.is

Hljómsveitin Poison Vain er metnaðarfull Rokkband úr Hfj í leit að trommara. Áhugasamir geta kíkt á demó á rokk.is eða haft samband í síma 691 5517, Jón eða 866 9757, Haukur.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**KK+KK**
56 ára karlmaður leitar karlmanns með tilbreytingu í huga. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr . 8402.

**Samkynhn. KK ath:**
Á Rauða Torginu Stefnumót er nú mikill fjöldi nýrra auglýsinga frá karlmönnum á öllum aldri sem leita kynna við karlmenn. Sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**Kona ATH!**
Leitar þú afþreyingar með karlmanni? Viltu eignast nýjan vin? Viltu spjalla við karlmenn á vandaðri spjallrás? Nýttu þér gjaldfrjálsa þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót með 100% leynd! Síminn er 555-4321.

## Til sölu

**RJÚPNASKOT**




**INTERSPORT**
**VEIÐIDEILD - OPIÐ ALLA DAGA**
Bíldshöfða, s: 585 7239. Skógarlind 2, s: 585 7262

„...fyrst á visir.is"
visir.is
...ég sá það á visir.is

## Til leigu

**Garðabær**
Til leigu ný, glæsileg 128 fm, 3ja herb íbúð í Sjálandshverfi í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Langtímaleiga. Íbúðin er laus nú þegar.
Upplýsingar í síma 693-7304

## Fasteignir

**Er að leita að nokkrum litlum fasteignum í**
**101, 105 eða 107**
**fyrir fjársterkan aðila.**

**Verðhugmynd í kringum 20 milljónir, staðgreiðsla í boði.**

**Mikill kostur ef eignin er í langtímaleigu.**



**Nánari upplýsingar veitir:**
**Ásdís Ósk Valsdóttir,**
*löggiltur fasteignasali*
í email: asdis@remax.is
eða síma: 863-0402




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



Seríur og kvikmyndir á DVD
2.389 kr.
Verð á stk.
WANTED
Bubbi Byggir
HANCOCK
Breiðtjalds- og Bond pakki
James Bond Casino Royale á DVD og tveir miðar á Quantum of Solace fylgja öllum seldum sjónvörpum í Max
32 tommur
JVC LT32DA8
DynaPix LCD breiðtjald • 1366x768 punkta upplausn • DynaPix • HD Ready • 1.200:1 skerpa
109.989 kr.
Fullt verð 169.989
Afþreying og græjur á góðu verði!
Fjölkerfa DVD
Toshiba SD180
Progressive Scan • Dolby Digital og DTS
9.989 kr.
Fullt verð 10.989
Philips Senseo
Philips HD7810SV
1450w Senseo kaffivél • Hellir upp á 1 - 2 bolla í einu
12.989 kr.
Senseo gjafapakki fylgir
Pizza ofn
OBHNordica 7130
Pizzaofn fyrir frosnar eða heimatilbúnar pizzur
12.989 kr.
Fullt verð 19.989
Margmiðlunarhátalarar
Logitech Z3E
2 litlir hátalarar • Bassabox • 80w innb. magnari
14.989 kr.
Fullt verð 19.989
Pokalaus ryksuga
Kenwood VC6200
1600w ryksuga • HEPA filter • 4.,5m kapall
6.989 kr.
Fullt verð 8.989
Breiðtjalds- og Bond pakki
QUANTUM OF SOLACE
Philips
Full HD 1080p
Philips 37PFL5603D
37" Full HD 1080p LCD breiðtjald • Pixel Plus HD myndtækni sem eykur línufjölda og skerpu • Upplausn: 1920x1080 punktar
37 tommur
229.989 kr.
Fullt verð 239.989
20 lítra örbylgjuofn
United MWO7103
20 lítra örbylgjuofn • 700w Örbylgjuofn • Snúningsdiskur • Afþýðingarmöguleiki
7.989 kr.
Fullt verð 8.989
Sjálfvirk ryksuga
iRobot 560
Ryksuguvélmenni • Fer undir og í kringum húsgögn • Fer sjálfvirkt í hleðslustöð
64.989 kr.
iRobot 530 kr. 49.898
iRobot 580 kr. 72.898
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Tilboð gilda til þriðjudags eftir birtingu.
OPNUNARTÍMI
Mánudaga kl. 11-19
Þriðjudaga kl. 11-19
Miðvikudaga kl. 11-19
Fimmtudaga kl. 11-19
Föstudaga kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18
MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is
Beint á móti IKEA og í Holtagörðum
MAX RAFTÆKI



✝

*Ástkær dóttir mín, móðir, amma, systir, móðursystir, mágkona og frænka,*

**Katla Sigurgeirsdóttir**
Þórsgötu 22, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans föstudaginn 31. október. Útförin fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Anna G. Kristgeirsdóttir**
**Elva Rakel Sævarsdóttir**
**Aron Kristinn Haraldsson**
**Stella Sigurgeirsdóttir** **Jóhann Bjarni Pálmason**
**Salka Þorgerður Jóhannsdóttir Stelludóttir**
**Daði Sigurgeirsson**
**Kristgeir Sigurgeirsson**
**og fjölskylda.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Gestur Sigurgeirsson**
Ystaseli 29, Reykjavík,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 4. nóvember. Útför verður auglýst síðar.

**Svala Ingimundardóttir**
**Sigrún Gestsdóttir** **Gunnar Jón Yngvason**
**Hlíf Gestsdóttir** **Reynir Valdimarsson**
**Ingimundur Gestsson** **Elín Björk Björnsdóttir**
**Elísabet Gestsdóttir** **Hilmar Jacobsen**
**barnabörn og Hlíf Gestsdóttir.**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur og afi,*

**Marteinn Guðlaugsson**
húsgagnasmíðameistari,
Asparfelli 6,

lést þriðjudaginn 4. nóvember á Landspítalanum við Hringbraut.

**Júlíus Guðjón Marteinsson** **Thelma Hólm Másdóttir**
**Arnar Rúnar Marteinsson**
**Soffía Dröfn Marteinsdóttir** **Haukur Magnússon**
**Kristín Oddbjörg Júlíusdóttir** **Karl Ásgrímsson**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólafía Sigríður Sigurðardóttir**
Eirarholti, Hlíðarhúsum 5, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 5. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jóhann Jónsson** **Sigurveig Víðisdóttir**
**Margrét Jónsdóttir** **Elías Halldór Leifsson**
**Sigurður Stefán Jónsson** **Kristín Þóra Guðbjartsdóttir**
**Hildur Ýrr Jóhannsdóttir**
**Sigríður Vala Jóhannsdóttir**
**Jón Víðir Jóhannsson**
**Daði Ólafur Elíasson** **Arney Hrund Viðarsdóttir**
**Leifur Jón Elíasson**
**Stefán Þór Sigurðsson**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ester Haraldsdóttir,**
sjúkraliði, Flétturima 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 3. nóvember. Hún verður jarðsungin miðvikudaginn 12. nóvember kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju.

**Vignir Þór Siggeirsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Haraldur B. Siggeirsson** **Margrét Á. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Karl Siggeirsson**
**Guðlaug Edda Siggeirsdóttir** **Helgi Hafþórsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**

**MARIE CURIE EFNAFRÆÐINGUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1867.**

*„Lát hvorki fólk né atvik svipta þig kjarki og lífskrafti.“*

***Marie Curie var pólskur efnafræðingur. Hún hlaut tvisvar Nóbelsverðlaun, fyrir eðlisfræði árið 1903 og fyrir efnafræði árið 1911. Hún var fyrsta konan til að hljóta Nóbelsverðlaunin og er eina manneskjan sem hefur hlotið Nóbelsverðlaun í tveimur vísindagreinum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 7. NÓVEMBER 2000

## *Bush sigrar í kosningum*



Fyrir átta árum fóru fram einar umdeildustu og mest spennandi forsetakosningar seinni ára í Bandaríkjunum. George W. Bush repúblikani atti þar kappi við demókratann Al Gore. Bush hlaut 271 kjörmenn en Al Gore 266 kjörmenn. Al Gore fékk fleiri atkvæði á landsvísu en Bush, tæplega 51 milljón atkvæða en Bush rúmlega 500.000 atkvæðum minna.

Mesta spennan stóð um Flórída sem 25 kjörmenn tilheyra. Daginn eftir kosningarnar var úrskurðað að Bush hefði sigrað í því ríki en þar sem munurinn milli frambjóðenda var svo lítill var skylt að láta fara fram endurtalningu. Eftir hana var munurinn kominn niður í 537 atkvæði. Gore krafðist þá að handtalning atkvæða færi fram. Samkvæmt reglum í Flórída þurfti að skila inn atkvæðum til innanríkisráðherra Flórída, Katherine Harris, sjö dögum eftir kosningar. Flest sveitarfélög töldu að það væri of skammur tími. Harris, sem studdi Bush í kosningabaráttunni, taldi að ekki hefði verið sýnt fram á að lengja þyrfti frestinn og úrskurðaði Bush sigurvegara 26. nóvember. Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði síðan í desember með fimm atkvæðum gegn fjórum að sú ákvörðun stæði.

**LÚDÓ SEXTETT:** FAGNAR 50 ÁRA STARFSAFMÆLI MEÐ DANSLEIKJUM Á KRINGLUKRÁNNI

# Gullárin á sjöunda áratugnum

Nú er liðin hálf öld síðan fimm ungir menn komu saman og stofnuðu hljómsveitina Plútó, sem síðar fékk nafnið Lúdó sextett og Stefán. Þeir voru Hans Kragh, Elfar Berg, Hans Jensson, Gunnar Kvaran og Berthram Möller. Skömmu síðar bættist söngvarinn Stefán Jónsson í hópinn. Hljómsveitin hefur skemmt landanum allar götur síðan en lét þó mest að sér kveða í kringum 1960.

„Í byrjun lékum við á ýmsum stöðum víðs vegar um landið en árið 1959 var hljómsveitin ráðin í Vetrargarðinn, sem var tívolí í Vatnsmýrinni, nokkur kvöld í viku. Við lékum svo aðallega á sveitaböllum fyrir austan fjall og í Borgarfirði á laugardagskvöldum,“ segir Stefán. Þegar fór að vetra færðust böllin svo upp í Hlégarð í Mosfellssveit.

Hljómsveitin var ráðin á skemmtistaðinn Storkklúbbinn árið 1960 sem nokkrum árum síðar var breytt í Glaumbæ. Þegar KK sextettinn hætti á Þórscafé í Brautarholti tók Lúdó sextettinn við og spilaði þar fimm kvöld vikunnar í á sjöunda ár. „Þetta voru gullárin,“ segir Stefán.

Silfurbræðslan Plútó fór í upphafi sjöunda áratugarins í mál við hljómsveitina og krafðist þess að hún skipti um heiti. Málið vakti mikla athygli. „Við þrjóskuðumst við og breyttum nafninu í Plúdó með d-i en töpuðum málinu. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að þar sem Íslendingar gerðu ekki greinarmun á t-i og d-i í framburði þá yrðum við að skipta um nafn. Við klipptum því p-ið framan af og eftir varð Lúdó sem er í raun mun skemmtilegra nafn því það þýðir bara að leika sér eða spila,“ segir Stefán. „Skömmu síðar komst Hæstiréttur svo að þveröfugri niðurstöðu þegar kexverksmiðjan Esja fór í mál við Hótel Esju. Þá sagði í niðurstöðunni að þar sem starfsemin væri ólík mætti nafnið standa.“

Lúdó sextett og Stefán starfaði aðallega á Hótel Sögu í byrjun áttunda áratugarins. Árið 1973 kom fyrsta stóra plata hljómsveitarinnar, Ólsen Ólsen, út. Hún seldist í hátt í 10.000 eintökum og hefur að geyma perlur á borð við Átján rauðar rósir og Út í garð.

Hljómsveitin tók aftur til starfa á nýju Þórscafé um miðjan áttunda áratuginn og spilaði þar um langt skeið. Síðustu ár hefur hún aðallega leikið í einkasamkvæmum en einnig á opinberum dansleikjum. Fyrir nokkru kom síðasta plata hljómsveitarinnar, 45 Rokk ár, út. Í tilefni af 50 ára starfsafmælinu verða slegnir upp dansleikir á Kringlukránni bæði í kvöld og á morgun.

**vera@frettabladid.is**



**Á GÓÐRI STUND** Talsverðar mannabreytingar hafa orðið á sveitinni í gegnum árin. Þessi mynd var tekin fyrir nokkrum árum. Frá vinstri: Arthur Moon (bassi), Stefán Jónsson (söngur), Hallvarður Óskarsson (trommur), Berthram Möller (gítar, en hann er nú látinn), Elvar Berg (hljómborð), Þorleifur Gíslason (saxófónn) og Hans Jensson (saxófónn). MYND/ÚR EINKASAFNI



✝

*Mín ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ester Óskarsdóttir**
Kirkjuvegi 20 ( Gamló ), Vestmannaeyjum,

verður jarðsungin laugardaginn 8. nóvember kl. 14 frá Landakirkju Vestmannaeyjum.

**Brynjar Karl Stefánsson**
**Óskar Freyr Brynjarsson** **Ólafía Birgisdóttir**
**Dóra Kristrún Brynjarsdóttir** **Magnús Matthíasson**
**barnabörn og systkini.**

✝

*Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Erlingsdóttir**
Grýtubakka 22, Reykjavík,

lést sunnudaginn 2. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 10. nóvember næstkomandi kl. 15.00.

**Ellen Ásthildur Ragnarsdóttir** **Friðþjófur Bragason**
**Þorkell Ragnarsson**
**Kristín Þórdís Ragnarsdóttir** **Sigurjón Sigurjónsson**
**Ingunn Ragnarsdóttir** **Símon Wiium**
**Guðmundur Birgir Ragnarsson** **Bettý Stefánsdóttir**
**Soffía Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Ásþór Ragnarsson** **Kolbrún Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

## AFMÆLI



**EIÐUR GUÐNASON,** sendiherra og aðalræðismaður í Færeyjum, er 69 ára.



**ÞORVALDUR ÞORSTEINSSON,** myndlistarmaður og rithöfundur, er 48 ára.



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON,** forstjóri Bakkavarar, er 44 ára.



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdafaðir og afi,*

**Haraldur Ragnarsson**
atvinnurekandi, Auðbrekku 32, Kópavogi,

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 4. nóvember. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa líknar- og vinafélaginu Bergmáli og Krabbameinsfélaginu að njóta þess.

**Perla María Hauksdóttir**
**Harpa Lind Haraldsdóttir**
**Berglind Haraldsdóttir**
**Ragnar Haraldsson**
**Halla Óska Haraldsdóttir** **Róbert Örn Albertsson**
**Sigrún Elín Haraldsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Ragnar Haraldsson**
**og barnabörn.**




Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er

# að börn og foreldrar verji tíma saman

Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is

FORVARNARDAGURINN

**TAKTU ÞÁTT!**

HVERT ÁR SKIPTIR MÁLI

**Fimmtudagurinn 6. nóvember** er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:

Forseti Íslands

Reykjavíkurborg

UMFÍ

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verkefnið er styrkt af

actavis

AFSLÁTTUR 20 ÞÚSUND

# SL81 u149

## BLU-RAY FARTÖLVA

Til afgreiðslu **Strax** á meðan birgðir endast

Ein öflugasta og best búna fartölva á Íslandi í dag með Blu-Ray spilara, digital sjónvarpskorti og fjarstýringu.

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 4GB DUAL DDR2 667MHz minni
- 640GB DUAL SATA RAID diskur
- BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Blu-ray Disc

AÐEINS ÞESSA HELGI

Packard Bell

**149.900**

AFSLÁTTUR 10 ÞÚSUND

AÐEINS ÞESSA HELGI

Packard Bell

# ML61 FARTÖLVA

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

AÐEINS ÞESSA HELGI

# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- Athlon 4200 Dual Core örgjörvi
- GIGABYTE 680SM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 512MB GeForce 7025 skjástýring
- 5.1 Dolby Digital HD hljóðkort
- Gigabit Lan og 8xUSB2 tengi
- Passar í flesta eldri og nýrri kassa

**24.900**

AÐEINS ÞESSA HELGI

# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTURN 2

Öflugur og vandaður uppfærsluturn frá GIGABYTE með 2.0GHz Intel Dual Core örgjörva, 2GB minni, 500GB harðdisk og 512MB GeForce 7100 skjástýringu.

- Intel Core 2 Duo E2180 örgjörvi
- GIGABYTE G73PVM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB GeForce 7100 skjástýring
- 7.1 HD Dolby Digital DTS hljóðkort
- HDMI, DVI, SVHS, HDTV og FireWire
- Spire 420W hljóðlátur turn

**49.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur

AÐEINS ÞESSA HELGI

# iP4500

## FRÁ CANON

Mest seldi prentari á íslandi. Hvergi á betra verði!

**12.900**

AÐEINS ÞESSA HELGI

# 4GB DDR2 1066MHz

Vandað háhraða 4GB DDR2 1066MHz (2x2GB) vinnsluminni frá Mushkin á ótrúlegu verði

**14.900**

# 24"LCD

## BENQ WIDESCREEN SKJÁR

- 24" WideScreen 1080P LCD skjár
- 1000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1200 WideScreen upplausn
- VGA, DVI og HDMI HDCP tengi
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

**49.900**

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


SJÓÐHEIT
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF HEITUM TILBOÐUM
ALLT AÐ 40% LÆKKUN
AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
TURNAR 20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TURNUM UM HELGINA
AÐEINS ÞESSA HELGI
2GB
CREATIVE ZEN MP3 SPILARI
4.990
ALLT AÐ 20% LÆKKUN
AF ÖLLUM GIGABYTE MÓÐURBORÐUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
A500
5.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI
4.990
NÝ VERSLUN
HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31

LAUGARDAGUR 8. NÓVEMBER 2008

LESBÓK

Stuð á laugardaginn



Nýja skáldsagan

10 ráð til að hætta að drepa fólk og byrja að vaska upp

Ný skáldsaga Hallgríms Helgasonar. Við birtum fyrsta kaflann

Sveitaballið búið?

Við birtum skýrslu Arnars Eggerts Thoroddsen um íslenskar sveitaballahljómsveitir

Louis Armstrong

Vernharður Linnet fjallar um manninn sem breytti djassinum






Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á mbl.is/askrift eða í síma 569 1122

Morgunblaðið



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson



# Persónugerðar gulrætur og svipur

Ein skemmtilegasta afurð sem alnetið hefur skilað af sér undanfarin ár er Frasasíðan svokallaða, þar sem haldið er úti samkeppnum og skrám yfir bestu frasana sem vissir þjóðfélagshópar hafa tileinkað sér. Frasasíðan hefur legið í hýði um skeið, en hefur snúið tvíefld til baka í tilefni þeirrar gósentíðar sem nú ríkir fyrir þreytt orðatiltæki og ofnotaðar tuggur.

Enginn er maður með mönnum þessa dagana nema hann búi yfir nokkrum vel völdum kreppufrösum til að slengja fram við flest tækifæri. Oft er um að ræða gömul og gild orðatiltæki sem hafa öðlast endurnýjun lífdaga hjá almenningi „í ástandi“ síðustu vikna (það er merkilega auðvelt að detta ofan í frasabrunninn). Vart er sögð sú setning sem ekki endar á orðunum „... á þessum síðustu og verstu“ og furðanlega margt er „þyngra en tárum taki“ í dag. Stjórnmálamenn hafa svo fært frasanotkunina á hærra plan og raupa linnulítið um „spilaborgir“ og „smjörklípur“, að hvorki sé æskilegt að „persónugera vandann“ né „leita sökudólga“ og „auðvelt sé að vera vitur eftir á“ (sem gárungar taka svo upp á sína arma og djóka með að reyndar séu flestir pólitíkusarnir „bitrir eftir á“.)

Sjómennskumyndlíkingarnar, sem flestar snúast um „ólgusjó þjóðarskútunnar“, skipta þúsundum og náðu hámarki þegar Árni Johnsen varði stöðu Davíðs Oddssonar í Seðlabankanum með þeim fleygu orðum að „menn eigi ekki að setja aflamennina í land“. Góður, Árni!

Frasinn sem bar sigur úr býtum í samkeppni Frasasíðunnar um besta kreppufrasann er á þessa leið: „Við hefðum bæði haft gulrætur og svipu en í raun höfðum við hvorugt.“ Já, góður frasi er gulls ígildi á þessum síðustu og verstu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Nýjar bækur 25% kynningartilboð




**3.360 kr.**
Almennt verð: ~~4.480~~ kr.




**3.370 kr.**
Almennt verð: ~~4.490~~ kr.

## HINIR TÝNDU DRENGIR

Áhrifamikil skáldsaga eftir einn merkasta höfund Bandaríkjanna sem lýsir heimi mannvonsku og átaka – en um leið von um betra líf og betri heim. Valentino Achak Deng er einn hinna týndu drengja Suður-Súdans sem ganga sannkallaða eyðimerkurgöngu, dvelja í flóttamannabúðum og eru um síðir fluttir með loftbrú til Bandaríkjanna.

## 225 MILLJÓNIR EINTAKA SELD!

Áfrýjunin fór beint á toppinn á metsölulistum vestan hafs. Níu hæstaréttardómarar munu dæma í umdeildu máli risafyrirtækis í Missisippi. Er hægt að skipta um einn þeirra áður en dómur fellur? John Grisham er einn vinsælasti spennusagnahöfundur allra tíma.




**3.360 kr.**
Almennt verð: ~~4.980~~ kr.




**3.200 kr.**
Almennt verð: ~~4.280~~ kr.

## STÓRIR SIGRAR OG DJÚPAR SORGIR

Maðurinn, skáldið og presturinn. Hallgrímur er söguleg skáldsaga um einstakan mann sem þjóðin hefur elskað og dáð í aldaraðir. Úlfar Þormóðsson hefur víða leitað fanga og færir hér sögu Hallgríms í áhrifamikinn búning.

## MAFÍAN VILL HÖFUNDINN FEIGAN!

Roberto Saviano smyglaði sér í raðir mafíunnar í Napolí, sem er ein sú harðsvíraðasta á Ítalíu, og flettir ofan af henni. Afraksturinn er alþjóðleg metsölubók, en höfundurinn hefur neyðst til að njóta lögregluverndar síðan hún kom út og er nú landflótta frá Ítalíu eftir ítrekaðar morðhótanir.

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.*

**Tilboðið gildir til og með 16. desember 2008**

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**!**

**kl. 12**

*Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, heldur fyrirlestur á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, í Sólborg við Norðurslóð, kl. 12 í dag. Í fyrirlestri sínum fjallar Tryggvi um starfsemina á skrifstofu umboðsmanns og hvernig embættið sinnir hlutverki sínu. Tryggvi mun jafnframt víkja að breyttri stöðu embættisins í kjölfar þess umróts sem orðið hefur í þjóðfélaginu síðustu vikur.*

**menning**
menning@frettabladid.is

# Leitað til fortíðar

Ný tónleikasyrpa í tónleikaröðinni 15:15 hefst í Norræna húsinu á sunnudag kl. 15.15, eins og lög gera ráð fyrir. Tónleikarnir bera yfirskriftina Leitað til fortíðar, enda eiga verkin sem flutt verða það sameiginlegt að byggja á þjóðdönsum, þjóðlögum, fornum sögum eða ljóðum.

Flytjendur á tónleikunum eru þau Þórunn Guðmundsdóttir sópransöngkona, Eydís Franzdóttir óbóleikari, Ármann Helgason klarinettleikari og Kristín Mjöll Jakobsdóttir fagottleikari.

Tónleikarnir hefjast á tveimur verkum eftir franska tónskáldið Henri Tomasi, Concert Champetre fyrir blásara tríó og Sonaina attque fyrir einleiks klarinett. Því næst taka við undurfalleg lög fyrir einsöngsrödd og óbó eftir enska tónskáldið Vaughan Williams, en lögin voru samin við tíu ljóð eftir skáldið William Blake. Þar á eftir verður flutt verk Benjamins Britten fyrir einleiksóbó, Six Metamorphoses after Ovid. Tónleikunum lýkur svo á tveimur verkum eftir Gordon Jakob, þremur sönglögum fyrir sópran og klarinett og tríói fyrir blásara. Verkin eru bæði eins og flest verk Gordons Jakobs; á glaðlegum nótum með þjóðlegu ívafi. - vþ



**LEITA TIL FORTÍÐAR Á SUNNUDAG** Tónlistarmennirnir sem koma fram á 15.15 tónleikum í Norræna húsinu.



**LEIKLIST** Björn Thors, Bergur Þór og Þröstur Leó í hlutverkum sínum í nýlegu verki Martins McDonagh í Borgarleikhúsinu. MYND GRÍMUR /LR

# Bræður munu berjast

**Í kvöld verður leikritið Vestrið eina eftir írska leikskáldið Martin McDonagh frumsýnt á Nýja sviði Borgarleikhússins. Er það fimmta verk leikskáldsins sem sýnt er á íslensku leiksviði.**

Verk írska leikskáldsins Martins McDonagh hafa átt upp á pallborðið hjá íslensku leikhúsfólki en fjögur leikverka hans hafa þegar verið sýnd í íslenskum atvinnuleikhúsum; Fegurðardrottningin frá Línakri í Borgarleikhúsinu, Halti Billi og Koddamaðurinn sem sýnd voru í Þjóðleikhúsinu og Svartur köttur sem sýndur var hjá Leikfélagi Akureyrar. Hefur ekkert írskt leikskáld átt svo greiðan aðgang að hjörtum íslenskra leikhússtjóra.

Í Vestrinu eina segir af bræðrunum Coleman og Valene sem eru langt frá því að vera fyrirmyndarborgarar. Þrátt fyrir að vera komnir vel á fullorðinsaldur slást þeir stöðugt, drekka ótæpilega og lát föður þeirra virðist ekki snerta þá hið minnsta. Þegar sóknarpresturinn gerir örvæntingarfulla lokatilraun til þess að koma þeim til manns lítur þó út fyrir að eitthvað rofi til. Bleksvartur húmor og drepfyndin samtöl einkenna þetta alvöru gamanverk. Þröstur Leó Gunnarsson og Björn Thors leika þá bræður sem í kjölfar mikilla sviptinga, ákveða að reyna að lifa í sátt, iðrast og fyrirgefa hvor öðrum áralangar illdeilur og hatur. En leiðin til aukins þroska er erfið. Það er Jón Páll Eyjólfsson sem leikstýrir, en hann er annar tveggja fastráðinna leikstjóra í Borgarleikhúsinu. Á Nýja sviði Borgarleikhússins er stefnan að sviðsetja afgerandi leikverk „sem eiga að snerta, ögra og hrífa“ eins og segir í tilkynningu frá Leikfélagi Reykjavíkur. Önnur hlutverk eru í höndum Kristínar Þóru Haraldsdóttur og Bergs Þórs Ingólfssonar. Ilmur Stefánsdóttir gerir leikmynd og búninga, Hallur Ingólfsson semur tónlist og lýsing er í höndum Þórðar Orra Péturssonar.

Vestrið eina er sýnt með tilstyrk Ölgerðarinnar. Sýningar munu standa fram í desember, enda hefur Borgarleikhúsið tekið upp nýtt snarpara sýningarfyrirkomulag sem er þannig að hvert verk er sýnt í skemmri tíma en áður en mun þéttar á tímabilinu. Þegar erum komnar í sölu fimmtán sýningarkvöld og hafa kortagestir aðgang að fimm þeirra en LR leggur áherslu á að áhugasamir komi sér sem fyrst því sýningum lýkur í desember. Það er hluti af markaðssetningu hins nýja leikhússtjóra hússins sem hefur fylgt í kjölfar Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra um snarpari keyrslu verka á sýningarskrá, en Magnús Geir fékk í vikunni viðurkenningu sem markaðsmaður ársins fyrir starf sitt hjá LA og LR.
pbb@frettabladid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
fim. 6/11, fös 7/11 **uppselt**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum. ★★★★, JVJ DV
**Aðeins fjórar sýningar eftir**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 8/11, uppselt, **síðasta sýning**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning fyrir yngstu börnin
sun. 9/11, **örfá sæti laus**
**Sýningum að ljúka**



Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
Geysivinsælt ævintýri fyrir alla fjölskylduna!
sun. 9/11
**Sýningum að ljúka**

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Fimm sýningar á Smíðaverkstæðinu í nóvember
**Örfá sæti laus**

www.leikhusid.is





# VESTRIÐ EINA



## FRUMSÝNING Í KVÖLD – UPPSELT

Martin McDonagh er eitt vinsælasta samtímaleikskáldið enda þykja verk hans með eindæmum vel skrifuð. Fjögur önnur leikrit hans hafa verið sýnd hér á landi og hlotið feiknalega góðar viðtökur. Þau eru **Fegurðardrottningin frá Línakri** (LR), **Halti Billi** (Þjóðleikhúsið), **Koddamaðurinn** (Þjóðleikhúsið) og **Svartur köttur** (LA). Auk þess kannast margir við kvikmyndina **In Bruges** sem McDonagh bæði leikstýrði og skrifaði handritið að.

| | | |
|---|---|---|
| Fös 07.11 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Lau 08.11 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Sun 09.11 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Fim 13.11 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Fös 14.11 | Kl. 20:00 | UPPSELT |
| Lau 15.11 | Kl. 20:00 | ÖRFÁ SÆTI |
| Sun 16.11 | Kl. 20:00 | ÖRFÁ SÆTI |
| Fim 20.11 | Kl. 20:00 | |
| Fös 21.11 | Kl. 22:00 | ÖRFÁ SÆTI |
| Lau 22.11 | Kl. 19:00 | |

HÖFUNDUR: MARTIN MCDONAGH ÞÝÐING: INGUNN ÁSDÍSARDÓTTIR LEIKSTJÓRN: JÓN PÁLL EYJÓLFSSON LEIKMYND OG BÚNINGAR: ILMUR STEFÁNSDÓTTIR TÓNLIST: HALLUR INGÓLFSSON LÝSING: ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON

LEIKARAR: BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON, BJÖRN THORS, ÞRÖSTUR LEÓ GUNNARSSON, KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR

Sett upp í samstarfi við Ölgerðina

Ölgerðin EGILL SKALLAGRÍMSSON

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Fiton/SIA

# Söngvar Berlins í Salnum

Izzy Bailine, betur þekktur sem Irving Berlin, var einn afkastamesti höfundur sönglaga í amerískri dægurmenningu. Hann fluttist sem smábarn frá Rússlandi til Bandaríkjanna og hafði ofan af fyrir sér á unglingsárunum sem syngjandi þjónn á sumum af vafasömustu knæpum neðri hluta Manhattan. Þar komst hann að því að með því að láta hripa lögin sín á pappír, gat hann selt þau til nótnaútgefenda fyrir allnokkurt fé, væru þau sæmilega sönghæf. Áður en yfir lauk hafði Berlin sett saman yfir 1.500 lög, sem sum hver eru löngu sígild: Blue Skies, Cheek to Cheek og Putting on the Ritz eru aðeins örfá heimsfrægra laga hans.

Berlin var einn margra sönglagasmiða í Tin Pan Alley sem voru aðflutt- ir gyðingar úr borgum Gamla heimsins. Kristjana Stefánsdóttir söngkona, Kjartan Valdemarsson píanóleikari, Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari og Pétur Grétarsson trommuleikari hafa sett saman dagskrá með tónlist Irvings Berlin fyrir Tíbrárröð Salarins í Kópavogi. Áður hafa þau boðið upp á tónlist Cole Porter og Richard Rodgers á sama vettvangi og munu í vor spila músík frægasta höfundar Bandaríkjamanna, George Gershwin. Tónleikarnir með verkum Irvings Berlin verða á laugardagskvöld og hefjast klukkan 20. Auk þeirra fjórmenninga sem koma fram, er von á leynigesti á tónleikana. „Ekki er hægt að gefa upp hver það er,“ segir Pétur Grétarsson, „en óhætt er að upplýsa að hitabylgja kemur við sögu og ótrúlegur metnaður söngvara til að gera betur en vel.“ Semsagt gott, djassað og gleðilegt í Salnum á laugardagskvöld. - pbb



**TÓNLIST** Kristjana Stefánsdóttir syngur lög Irvings Berlin í Salnum á laugardagskvöld.

# Hjón leika á orgel

Hjónin Lára Bryndís Eggertsdóttir og Ágúst Ingi Ágústsson halda orgeltónleika í Langholtskirkju á sunnudagskvöld kl. 20. Segja má að tónleikarnir séu sannkallaður fjölskylduviðburður, enda leika þau hjónin tónlist eftir Johann Sebastian Bach og syni hans þá Carl Philipp Emanuel Bach og Johann Christian Bach.

Það er sannarlega ekki á hverjum degi sem að tónlistarunnendum gefst færi á að sjá og heyra hjón leika saman á orgeltónleikum og því ljóst að viðburðurinn er nokkuð forvitnilegur. - vþ



**MÚSÍKALSKT PAR** Ágúst Ingi Ágústsson og Lára Bryndís Eggertsdóttir koma fram á tónleikum í Langholtskirkju á sunnudag.






# Stigvaxandi sala

**Breska forlagið Quercus er að skipuleggja stærstu markaðsherferð sem þeir nokkru sinni hafa skipulagt, fyrir aðra bók Stiegs Larsson, Stúlkan sem lék sér að eldi, en fyrsta bók hans, Karlar sem hata konur, er nýkomin út hjá Bjarti. Quercus gefur bókina út innbundna í janúar á næsta ári. Markaðsherferðin mun leggja áherslu á kvenhetju bókarinnar Lisbeth Salander með það fyrir augum að „stækka núverandi aðdáendahóp með því að beina athyglinni að yngri kvenlesendum,“ einsog bókaútgefendur á meginlandinu og í Bandaríkjunum hafa þegar gert.**



**BÓKMENNTIR** Stieg Larson er að leggja undir sig enskumælandi markaði.

**Þegar bókin kemur út innbundin í janúar ætlar breska forlagið að gefa 75 þúsund kiljur með dagblaðinu Evening Standard til þess að koma af stað „orðinu á götunni“ til þess að „auka stórvægilega“ þegar frábærar sölutölur á innbundnu bókinni.**

**Mark Smith, framkvæmdastjóri Quercus, segir að takmarkið sé að selja milljón eintök af Millenium-trílógíu Stiegs Larsson. „Rúmlega 8 milljón eintök af bókinni hafa verið seld um alla Evrópu og fyrsta bókin, Karlar sem hata konur, hefur fengið glimrandi viðtökur í enskumælandi löndum, svo það er okkur heiður að fylgja í fótspor kollega okkar og byggja á velgengni þeirra með bókina,“ sagði hann.**

**Karlar sem hata konur hefur þegar selst í nær hundrað þúsund eintökum á Englandi.** - pbb



**HORF** Ljósmynd eftir Braga J. Ingibergsson.

# Sýning bræðra

Bræðurnir Þorsteinn H. Ingibergsson og Bragi J. Ingibergsson opnuðu ljósmyndasýningu í Frímúrarahúsinu að Ljósatröð 2 í Hafnarfirði um miðjan síðasta mánuð. Nú um helgina er komið að sýningarlokum hjá þeim, en síðasti sýningardagur er á morgun og verður þá opið á milli kl. 14 og 18. Þeir bræður hafa lagt stund á ljósmyndun frá unga aldri og hafa myndir þeirra birst opinberlega í ýmsum miðlum.

Myndirnar á sýningunni eru prentaðar beint á álplötur, en sú vinnsluaðferð gefur eilítið grófa litaáferð sem þykir jafnvel minna nokkuð á málverk. - vþ

# Malarastúlkan fagra

Tvö Schubert-kvöld verða haldin í Íslensku óperunni í þessum mánuði, þar sem hinir geysifögru ljóðaflokkar Schuberts, Malarastúlkan fagra og Vetrarferðin, verða fluttir. Fyrra kvöldið er sunnudaginn 9. nóvember næstkomandi kl. 20, en þá flytur Hlöðver Sigurðsson tenór sem nýlega hefur lokið söngnámi, Malarastúlkuna fögru, ásamt Antoníu Hevesi, píanóleikara við Íslensku óperuna.

Malarastúlkan fagra er söngljóðaflokkur eftir Franz Schubert við texta Wilhelms Müller og er einn sá þekktasti sem saminn hefur verið. Verkið er skrifað fyrir háa söngrödd og píanó, og er oftast flutt af karlmanni, þar sem í textanum segir frá ungum manni og óendurgoldinni ást hans á ungri stúlku. Þáttur píanósins í verkinu er afar stór og því gegnir píanóleikarinn veigamiklu hlutverki á tónleikunum. Müller gaf ljóðin út árið 1820 og þremur árum síðar samdi Schubert tónlist við þau, 26 ára að aldri. Hann notaði alls 20 kvæði úr ljóðaflokknum í verk sitt, sem talið er meðal hans lykilverka. Síðar samdi Schubert annan söngljóðaflokk við ljóð Müllers, Vetrarferðina, sem verður flutt í Íslensku óperunni síðar í mánuðinum.

Hlöðver og Antonía gáfu út geisladisk með Malarastúlkunni fögru árið 2005, þar sem textinn var fluttur á íslensku í þýðingu Guðmundar Hansen Friðrikssonar. Á tónleikunum nú verður textinn hins vegar fluttur á þýsku eins og venja er til, en íslenska textanum verður varpað upp á tjald á sviðinu á tónleikunum. Enn fremur verða sýndar þar landslagsljósmyndir úr smiðju sr. Braga J. Ingibergssonar. Bálkurinn er viðurkenndur sem einn fegursti lagaflokkur sem saminn hefur verið og er í miklum metum hjá aðdáendum tónskáldsins sem nú fá fágætt tækifæri til endurfunda við listaverkið. - pbb



**TÓNLEIKAR** Hlöðver Sigurðsson syngur bálkinn til malarastúlkunnar í Gamla bíói á sunnudag.



**SJÁLFSMYND** Sýning á verkum Braga Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum hefur notið mikilla vinsælda.

# Sýning Braga framlengd

**Vegna mikillar aðsóknar verður Augnasinfónía, sýning Braga Ásgeirssonar á Kjarvalsstöðum, framlengd til 4. janúar næstkomandi. Um fimmtán þúsund gestir hafa nú séð sýninguna og fer aðsókn síst dvínandi. Bragi hefur sjálfur reglulega tekið þátt í leiðsögn um sýninguna og mun næst gera það á sunnudag kl. 15. Í fylgd með Braga um sýninguna fer náin samstarfskona hans, Sigurlaug Ragnarsdóttir, og munu þau ræða um einstök verk og feril Braga. Sýningin spannar sextíu ár í lífi Braga Ásgeirssonar en sýningarstjórinn Þóroddur Bjarnason hefur kosið að skipta henni upp í fjögur tímabil sem greinast fremur á milli miðla en umfjöllunarefna. Bragi hefur helgað myndlistinni líf sitt, ekki einungis sem listamaður heldur einnig í stoðgreinum listanna svo sem kennslu, greinaskrifum og listrýni, en auk þess var hann á tímabili mikilvirkur í félagsstarfi myndlistarmanna. - vþ**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 7. nóvember 2008**

### ➜ Tónleikar

**21.00 Guitar Islancio** leikur nýtt efni á afmælistónleikum í Salnum en tríóið á 10 ára afmæli. Salurinn, Hamraborg 6, Kópavogi.



**21.00 Vodkasongs** Valur Gunnarsson leikur efni af nýútkominni plötu á tónleikum í tilefni af 91 árs afmæli rússnesku byltingarinnar. Einnig kemur fram Ingó frá Indigó. Café Cultura, Alþjóðahúsi, Laugarvegi 37.

**22.00 Hvanndalsbræður** verða með órafmagnaða tónleika á Græna hattinum. Færeyskt og rússneskt þema verður allsráðandi og þriðji hver Færeyingur og Rússi fá frítt inn. Húsið opnar kl. 21.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.00 Umboðsmaður Alþingis - 20 ár að baki** Tryggi Gunnarsson flytur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri, L201, Sólborg V/Norðurslóð.

### ➜ Sýningar

Systurnar **Sigrún** og **Ólöf Einarsdætur** sýna gler- og textílverk í anddyri Salarins, Hamraborg 6, Kópavogi.

### ➜ Safnahelgi

**Safnahelgi á Suðurlandi** 7.-9. nóv. Söfn um allt Suðurland og í Vestmannaeyjum bjóða upp á fjölbreytta menningardagskrá um helgina. Dagskrá og frekari upplýsingar www.sofnasudurlandi.is.

### ➜ Listahátíð

**Unglist** Listahátíð ungs fólks stendur yfir 7.-11. nóv. Ókeypis er á alla viðburði. Nánari upplýsingar á www.unglist.is.

### ➜ Myndlist

**Hátíð trjánna - list í þágu barna** Hjá Sævari Karli í Bankastræti stendur yfir sýning á verkum ellefu listamanna sem seld verða á uppboði til styrktar Barnaheillum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.myndlist.is.

**Orð Guðs** Í Listasafninu á Akureyri stendur yfir sýning á verkum eftir sex listamenn sem fjalla um og vekja upp spurningar um ýmsa þætti kristinnar trúar. Opið alla daga nema mán. kl. 12-17. Listasafnið á Akureyri, Kaupvangsstræti 12.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



## > ÁNÆGÐ MEÐ BÍTLALEIK

Yoko Ono, ekkja Johns Lennon, er ánægð með að Bítlarnir hafi samþykkt að taka þátt í nýjum Rock Band-tölvuleik, sem kemur út í lok næsta árs. „Þegar svo margt ungt fólk hefur áhuga á Bítlunum verður nýr kafli skrifaður í sögu hljómsveitarinnar,“ sagði Yoko. „Kannski fara krakkarnir að búa sjálfir til tónlist í stað þess að hlusta bara á hana.“



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Spielberg syrgir Crichton

Leikstjórinn Steven Spielberg syrgir mjög rithöfundinn Michael Crichton, sem samdi skáldsögurnar Jurassic Park og The Lost World sem Spielberg kvikmyndaði við frábærar undirtektir. Chricton lést á þriðjudaginn úr krabbameini 66 ára að aldri.

„Hæfileikar Michaels voru ennþá umfangsmeiri en hans eigin risaeðlur í Jurassic Park,“ sagði Spielberg. „Hann var bestur í því að blanda saman vísindum og stórum málefnum og í hans meðförum var það trúverðugt að risaeðlur gengu um jörðina á ný jan leik. Michael var rólynd sál sem notaði hina áberandi hlið sína í skáldsögur sínar. Það mun engum takast að fylla skarð hans.“



**MICHAEL CRICHTON** Rithöfundurinn heimsfrægi lést úr krabbameini, 66 ára gamall. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES.

Crichton, sem fæddist í Chicago, samdi sínar fyrstu bækur á meðan hann var í læknanámi í Harvard. Sama ár og hann útskrifaðist, 1969, kom út fyrsta metsölubók hans, The Andromeda Strain.

Sú bók var kvikmynduð rétt eins og aðrar bækur hans á borð við Congo, Rising Sun og Disclosure. Chrichton samdi einnig handritið að myndinni Twister, auk þess sem hann var höfundur læknaþáttanna ER sem njóta ennþá mikilla vinsælda. Vann hann til fjölda Emmy-verðlauna fyrir þættina.



**STEVEN SPIELBERG** Leikstjórinn kvikmyndaði tvær af sögum Michaels Crichton, Jurassic Park og The Lost World.




# Neikvæð orka hressir

Fjórða plata Singapore Sling er komin út og heitir Perversity, Desperation and Death, Öfuguggaháttur, örvænting og dauði. „Þetta eru þau þrjú atriði sem hressa mig alltaf við, sama hvað á bjátar,“ segir Henrik Björnsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar. „Það er allt búið að vera svo svart, neikvætt og ömurlegt, en mér hefur aldrei liðið betur. Ég lifi á neikvæðri orku.“

Ellefu lög eru á nýju plötunni, öll frumsamin. „Þessi plata er töluvert nýrri en hinar plöturnar okkar, en að öðru leiti finnst mér asnalegt að ég sé að tjá mig eitthvað um hana,“ segir Henrik.

Best er auðvitað að drífa sig á útgáfutónleikana, sem verða á Grand Rokk í kvöld og hefjast upp úr kl. 22. Ný bráðefnilega hljómsveit, Kid Twist, hitar upp og hljómsveitin Reykjavík verður með gjörning. Það kostar þúsund kall inn. - drg



**SINGAPORE SLING** Spilar á Grand Rokk.



**ÞOKKABÓT Á ÆFINGU Í HAUST** Gylfi, Halldór, Ingólfur og Magnús spila „Nýríki Nonni“.

# Litlir kassar orðnir tómir kassar

**Kreppan hefur ýmsar aukaverkanir. Ein þeirra er að hljómsveitin Þokkabót hefur búið til nýjan texta við vinsælasta lag sitt, „Litlir kassar“. Núna heitir það „Tómir kassar“ og er á leið í spilun.**

„Ég sá á netinu að áttundi áratugurinn væri að koma aftur. Að hér yrði óðaverðbólga, við í stríði við Breta og Abba og Villi Vill vinsælasta poppið. Þá hugsaði ég með mér að kannski yrði Þokkabót bara vinsæl aftur, enda var þetta okkar tímabili. Þá fór ég að hugsa um alla þessa tómu kassa í tómum bönkum fullum af dingaling,“ segir Ingólfur Steinsson, einn Þokkabótar-manna. Hljómsveitin gerði fjórar plötur á áttunda áratugnum, þar á meðal Fráfærur, sem jafnan er talið meistaraverk bandsins. Mest spilaða lagið með bandinu er þó „Litlir kassar“, íslensk útgáfa af vinsælum slagara Petes Seeger.

„Diskóið fór langt með að drepa bandið á sínum tíma, en pönkið gekk endanlega frá því,“ segir Ingólfur. „Okkar vinstri sinnaða þjóðlaga-progg varð alveg úr takti við stemninguna í pönkinu. Núna hafa tímarnir hins vegar breyst í einu vetfangi og það er komin stemning sem passar okkur vel. Ég meina, við áttum meira að segja nokkur lög á safnplötunni „Í kreppu“ á sínum tíma.“

Eins og margir horfði Ingólfur upp á góðærið í forundran. „Maður botnaði ekkert í því hvað sumir voru rosalega siðugir og ríkir og alltaf að græða og græða. Það þótti ekkert siðugt að gagnrýna þetta. Nú er hins vegar sannleikurinn að koma í ljós og þá getur maður komið í og sagt: Við höfðum rétt fyrir okkur! Svona svipað og Hannes Hólmsteinn gat gert þegar kommúnisminn féll.“

Þokkabót hefur komið fram annað slagið undanfarin ár, en um eiginlegt „kombakk“ hefur ekki verið að ræða. Ingólfur útilokar þó ekkert í því sambandi: „Kannski verðum við bara að byrja aftur á fullu til þess einfaldlega að eiga fyrir salti í grautinn og komast einstaka sinnum út í búð!“

drgunni@frettabladid.is

### TÓMIR KASSAR

Tómir kassar í tómum banka<br>
tómir kassar af dingalingaling,<br>
tómir kassar, tómir kassar,<br>
tómir kassar, allir eins.

Einn á hausnum, annar valtur,<br>
þriðji skuldsettur og fjórði gjaldfallinn,<br>
allir galtómir af dingalinga<br>
enda eru þeir ei til neins.

Og í bönkunum bankastjórar,<br>
hafa milljónir á mánuði<br>
en enda allir með tóma kassa<br>
tóma kassa, alla eins.

Og ungu mennirnir fara í útrás<br>
í einkaþotum og stunda viðskipti<br>
en tapa öllu í tóma kassa,<br>
tóma kassa og ei til neins.

Þeir stunda sólböð og sigla á skútum<br>
og fara í kappakstur í kringum jörðina.<br>
Og fá sér allir fínar hallir,<br>
fyrir fé sem var aldrei til.

Og litlu börnin byrja í skóla<br>
og fara síðan beint í bankana<br>
og taka til við að tæma kassa<br>
og út úr því fara allir eins.

Tómir kassar, þrotakassar,<br>
tómir kassar af dingalingaling,<br>
tómir kassar, tómir kassar<br>
tómir kassar, ei til neins.

Tómir kassar, í tómum banka<br>
um tíma fyllast af okkar peningum,<br>
en verða að sjálfsögðu seldir aftur<br>
svo að allt verði aftur eins.

Ingólfur Steinsson/ Halldór Gunnarsson




„Jens Lapidus – sænsk stórstjarna á krimmasviðinu.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ
FUNDIÐ FÉ
HATRIÐ · GRÆÐGIN · LEITIN
Jens Lapidus
RÉTTURINN SELDUR TIL 24 LANDA
500.000 eintök seld í Svíþjóð
Leiðb. útsöluverð kr. 3.990
Kynningarverð kr. 2.990
25% AFSLÁTTUR
GILDIR Í VERSLUNUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR TIL 13. NÓV.
Myrk spennusaga úr undirheimum Stokkhólms, aðalpersónurnar eru þrír glæpamenn:
JORGE, dópsali sem sleppur úr fangelsi á ævintýralegan hátt.
JW, strákurinn sem selur yfirstéttarliðinu kókaín.
MRADO, serbneskur mafíuhandrukkari sem misþyrmir og drepur án samviskubits. Örlög þeirra tvinnast saman gegnum kókaínið; þar er fundið fé.
Höfundurinn Jens Lapidus er ungur sænskur lögfræðingur sem hefur meðal annars varið alræmda glæpamenn og kynnst veröld þeirra. Þessa reynslu nýtir hann sér út í æsar til að skapa snjalla og æsispennandi sögu. *Fundið fé* hefur hlotið einróma lof.
„Þessa bók er ógerlegt að leggja frá sér.“
EXPRESSEN
„Besta glæpasagan um undirheima Stokkhólms.“
KRISTIANSTADSBLADET
„Stórkostleg glæpasaga.“
POLITIKEN
„Íslenskir glæpasagnaunnendur geta hlakkað til.“
MORGUNBLAÐIÐ
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5, 7.30 og 10 - POWER | 16 |
| QUARANTINE | kl. 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI | kl. 4 | L |
| MAMMA MIA | kl. 4, 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO LOSE... | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO LOSE... | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| RESCUE DAWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) - 6(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:30 - 5 - 6 - 8:30 | L |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 3:40 síð sýn | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| RESCUE DAWN | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOW TO LOSE FRIENDS... | kl. 3:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | kl. 4(3D) | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40D - 5:50D | L |
| EAGLE EYE | kl. 10:20D | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 | 12 |
| JOURNEY 3D | kl. 5:50(3D) | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 | L |
| MY BEST FRIEND'S GIRL | kl. 8 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 - 8 | L |
| EAGLE EYE | kl. 10 | 16 |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JAMES BOND | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 | L |
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 4-5.30-6.30-9-10.30-11.20 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| MAX PAYNE | kl. 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8.30 - 11 | 12 |
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 - 9 - 10.10 - 11.20 | 12 |
| QUARANTINE | kl. 6 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




MYND/ÓLI KJARTANS

**SPRENGJUHÖLLIN** Plata númer tvö kemur út í dag og stendur vel fyrir sínu.

# Gáfupopp fyrir gleðifólk

Mér fannst fyrsta plata Sprengjuhallarinnar, Tímarnir okkar, ferskasta plata síðasta árs. Hljómsveitin skoppaði inn á völlinn, spilandi hressandi og gáfulegt popp, syngjandi fína texta á íslensku um eitthvað sem „skiptir máli“. Í staðinn fyrir að hanga yfir næstu plötu með ritstíflu og væl, eins og alltof algengt er meðal poppara, tóku þeir Bítlana á þetta og mæta nú upplitsdjarfir með næstum því klukkutímalanga plötu númer tvö.

Fyrir utan viðbragðsflýtinn og titillagið, sem er alltof líkt „Hey Jude“, má finna frekari samsvörun við snillingana frá Liverpool. Eftir að plötur Bítlanna fóru að verða verulega góðar frá og með Rubber Soul, voru þær fjölbreyttar og lögin alls konar. Margir halda að gæði felist í að plötur séu „heilsteyptar“ (les: öll lögin hljóma nánast eins), en ég, Bítlarnir og Sprengjuhöllin blásum á svoleiðis rugl. Því fleiri stílar og stefnur, tilraunir og leit, því betra. Og Sprengjuhöllin stendur í skilum. Fimmtán lög, takk fyrir. Kannski ekki öll algjör snilld, en fjölmörg sem „húkka biggtæm“ og maður er farinn að raula undir eins.

Að öðrum ólöstuðum er Snorri Helgason aðalsprauta Hallarinnar. Hann semur flest lögin og suma textana. Snorri er enginn stórsöngvari, heldur notalegur og vænn eins og pabbi hans og jafnvel Villi Vill. Úr sarpi hans hrjóta hér ófá gullkornin. „Vegurinn“ er nánast hrottalega grípandi, hið Stranglers-lega „Reykjafjarðarmein“ er fullkomið í látleysi sínu, „Týnda mín“ er upplífgandi stuðlag og tilvalið næsta lag „í spilun“ og „Á Skólavörðuholti“ er valhoppandi gleðipopp þar sem Spilverkið svífur yfir vötnum eins og vill gerast þegar popparar fjalla um nánasta umhverfi sitt. Aðrir meðlimir fá breik og rúmlega það. Atli Bollason hljómborðsleikari á frábært lag, „Deus, Bóas og/eða kjarninn“ og Georg bassaleikari á tvö góð, hið áleitna popplag „Kjartan nr. 26“ og vangalagið í lokin. Bergi Ebba bregst bogalistin í „Sumar í Múla“, sem mistök voru að setja í spilun í sumar enda fullt af betri lögum á plötunni, en nær dampi á ný í tregafulla sagnabálkinum „Konkordíu“. Þá verður að nefna „Með seríos í skálinni við smælum endalaust“, þar sem leiðbeinandi stuðsöngur Bergs nær nýjum hæðum í sniðugheitum. Lagið hefði þó líklega orðið enn betra ef maður skildi hvað er verið að syngja um.

Með upptökumanninum Valgeiri Sigurðssyni lágu strákarnir yfir hljómnum. Strokhljóðfæraleikarar og alls konar gúmmilaði sullast í púkkinu. Stundum brestur á með Disney- og Mercury Rev-legum sándveggjum, en þegar sá gállinn er á bandinu fær einfaldleikinn bara að njóta sín.

Sprengjuhallaraðdáendur þurfa ekki að hafa áhyggjur. Þetta er fín plata. Flest lögin góð og pakkningarnar veglegar. Ég býst við plötu á sama tíma að ári. Hún verður jafnvel enn betri.

**Dr. Gunni**




**TÓNLIST**
**Bestu kveðjur**
Sprengjuhöllin
★★★★

Sprengjuhallaraðdáendur þurfa ekki að hafa áhyggjur. Þetta er fín plata.

# James Bond í hefndarhug

Daniel Craig snýr aftur sem njósnari hennar hátignar, James Bond, í Quantum of Solace, og tekur myndin við þar sem áhorfendur voru skildir eftir í Casino Royale, fyrir rúmum tveimur árum. Markar það fyrsta skiptið í 60 ára sögu Bond-myndanna þar sem um beint framhald er að ræða.

Eftir dapurt tímabil var Bond endurreistur í Casino Royale til að uppfylla kröfur nýrra bíófara og áhugamanna. Nýr leikari var ráðinn í hlutverkið og var áhersla lögð á sterkan og góðan söguþráð, sem og hasaratriði í takt við Bourne-myndirnar, en það má segja að þær hafi tekið hasarmyndir á æðra plan. Þessi áætlun aðstandenda svínvirkaði og var útkoman ein besta Bond-myndin frá upphafi sem skaut öðrum hasarmyndum ref fyrir rass.

Leikstjórinn Marc Forster fékk það erfiða hlutverk að gera beint framhald af kvikmynd sem hann leikstýrði ekki, en hann hefur áður leikstýrt myndum á borð við Stranger Than Fiction og The Kite Runner. Forster þreytir hér frumraun sína sem hasarleikstjóri og leysir hann það vel af hendi. Opnunaratriði myndarinnar er sannkölluð sprengja sem ýtir manni á ystu brún sætisins. Og það má segja það sama um restina af hasaratriðunum.

Handrit myndarinnar er ólíkt því sem búast mætti við af Bond-mynd en er á réttum nótum miðað við endann á Casino Royale. Í raun og veru snýst söguþráður myndarinnar um að Bond nái fram hefndum. Skúrkurinn í myndinni er jarðbundnari en áhorfendur þekkja úr fyrri myndum sem á eflaust eftir að slá einhverja út af laginu, en er í takt við myndina. Í byrjun myndarinnar eru samtök kynnt til sögunnar sem Mr. White (úr endinum á Casino Royale) er meðlimur í og er Quantum of Solace einungis undirbúningur fyrir það sem koma skal.

Það verður ekki frá Craig tekið að hann stendur sig frábærlega í hlutverki Bonds og er ekki fjarri lagi að hann sé eftirlætis Bondleikarinn minn ásamt Sean Connery. Angist og reiði skín í gegn hjá Craig og er þróun persónunnar rökrétt og jaðra aðgerðir hans við að vera réttlætanlegar. Leit Bonds að sálarró með því að svala hefndarþorsta sínum er ný nálgun á þessa elskuðu og dáðu persónu. Frakkinn Mathieu Amalric er góður í hlutverki skúrksins Dominic Greenes. Líkt og La Chiffre úr Casino Royale er Greene rólegur og yfirvegaður undir álagi, sem gæðir hann vissum sjúkleika og siðblindu.

Casino Royale setti markið hátt, ef ekki of hátt en þrátt fyrir það reynist Quantum of Solace vera verðugt framhald. Þessi nýju og persónulegri kynni af Bond eru áhugaverð og forvitnilegt verður að sjá hvert það leiðir áhorfendur í næstu mynd. Quantum of Solace er frábær viðbót við lengstu kvikmyndaseríu allra tíma og gefur nýlegum hasarmyndum ekkert eftir.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**
**Quantum of Solace**
Leikstjóri: Marc Forster. Aðalhlutverk: Daniel Craig.
★★★★

Rökrétt framhald af Casino Royale. Daniel Craig er frábær í hlutverki njósnarans sem er í hefndarhug.



**SEX AND THE CITY** Vinkonurnar í Sex and the City. Cattrall er önnur frá vinstri.

# Framhald næsta sumar

Kim Cattrall úr Sex and the City-þáttunum segir að til standi að kvikmynda framhald samnefndrar myndar á næsta ári. Bætti hún því við að erfitt væri að ná öllum leikurunum saman fyrir verkefnið vegna þess að þeir væru svo uppteknir. „Við ætlum að búa til framhaldið næsta sumar,“ sagði hún.

Kvikmyndin Sex and the City með Söruh Jessicu Parker í aðalhlutverki náði miklum vinsældum víða um heim fyrr á þessu ári. Fjallaði hún, rétt eins og þættirnir, um blaðakonuna Carrie Bradshaw og vinkonur hennar, Samantha, Miranda og Charlotte.



**JASON STATHAM** Statham fer með hlutverk í næstu mynd Sylvesters Stallone, The Expendables. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Statham í lið með Stallone

**Breski harðjaxlinn Jason Statham hefur samþykkt að leika í næstu mynd Sylvester Stallone, The Expendables. Stallone mun leika aðalhlutverkið í myndinni, leikstýra henni og skrifa handritið. Líklega mun slagsmálahundurinn Jet Li einnig leika í myndinni.**

**Fjallar hún um þrjá málaliða sem ferðast til Suður-Ameríku til að frelsa þjóð frá miskunnarlausum einræðisherra. Tökur fara fram á Kosta Ríka og í Louisiana í febrúar. The Expendables er hluti af tveggja mynda samningi sem Stallone gerði við fyrirtækið Nu Image/Millenium. Talið er að síðari myndin fjalli um enn eitt ævintýri Johns Rambo.**







## > Spilar með félaginu hans Pele

Knattspyrnukonan Þórunn Helga Jónsdóttir er komin alla leið til Sao Paulo í Brasilíu þar sem hún ætlar að æfa og spila með FC Santos fram að jólum. Þórunn Helga hefur verið í stóru hlutverki hjá KR síðustu ár en hún er einnig nýbúin að klára háskólanám í Rhode Island-háskólanum í Bandaríkjunum. FC Santos hefur verið eitt besta kvennalið Brasilíu síðustu ár en kvennalandslið Brasilíu er í 3. sæti á Styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Santos er líka þekkt fyrir heimsfræga fótboltamenn en sem dæmi lék Pele með karlaliði Santos stærsta hluta síns ferils.



# sport

sport@frettabladid.is

**ANDERS DAHL-NIELSEN:** FYRRUM ÞJÁLFARI KR SNÝR AFTUR TIL ÍSLANDS MEÐ STÓRLIÐI FLENSBURG

# *Hlakka til að keyra Kaplaskjólsveginn aftur*

Haukar mæta þýska stórliðinu Flensburg í Meistaradeildinni á Ásvöllum annað kvöld. Er um lykilleik að ræða fyrir bæði lið því sigurvegarinn stendur ansi vel að vígi í baráttunni um annað sætið í riðlinum sem veitir þáttökurétt í 16-liða úrslitum keppninnar.

Einn af aðstoðarþjálfurum Flensburgar og yfirmaður íþróttamála hjá félaginu er Daninn og Íslandsvinurinn Anders Dahl-Nielsen. Hann þjálfaði KR í upphafi níunda áratugarins og var síðar með Aroni Kristjánssyni hjá Skjern en Aron er einmitt þjálfari Haukaliðsins í dag.

„Það verður verulega gaman fyrir mig að koma til Íslands. Ég hlakka alltaf til að koma til landsins en ég kom síðast fyrir tveimur og hálfu ári með Skjern. Það er verst hvað við stoppum stutt að þessu sinni. Ég væri alveg til í að vera aðeins lengur," sagði Dahl-Nielsen við Fréttablaðið í gær en Flensburg kemur til landsins í dag og fer aftur utan á sunnudagsmorgun.

Anders segist engu að síður ætla að nýta tímann eins vel og hann getur meðan hann er á landinu.



„Mér þykir alltaf afar vænt um KR og á yndislegar minningar úr KR-heimilinu. Þar var mikið fjör í gamla daga. Ég kíki örugglega þangað og ætla einnig að hitta vin minn sem var formaður handknattleiksdeildar þegar ég þjálfaði KR. Svo hlakka ég til að keyra Kaplaskjólsveginn aftur þar sem ég átti heima. Þá hellast yfir mann góðar minningar," sagði Dahl-Nielsen.

Haukarnir stóðu rækilega uppi í hárinu á þýska liðinu ytra á dögunum og Anders segir sitt lið gera sér ljóst að verkefnið verði erfitt.

„Við teljum okkur vera með betra lið og stefnum að því að vinna sannfærandi sigur. Við vitum samt sem er að það er ekkert gefið á Íslandi líkt og Veszprém fékk að reyna um daginn og við munum ekki falla í þá gildru að vanmeta Haukana enda sýndu þeir gegn okkur um daginn að þeir geta bitið frá sér. Þeir berjast grimmilega og við verðum að vera tilbúnir að mæta þeim af fullum krafti," sagði Dahl-Nielsen, en allar helstu stjörnur Flensburgar koma með til landsins að Alexander Petersson undanskildum sem er meiddur.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

KR-Grindavík 82-80 (45-39)

**Stig KR:** Jón Arnór Stefánsson 25, Jason Dourisseau 17, Jakob Örn Sigurðarson 14, Fannar Ólafsson 8, Darri Hilmarsson 8, Pálmi Sigurgeirsson 6, Skarphéðinn Ingason 2, Helgi Magnússon 2.

**Stig Grindavíkur:** Þorleifur Ólafsson 26, Brenton Birmingham 19, Páll Axel Vilbergsson 12, Páll Kristinsson 9, Guðlaugur Eyjólfsson 6, Helgi Jónas Guðfinnsson 3, Nökkvi Jónsson 3, Davíð Hermannsson 2.

Keflavík-FSu 99-90 (86-86)(42-45)

**Stig Keflavíkur:** Hörður Axel Vilhjálmsson 24, Sigurður Þorsteinsson 21, Gunnar Einarsson 15, Jón Hafsteinsson 13, Sverrir Sverrisson 10, Vilhjálmur Steinarsson 9, Gunnar Stefánsson 3, Axel Margeirsson 2, Elvar Sigurjónsson 2.

**Stig FSu:** Thomas Viglianco 21, Tyler Dunaway 20, Árni Ragnarsson 19, Vésteinn Sveinsson 17, Björgvin Valentínusson 8, Daði Grétarsson 3, Nicholas Mabbutt 2.

Þór-Stjarnan 99-89 (43-44)

**Stig Þórs:** Cedric Isom 32, Jón Kristjánsson 22, Guðmundur Jónsson 16, Hrafn Jóhannesson 14, Óðinn Ásgeirsson 9 (14 fráköst), B. Jónasson 6.

**Stig Stjörnunnar:** Jovan Zdravevski 25, Justin Shouse 18, Kjartan Kjartansson 16, Fannar Helgason 8, Guðjón Lárusson 7, Ólafur Sigurðsson 6, Birkir Guðlaugsson 5, Hilmar Geirsson 2, Hjörleifur Sumarliðason 2.

### *N1-deild karla*

Fram-Akureyri 28-33 (13-16)

**Mörk Fram (skot):** Andri Berg Haraldsson 9 (16), Rúnar Kárason 9/1 (19/1), Stefán Baldvin Stefánsson 4 (5), Guðjón Finnur Drengsson 3 (3), Magnús Einarsson 1 (1), Brjánn Guðni Brjánsson 1 (2), Haraldur Þorvarðarson 1 (3), Halldór Jóhann Sigfússon (1),Magnús Stefánsson (7)

**Varin skot:** Magnús G. Erlendsson 8/1 (24/2 33,3%), Davíð Svansson 10 (27/1 37%)

**Hraðaupplaup:** 9 (Rúnar 3, Stefán 2, Guðjón 2, Brjánn, Andri)

**Fiskuð víti:** 1 (Brjánn)

**Utan vallar:** 8 mínútur

**Mörk Akureyrar (skot):** Oddur Grétarsson 7 (10), Andri Snær Stefánsson 6 (10), Jónatan Þór Magnússon 5 (10), Anton Rúnarsson 5 (11), Árni Þór Sigtryggsson 4/2 (11/3), Þorvaldur Þorvaldsson 2 (2), Hreinn Þór Hauksson 2 (2), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (3), Heiðar Þór Aðalsteinsson (1)

**Varin skot:** Hafþór Einarsson 19 (47/1 40,4%)

**Hraðaupplaup:** 7 (Oddur 4, Hreinn 2, Þorvaldur)

**Fiskuð víti:** 3 (Þorvaldur 2, Hörður)

**Utan vallar:** 10 mínútur

Víkingur-Stjarnan 29-29

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. FH** | **7** | **4** | **2** | **1** | **+9** | **10** |
| 2. Akureyri | 7 | 5 | 0 | 2 | +10 | 10 |
| **3. Valur** | **6** | **3** | **2** | **1** | **+23** | **8** |
| 4. Fram | 6 | 3 | 1 | 2 | +4 | 7 |
| **5. HK** | **6** | **3** | **0** | **3** | **-10** | **6** |
| 6. Haukar | 7 | 3 | 0 | 4 | +8 | 6 |
| **7. Stjarnan** | **6** | **1** | **2** | **3** | **-11** | **4** |
| 8. Víkingur | 7 | 0 | 1 | 6 | -33 | 1 |

### *Evrópukeppni félagsliða*

Manchester City-Twente 3-2

1-0 Shaun Wright-Phillips (2.), 1-1 Eljero Ella (17.), 2-1 Robinho (57.), 3-1 Benjani (62.), 3-2 Rob Wielaert (65.).

Stuttgart-Partizan Belgrade 2-0

1-0 Mario Gomez (77.), 2-0 Mario Gomez (80.).

Standard Liege-Sevilla 1-0

1-0 Deludonne Mkokani (38.).

Spartak Moskva-Udinese 1-2

0-1 Fabio Quagliarella (12.), 1-1 Clemente Rodriguez (17.), 1-2 Fabio Quagliarella (60.).

Tottenham-Dinamo Zagreb 4-0

1-0 Darren Bent (30.), 2-0 Darren Bent (33.), 3-0 Tom Huddlestone (59.), 4-0 Darren Bent (69.).

AC Milan-Braga 1-0

1-0 Ronaldinho (90.).

Slavia Prague-Aston Villa 0-1

0-1 John Carew (26.).

# KR vann uppgjör toppliðanna

**KR-ingar sitja nú einir á toppi Iceland Express-deildar karla eftir sigur á Grindavík, 82-80, í uppgjöri ósigruðu toppliðanna í gærkvöldi. Grindavík var nærri því að stela sigrinum í blálokin en allt kom fyrir ekki.**

**KÖRFUBOLTI** Menn spyrja sig eflaust að því hvort KR fari ósigrað í gegnum Íslandsmótið eftir nauman, en samt nokkuð sannfærandi sigur á Grindavík í gær. KR er eitt á toppnum og fátt sem bendir til að liðið muni hreinlega tapa leik í vetur.

Það gekk ekki þrautalaust að koma leiknum í gang í gær. Vallarklukkan bilaði og leikurinn byrjaði því tæpum klukkutíma eftir að hann átti að hefjast.

Það var því leikið við fremur frumstæðar aðstæður. Stigatöflur borðtennisdeildar KR voru rifnar fram, vallarþulurinn taldi niður skotklukkuna sem leiddi til þess að áhorfendur gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að trufla talninguna. Nýjar skotklukkur komust í húsið fyrir hálfleik og það lagaði ástandið aðeins.

Það var engu líkara en seinkunin hefði svæft leikmenn sem og áhorfendur því frekar lítið púður var í öllu framan af. KR-ingarnir reyndu að keyra upp hraðann með misjöfnum árangri. Þeir voru ákaflega grimmir undir körfunni og tóku fjölda sóknarfrákasta.

Lokin á fyrsta leikhluta voru þeim þó dýr því Brenton skoraði þriggja stiga körfu og fékk villu í kjölfarið. Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, fékk síðan dæmda á sig tæknivillu og Grindavík leiddi 21-23 eftir fyrsta leikhluta.



**RÁÐALEYSI** KR-ingar lentu í tómu tjóni með leikklukkuna í DHL-höllinni í gær og talsverð seinkun varð á leiknum af þeim sökum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Á FLUGI** Jón Arnór Stefánsson fór fyrir sínum mönnum í KR og skoraði 25 stig í fræknum 82-80 sigri gegn Grindavík í toppslag Iceland Express-deildar karla í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KR-ingar hresstust heldur í öðrum leikhluta og Jón Arnór fór mikinn en hann skoraði 16 stig í hálfleiknum og þar af þrjár þriggja stiga körfur. KR gekk vel að stöðva Pál Axel sem hefur verið óstöðvandi í upphafi leiktíðar. Hann skoraði aðeins fimm stig í fyrri hálfleik en Brenton var sterkur með tólf stig og Þorleifur setti niður þrjár þriggja stiga körfur. KR var engu að síður með yfirhöndina í leikhléi, 45-39.

Jakob Örn Sigurðarson fór algjörlega hamförum í liði KR í þriðja leikhluta. Ef ekki hefði verið fyrir góðan leik Þorleifs hefði KR stungið af snemma í leikhlutanum. Það háði þó Grindavík að Þorleifur fór af velli, sjóðheitur, með fjórar villur en sneri síðar aftur aðeins kaldari.

KR-liðið spilaði frábæra vörn í leikhlutanum og hröðu upphlaupin voru vel útfærð og það skilaði þeim 17 stiga forystu fyrir síðasta leikhlutann, 71-55.

Grindvíkingar lögðu ekki árar í bát heldur mættu geysigrimmir í síðasta leikhlutann og minnkuðu muninn fljótlega í átta stig, 74-66. KR hélt muninum í kringum tíu stigin en Grindavík sótti verulega að KR þegar nær dró endalokunum. Munurinn var þrjú stig, 80-77, þegar lítið var eftir en Jón Arnór kláraði leikinn með góðri körfu þegar 17 sekúndur lifðu leiks. Grindavík grætur væntanlega ein fimm víti sem fóru forgörðum á lokamínútunum en KR vann með tveim stigum, 82-80.

„Töfin á leiknum hafði smá áhrif og leikurinn náði kannski ekki því risi sem búist var við. Mér fannst við leiða leikinn vel en Grindavík setti niður erfiða þrista til að hanga inni," sagði Benedikt Guðmundsson og hrósaði andstæðingum sínum í hástert.

„Ég er ánægðastur með að halda liði sem skorar 110-112 stig að meðaltali í leik í 80 stigum."

KR er því ósigrað en telur Benedikt það vera raunhæft markmið að KR fari ósigrað í gegnum mótið? „Það er allt hægt og við stefnum á að vinna alla leiki."

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, var svekktur en samt ánægður með sitt lið.

„Ég er auðvitað hundsvekktur. Við misstum þá of langt fram úr okkur en ég er ánægður með karakterinn sem liðið sýnir með því að koma til baka. Vítin voru afar dýr hjá okkur. Annars var margt jákvætt og við tökum þá næst," sagði Friðrik. **henry@frettabladid.is**

Framarar áttu engin svör gegn sterkum norðanmönnum í N1-deild karla í handbolta í gærkvöldi:

# Akureyri með fimmta sigurinn í röð

**HANDBOLTI** Akureyri náði FH að stigum á toppi N1-deildarinnar í handbolta þegar liðið sigraði Fram örugglega, 28-33, í Safamýrinni. Akureyri hefur nú unnið fimm leiki í röð og virkar afar sterkt.

Akureyri var þremur mörkum yfir, 13-16, eftir sveiflukenndan fyrri hálfleik en það var í upphafi síðari hálfleiks þar sem leiðir skildu. Akureyri skoraði fjögur fyrstu mörkin og náði sjö marka forystu, 13-20.

Framarar náðu að minnka muninn í fjögur mörk en áttu fá svör við góðum leik Akureyringa og var sóknarleikur Fram sérstaklega einhæfur og slakur.

Fram er sem fyrr í fjórða sæti, nú þremur stigum á eftir efstu liðum en á einn leik til góða.

„Það hlýtur að vera af því að Fram spilar svo illa," sagði glaðbeittur þjálfari Akureyrar, Rúnar Sigtryggsson, í leikslok um sigurinn.

„Sóknarleikurinn var góður í kvöld en varnarleikurinn hefur verið betri og Hafþór hefur verið betri, en það er gott þegar einn tekur við af öðrum og sem heild þá bætum við hver annan upp.

„Leikmenn eru að gefa sig alla í þetta og uppskera eftir því. Ég er með hóp af góðum karakterum og það er alveg ótrúlegt hvað þeir eru samviskusamir, duglegir og þolinmóðir að halda línunni. Ég er ekki með bestu einstaklinga í heimi en með mjög skemmtilegt lið."

Leikgleði einkennir leik Akureyrar og er mikil stemning í liðinu og hverju marki fagnað af innlifun. Sömu gleði var ekki að finna hjá Fram en miklu munaði um að markverðir liðanna náðu sér engan veginn á strik frekar en flestir aðrir leikmenn.

„Það hefur verið stemning í liðinu síðan í haust. Menn hafa haft gaman af þessu. Við töpuðum tveim fyrstu leikjunum en menn héldu haus og það er það sem skiptir máli. Það hefði verið auðvelt að brotna," sagði Rúnar en Akureyri hefur unnið fimm leiki í röð í deildinni og sex ef bikarinn er talinn með.

Viggó Sigurðsson, þjálfari Fram, vildi ekki ræða við Fréttablaðið frekar en fyrri daginn. **- gmi**



**FRÁBÆR** Oddur Grétarsson skorar eitt af sjö mörkum sínum gegn Fram í Safamýrinni í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# NÝ ÍSLENSK TÓNLIST Í SKÍFUNNI!




DVD
CD

## BUBBI ÁRITAR OG TEKUR LAGIÐ Í KRINGLUNNI KL. 17:00

Bubbi Morthens
og Stórsveit Reykjavíkur




Sprengjuhöllin
Bestu kveðjur



Lay Low
Farewell Good Night´s Sleep



Guðrún Gunnars
Umvafin englum




Baggalútur
Nýjasta nýtt

## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM MESTA ÚRVAL LANDSINS AF ÍSLENSKRI TÓNLIST

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf

Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is



> Aaron Eckhart

„Ég veit að konur geta verið jafn grimmar og menn en menn geta líka sýnt sömu blíðu og konur. Þetta er aðeins spurning um áherslur.“ Echart leikur í myndinni Thank You for Smoking sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON HREIFST AF MCCAIN

# Sigurræða hins bugaða

Á þriðjudaginn lá heimsbyggðin á bæn. Í það minnsta margir í Miðausturlöndum og þó nokkrir á Vesturlöndum. Þá lauk kosningabaráttu þeirra Johns McCain og Baracks Obama. Og fyrir átti að liggja hver yrði næsti forseti Bandaríkjanna. Átta árum undir stjórn George W. Bush var brátt að ljúka og heimurinn batt vonir við að hinn skeleggi ræðusnillingur Obama yrði fyrir valinu. Að Bandaríkjamenn myndu reka af sér slyðruorðið sem asnar og kjósa einhvern vitiborinn einstakling. Sem gæti frelsað heiminn undan heimslögreglustjórn W.

Og jarðarbúar fengu svo sannarlega það sem þeir vildu. Blökkumaðurinn Barack kom sá og sigraði. Með miklum yfirburðum. Sigurræða hans kallaði fram tár á hvarmi þeirra sem hlýddu enda verður það ekki tekið af hinum verðandi forseta að hann kann að koma orði fyrir sig. Milljónir hylltu Barack og fjölskyldu hans þar sem hún stóð sigureif á sviðinu í Chicago.

Öllu minni athygli fékk ræða Johns McCain þegar hann neyddist til að játa sig sigraðan. Sem betur fer varð þó Sarah Palin ekki varaforseti. Hún hefði verið skelfileg í því embætti. En einhvern veginn læðist að mér sá grunur að McCain hefði bara orðið ágætur forseti. Hreinlega engu verri en Barack. Í það minnsta benti síðasta ræða hans til þess að þar væri á ferðinni maður eldri en tvævetra. Reglan er nefnilega yfirleitt sú að menn sýna sinn innri mann þegar þeir eru sigraðir. Og maður sem þurfti að húka í fangabúðum Víetnama í nokkur ár sýpur væntanlega ekki hveljur yfir tapi þótt stuðningsmenn hans geri það.



**JOHN MCCAIN** Hefði örugglega orðið ágætisforseti enda sýndi hann það og sannaði að hann kann að tapa.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Logi í beinni — STÖÐ 2



▶ **20.45** Skins — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Singing Bee — SKJÁREINN



▶ **22.00** Crank — STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.50** Wallander (Bragðarefur) — SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)
**16.35 Leiðarljós**(Guiding Light)
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (59:65)
**17.47 Músahús Mikka** (29:55)
**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (27:41)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Að þessu sinni eigast við lið Mosfellsbæjar og Árborgar. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
**21.15 Klikkuð ást** (Mad Love) Bandarísk bíómynd frá 1995. Casey og Matt eru ástfangnir unglingar. Eftir að þau strjúka að heiman láta foreldrar Casey loka hana inni á geðspítala. Aðalhlutverk: Chris O'Donnell, Drew Barrymore, Matthew Lillard og Joan Allen.
▶**22.50 Wallander – Bragðarefur** (Wallander: Mastermind) Sænsk sakamálamynd frá 2005. Kurt Wallander, rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni, glímir við erfitt sakamál. Aðalhlutverk: Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace.
**00.30 Draugaskip** (Ghost Ship) Bandarísk spennumynd frá 2002. Áhöfn björgunarskips finnur löngu týnt farþegaskip á reki í Beringshafi. Þegar reynt er að draga skipið til lands taka undarlegir atburðir að gerast. Aðalhlutverk: Gabriel Byrne og Julianna Margulies. (e)
**02.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Wall Street**
**10.05 Draumalandið**
**12.00 Prime**
**14.00 Wall Street**
**16.05 Draumalandið**
**18.00 Home for the Holidays**
**20.00 Prime**
▶**22.00 Crank** Spennumynd með Jason Statham, Amy Smart og Efren Ramirez í aðalhlutverkum.
**00.00 Transporter 2**
**02.00 Mean Creek**
**04.00 Crank**
**06.00 Man About Town**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (187:300)
**10.20 Grey's Anatomy** (32:36)
**11.15 Hell's Kitchen** (5:11)
**12.00 Grey's Anatomy** (5:25)
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (67:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (68:114)
**14.45 Meistarinn** (6:15)
**15.35 Bestu Strákarnir** (16:50)
**16.00 A.T.O.M.**
**16.23 Bratz**
**16.48 Nornafélagið**
**17.08 Dexter's Laboratory**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.35 The Simpsons** (13:20)
▶**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
**20.40 Wipeout** (1:11)
**21.25 Thank You for Smoking** Nick Naylor er talsmaður fyrir tóbaksfyrirtækin og einstaklega fær í að snúa á andstæðinga sína í rökræðum. Meðal leikenda eru Aaron Eckhart, Maria Bello, Adam Brody, William H. Macy, Robert Duvall og Rob Lowe.
**22.55 White Palace** Max Baron hefur náð miklum frama í auglýsingabransanum en er nýbúinn missa eiginkonu sínu og því óhamingjusamur. Þegar hann kynnist gengilbeinunni Noru Baker sem er 16 árum eldri, verður hann ástfanginn en þau eiga fátt sem ekkert sameiginlegt.
**00.35 Single White Female 2**
**02.05 Con Games**
**03.35 Big Shot: Confession of a Campus Bookie**
**05.05 The Simpsons** (13:20)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 UEFA Cup** Tottenham - Dinamo Zagreb
**16.05 UEFA Cup** Tottenham - Dinamo Zagreb
**17.45 Inside the PGA**
**18.10 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
**19.00 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.
**19.30 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**20.00 Spænski boltinn**
**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**21.00 24/7 Calzaghe - Roy Jones jr.** Fylgst með undirbúningi Joe Calzaghe og Roy Jones jr. fyrir bardagann mikla.
**21.30 24/7 Calzaghe - Roy Jones jr.**
**22.00 24/7 Calzaghe - Roy Jones jr.**
**22.30 Ultimate Fighter**
**23.15 UFC Unleashed**
**00.00 World Series of Poker 2008**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland.
**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og Hull í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.20 PL Classic Matches** Blackburn - Leeds, 1997.
**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Game tíví** (9:15) (e)
**09.15 Vörutorg**
**10.15 Óstöðvandi tónlist**
**17.35 Vörutorg**
**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**19.20 Friday Night Lights** (8:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Julie er að falla fyrir nýja kennaranum og ástarmálin flækjast fyrir Matt á meðan samviskan nagar Landry. (e)
**20.10 Charmed** (8:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Heillanornirnar fá sitt fyrsta verkefni fyrir heimavarnarráðið þegar þeim er falið að skoða gömul og óleyst mál. Phoebe og Billie finna belti sem veitir Billie ofurkrafta.
▶**21.00 Singing Bee** (8:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina. Að þessu sinni mæta til leiks starfsfólk Domin-os og McDonalds.
**22.00 Law & Order** (7:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York.
**22.50 In Plain Sight** (7:12) (e)
**23.40 America's Funniest Home Videos** (20:42) (e)
**00.05 America's Funniest Home Videos** (21:42) (e)
**00.30 A Crime of Passion** (e)
**02.00 Jay Leno** (e)
**02.45 Vörutorg**
**03.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40
### Wipeout – nýtt



Fyrsti þátturinn af hinum hörkuspennandi og bráðskemmtilega raunveruleikaþætti þar sem 24 keppendur berjast hver við annan og klukkuna til að vera fyrstir til að komast í gegnum erfiðar þrautir og í fjögurra manna úrslit með það að markmiði að vinna sér inn 50 þúsund dollar. Þeir fjórir einstaklingar sem komast í undanúrslit hverju sinni þurfa svo að fara í gegnum lokabrautina þar sem einungis hinir allra hraustustu og fimustu munu eiga einhvern möguleika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Prime
### Stöð 2 bíó kl. 20.00

Rómantísk gamanmynd með Meryl Streep og Umu Thurman í aðalhlutverkum. Tískuljósmyndarinn Rafi verður ástfangin af sér mun yngri manni og kynnist nú í fyrsta sinn ástinni eins og hana hafði alltaf dreymt um. Það sem hún veit ekki er að ungi maðurinn er sonur sálfræðingsins hennar en það á eftir að flækja málin töluvert.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (54:260)
**16.30 Hollyoaks** (55:260)
**17.00 Ally McBeal** (20:23)
**17.45 Skins** (10:10)
**18.30 Happy Hour** (13:13)
**19.00 Hollyoaks** (54:260)
**19.30 Hollyoaks** (55:260)
**20.00 Ally McBeal** (20:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

▶**20.45 Skins** (10:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

**21.30 Happy Hour** (13:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.

**22.00 Prison Break** (6:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.

**22.45 My Bare Lady** (1:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi. Nú þurfa þær að sanna það sem þær hafa hingað til haldið fram, að þeirra leikur sé ekki síðri en annarra.

**23.30 Twenty Four 3** (24:24)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Raunveruleikasjónvarp þar sem konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkona er Ásdís Olsen.

**21.00 Vitleysan** Grínistarnir Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson láta gamminn geisa.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Hvor er vi landet? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Niels Hausgaard Show 2008 **20.00** TV Avisen **20.30** Reimers **21.10** Gladiator **23.35** Blacklistet

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Megafon **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fragglene **17.25** Jack og Pedro **17.35** Pip **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Si at du elsker meg **23.15** Mamma Mia - for en kveld! **00.20** Kulturnytt

## SVT 1

**11.05** Debatt **12.40** Carin 21.30 **13.10** Svensson, Svensson **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Robins **20.30** ...och så kom Polly **22.00** Morgonsoffan **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Malibu's Most Wanted **00.10** Sändningar från SVT24




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég er rosalega hrifin af Ban-Thai. Þar er æðislega góður og frumlegur taílenskur matur. Ég fæ mér oft tígrisrækjur í hvítlauk og chili sem eru alveg geðveikar.“*

Ásta Kristjánsdóttir í Eskimó.

# Ármann með pálmann í höndunum

„Ég mun lesa upp vinjettur fyrir utan veitingastað Frikka Weiss fyrir gesti og gangandi. Til þess að undirstrika þjóðernið verð ég klæddur í handprjónaða lopapeysu og það í fyrsta skipti í útlöndum,“ segir fagurkerinn og rithöfundurinn Ármann Reynisson. Hann mun dvelja í Kaupmannahöfn frá 7. til 17. þessa mánaðar við kynningu á Vestnorrænu vinjettunum sínum.

Ýmsar sögusagnir eru um að Íslendingar séu hreinlega atyrtir vegna þjóðernis síns í tengslum við bankahrunið. Ármann, reynslunnar smiður, ætlar hins vegar upp gegn ofeflinu. „Íslendingar eiga að vera stoltir að þjóðerni sínu þótt móti blási um hríð – ekki vera hræddir og villa á sér heimildir eins og mér skilst að margur landinn geri um þessar mundir. Betra er að fá kinnhest heldur en sigla undir fölsku flaggi. Hef þá trú að mér verði vel tekið.“

Ármann mun verða staddur á og við kaffihús Friðriks Weisshappel, Laundromat Café í Kaupmannahöfn, 11. þessa mánaðar og fá gestir notið nærveru hans á milli klukkan 12.00 og 12.45. Frá þessu greinir í fréttatilkynningu sem Max Dager, stjórnanda Norræna hússins í Vatnsmýrinni, sem hefur nú verið send til allra helstu fjölmiðla á Norðurlöndum.

Fréttablaðið hefur þegar greint frá merkri útgáfu á verkum Ármanns Reynissonar þar sem hann varpar ljósi á vestnorræna menningu með útgáfu vinjetta sinna á fjórum tungumálum: dönsku, færeysku, grænlensku og íslensku. Nú er kominn tími til að fylgja verkinu eftir. Fréttatilkynningin er forvitnileg en þar segir að Ármann, sem nam hagfræði við London School of Economics, hafi verið áberandi persóna í fjármálalífi Íslands á 9. áratug síðustu aldar, en nánast á einni nóttu varð hann ofsóttur, dreginn fyrir rétt og fangelsaður. En hann sneri baki við lífi vellystinga, hóf að hugleiða, leita til náttúrunnar og fór að skrifa. Núna eru fyrrverandi félagar hans í fjármála- og viðskiptalífinu enn að hlaupa á veggi meðan Ármann gefur út sögur sínar – reynslunni ríkari.

- jbg



**FRIÐRIK WEISSHAPPEL** Ármann mun lesa upp úr nýrri vinjettubók sinni fyrir utan kaffihús Friðriks 11. þessa mánaðar.



**ÁRMANN REYNISSON** Mun fyrsta sinni klæðast íslenskri lopapeysu á erlendri grundu enda skammast hann sín ekki fyrir uppruna sinn.



**LÁRÉTT**
**2.** viðlag, **6.** frá, **8.** að, **9.** slagbrandur, **11.** þurrka út, **12.** setis, **14.** sýna elliglöp, **16.** verslun, **17.** skjön, **18.** eyrir, **20.** grískur bókstafur, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afturendi, **3.** tveir eins, **4.** skipafélag, **5.** skáhalli, **7.** viðriðinn, **10.** svif, **13.** angan, **15.** heimsálfu, **16.** hryggur, **19.** guð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** af, **8.** til, **9.** slá, **11.** má, **12.** sætis, **14.** kalka, **16.** bt, **17.** mis, **18.** aur, **20.** pí, **21.** krap. **LÓÐRÉTT: 1.** rass, **3.** tt, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** flæktur, **10.** áta, **13.** ilm, **15.** asíu, **16.** bak, **19.** ra.

**VEISTU SVARIÐ?**
Svör við spurningum á síðu 8

1. Árni Þór Sigurðsson
2. Kjartan Ólafsson
3. Úlfar Þormóðsson






## MANÚELA ÓSK: SENDIHERRA BÓKALESTURS Í BOLTON

# Manúela Ósk og Grétar Rafn gefa hundrað bækur

Manúela Ósk Harðardóttir og eiginmaður hennar, knattspyrnukappinn Grétar Rafn Steinsson, hafa tekið höndum saman við Starbucks-kaffihúsakeðjuna í Bolton. Þau ætla að leggja sitt á vogarskálarnar til þess að börnin í borginni fái bækur til að lesa. Hefur Manúela verið útnefnd sérstakur sendiherra þessa verkefnis. Haft er eftir verslunarstjóra Starbucks, Jane Delvard, í The Bolton News að stuðningur íslensku hjónanna eigi eftir að gera mikið fyrir verkefnið.

Manúela sagðist í samtali við Fréttablaðið vera ákaflega spennt fyrir því að leggja þessu góða málefni lið. „Nýverið var dagur bókarinnar hérna í Bolton. Og þá áttu börnin að koma með uppáhaldsbókina sína í skólann. Hins vegar var ástandið á sumum heimilum svo slæmt að mörg hver mættu bara með vörulista,“ segir Manúela sem fannst þetta heldur sorgleg staðreynd. Hún var því meira en lítið fús til að leggja sitt af mörkum til að safna bókum handa börnunum og gera þær aðgengilegar í skólabókasöfnum borgarinnar. Takmarkið er, samkvæmt The Bolton News, þúsund barnabækur og lögðu Manúela og Grétar sitt af mörkum. Gáfu sjálf hundrað bækur til verkefnisins.

Manúela segist reyndar hafa tekið þessu fegins hendi og var bara glöð yfir því að fá eitthvað að gera. Hún áréttar reyndar að þetta sé þó ekki fullt starf heldur sé sendiherratitillinn meira að nafninu til. „Við Grétar urðum bara ásátt um að taka þátt í svona hlutum hérna úti í Bolton, alveg eins og við myndum gera heima,“ útskýrir Manúela en til að kynna verkefnið enn frekar munu þau hjónakornin kveikja á jólaljósum í aðalverslunarkjarna Bolton. Síðan munu bókakassar liggja fyrir í verslun Starbucks þar sem fólk getur komið með barnabækurnar sínar og gefið verkefninu.

freyrgigja@frettabladid.is



**GÁFU HUNDRAÐ BÆKUR** Manúela og Grétar Rafn ásamt verslunarstjóra Starbucks, Jane Delvard, og þeim Callum Armstrong og Oliviu Ramsd. MYND/THEBOLTONNEWS.CO.UK






**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Tíminn líður og nú stendur fyrir dyrum afmælisfagnaður þeirrar sögufrægu búllu Kaffibarsins. Fimmtán ár eru frá því til barsins var stofnað og verður fagnaðurinn haldinn 4. desember og ætla plötusnúðarnir Gullfoss og Geysir, þeir **Jóhannes B. Bjarnason** og **Reynir Lyngdal**, sem hafa verið virkir gestir staðarins frá upphafi, að leika tónlist fyrir þá sem mæta.



**Jóhannes Ásbjörnsson**, betur þekktur sem Simma&Jóa-Jói, er einn þeirra sem sluppu við uppsögn í Landsbankanum. Hann hefur starfað um hríð í markaðsdeild bankans sem var skorin niður um helming í uppsögnum. Má reyndar velta fyrir sér hvort ríkisbanki þurfi á markaðsdeild að halda en á móti kemur að kannski þarf bankinn nú sem aldrei fyrr á jákvæðu umtali að halda.



Og meira af Jóhannesi og félaga hans **Sigmari Vilhjálmssyni**. Þeir eru enn sem fyrr eftirsóttir veislustjórar auk þess að halda úti morgunþætti Bylgjunnar á laugardagsmorgnum við góðan orðstír. Þeir leggja, öfugt við ýmsa útvarpsmenn, mikla vinnu í þáttagerðina og eru nú búnir að grafa upp að **Bjarni Ármannsson** athafnamaður keppti nýverið í maraþonhlaupi í Amsterdam. Sem kannski er ekki í frásögur færandi því Bjarni er þekktur fyrir skokkhneigð sína nema í hlaupinu var Bjarni skráður sem Norðmaður og ætla þeir félagar að freista þess að ná tali af Bjarna og spyrja hverju sæti. Á dv.is mátti reyndar sjá í gær að blaðamenn þar voru komnir á sömu slóð en þar kemur fram að Bjarni kláraði maraþonið á þremur klukkustundum og átján mínútum og varð númer 731 af um sex þúsund keppendum.

- jbg



# Fær sigurlaunin ekki greidd

Leikstjórinn Grímur Hákonarson sem vann nýverið tvenn verðlaun á erlendum hátíðum fyrir stuttmyndina Bræðrabylta hefur enn ekki fengið greidd sigurlaunin. Nema þau tveimur þúsund evrum, eða rúmum 300 þúsund krónum, og kennir Grímur efnahagsástandinu um.

„Allar þessar greiðslur að utan hverfa. Þær berast ekkert á rétta staði,“ segir Grímur, sem býst þó við því að fá peninginn fljótlega, enda aðeins vika síðan hann vann síðustu verðlaunin. Um er að ræða kvikmyndahátíðir samkynhneigðra í Kaupmannahöfn og Barcelona.

Einnig hefur Grímur átt í erfiðleikum með að fá borgað fyrir sölu sína á Bræðrabyltu víða erlendis. Myndin hefur farið á hátt í 140 kvikmyndahátíðir undanfarin misseri, auk þess sem fjölmargar sjónvarpsstöðvar hafa tekið hana til sýninga.

Sjálfur segist Grímur hættur að ferðast út til að fylgja myndinni eftir og nú síðast hafnaði hann boði um að fara til Suður-Kóreu vegna efnahagskreppunnar. „Það átti að borga undir mig en ég treysti mér ekki alveg til að fara út af ástandinu.“

Grímur telur þó að kreppan geti leitt góða hluti af sér fyrir listamenn. „Þá byrja menn að gera myndir út frá öðrum forsendum og öðrum viðmiðum. Á hverjum einasta degi eru viðfangsefni, sem eru frábær í bíómynd, að koma fram á sjónarsviðið í fjölmiðlum. Þetta er endalaust fyrir listamenn að vinna úr.“

Fyrsta kvikmynd hans í fullri lengd, Sumarlandið, er fyrirhuguð í framleiðslu á næsta ári. „Þetta er dæmisaga sem á dálítið við um þetta hugarfar sem var í gangi á Íslandi síðustu fimm árin, að taka skammtímagróðann fram yfir hin andlegu gildi,“ segir hann um söguþráðinn.

- fb



**GRÍMUR HÁKONARSON** Grímur hefur átt í erfiðleikum með að fá greitt fyrir stuttmynd sína, Bræðrabyltu.






Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola, 33 cl
59,-
179
SALERNISPAPPÍR
• 8 rúllur
• Miljø-spar
199
pr. stk
SAMLOKUR OG LANGLOKUR
•Samlokur og langlokur fást alla daga á aðeins kr 199 pr. stk.
299
PIPARKÖKUR
•400 gr
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
49
DIET COKE
•33cl
99 KR PR LÍTER
396
RÚÐUVÖKVI - 4 LTR
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
VERÐ ÁÐUR: KR 1198
599
PEDIGREE HUNDAMATUR
•Puppy
•8 x 150 gr
VERÐ ÁÐUR: KR 1198
599
PEDIGREE HUNDAMATUR
•Adult, small dogs
•8 x 150 gr
5990
KULDAGALLI
•Rauður og blár
•S-XXL
1,5 ltr
179
APPELSÍNUSAFI
•100% hreinn safi
•1,5 ltr
3 í pk
199
TWIX
•3 x 2 stk
VERÐ ÁÐUR: KR 179
89
PEDIGREE HUNDAMATUR
•Adult
•300 gr
299
SPRITTKERTI
•100 stk
50% AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR UM HELGINA
www.europris.is
Opið frá kl. 10 til 19 á virkum dögum og frá kl. 10 til 18 um helgar
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Þórgunnar Oddsdóttur


## Litlir kassar

Einhvern tíma las ég að ástæða þess að allar flugstöðvar í heiminum eru nánast eins væri sú að fólki ætti að líða eins og það kannaðist við sig án þess þó að finnast það vera heima hjá sér. Umhverfið mætti sum sé hvorki vera of heimilislegt né of framandi. Það sama á við um verslana- og veitingahúsakeðjur. Engu skiptir hvort þú rambar inn á McDonalds í Reykjavík eða í Shanghai. Innréttingarnar eru þær sömu og bragðið af matnum eins. Í því felst ákveðin öryggistilfinning en þú veist líka að þig langar ekkert að hanga á McDonalds lengur en tekur að sporðrenna einum hamborgara.

**Á** sólríkum sumardegi í byrjun ágúst steig ég fæti inn í skemmtilega vegasjoppu á Skriðulandi í Dölum. Ekki man ég hvað ég var að kaupa en ég man að ég fékk þessa notalegu tilfinningu sem hellist stundum yfir mig í litlum verslunum þar sem öllu ægir saman og meira er lagt upp úr þjónustu og vöruúrvali en heildarútliti og hönnun. Veðurfréttirnar ómuðu í útvarpinu og mér finnst eins og konan á bak við afgreiðsluborðið hafi prjónað leista í rólegheitum meðan ég svipaðist um í búðinni sem er í senn veitingastaður, bensínstöð og verslun. Þarna var allt til líkt og í kaupfélaginu í Búðardal sem ég hafði heimsótt daginn áður. Grænar baunir í dós, litabók og litir, súpukjöt, tindar í snúningsþyrlu, túrtappar, ljósaperur, bollastell, baggaplast og bleiur. Ég ætlaði aldrei að koma mér út í bíl aftur.

**SEM** áhugamaður um staði sem þessa var ég nokkuð spennt að fá mér hressingu í glænýjum Staðarskála á leið minni milli Reykjavíkur og Akureyrar í vikunni. Vonbrigðin voru nokkur. Vitanlega er skálinn ósköp snyrtilegur, stílhreinn og móðins. Þarna eru engar ósamstæðar innréttingar, ekkert illa lyktandi gólfteppi og engar seinni tíma viðbyggingar. Þess í stað sömu gólfflísarnar og alls staðar annars staðar, sömu stólarnir og sama vöruúrvalið og á bensínstöð í Ártúnsbrekkunni. Engir varahlutir í heyvinnuvélar, engin búsáhöld, engin málverk á veggjunum eftir færasta hobbímálara sveitarinnar og ekkert söluhorn með handverki húnvetnskra húsmæðra. Ekkert til að skoða.

**MÉR** varð hugsað til McDonalds. Staðarskáli virtist orðinn lítið annað en snyrtileg og karakterlaus umgjörð utan um tvær helstu frumþarfir mannsins, að borða og pissa. Þó allt væri nýtt var þar ekkert nýtt að sjá. Að minnsta kosti langaði mig ekki að staldra þar við stundinni lengur en tók að renna niður samloku og frönskum kartöflum með kokteilsósu.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 7. nóvember, 312. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.31 | 13.11 | 16.50 |
| Akureyri | 9.28 | 12.56 | 16.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


